


**skoðun** 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Markaðurinn
Allt
Poulsen








# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MIÐVIKUDAGUR

5. maí 2010 — 104. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## Hollur og hagkvæmur samgöngumáti

*Átaksverkefninu Hjólað í vinnuna hrundið af stað.*



**tímamót** 14

## Yfir í Kastljósið

*Útvarpskonan Margrét Erla Maack tekur við af Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur í Kastljósinu.*



**fólk** 26



## Haukar komnir í forystu

*Haukar tóku í gær 2-1 forystu í einvíginu gegn Val um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta.*

**íþróttir** 22

**veðrið í dag**




**HLÝTT Í VEÐRI** Í morgunsárið má búast við lítils háttar vætu V- og NV-til en það léttir heldur til er líður á daginn. Horfur eru á hægum SV- eða breytilegum áttum og hlýjast verður suðaustantil.

**veður** 4




# Bótasvikarar gripnir í bólinu á Facebook

**Fjöldi bótasvikamála þrefaldaðist eftir að Tryggingastofnun skar upp herör gegn svindli fyrir ári. Svæsnasta dæmið er foreldrar fimm barna sem fengu yfir sjö hundruð þúsund krónur á mánuði þar til þeir afhjúpuðu sig á Facebook.**

**TRYGGINGAMÁL** „Það er aldrei viðunandi að fólk misnoti velferðarkerfið og sérstaklega ekki á tímum sem þessum,“ segir Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, þar sem herör var skorin upp gegn bótasvindli.

Að sögn Sigríðar hefur fjöldi bótasvikamála þrefaldast frá því að Tryggingastofnun tók fyrir um ári upp stóraukið eftirlit með samkeyrslu gagna innan stofnunarinnar og athugunum starfsmanna.

Sigríður nefnir sem sérstaklega svæsið dæmi um bótasvindl tvær fimm barna fjölskyldur þar sem fjölskyldufeðurnir hafi skráð sig til málamynda utan heimilisins. Það hafi þeir gert til að fá aukinn barnalífeyri og meðlagsgreiðslur sem þeir sjálfir hafi síðan ekki endurgreitt eins og þeim bæri að gera.

„Okkar eftirlitsfólk fann aðra fjölskylduna inni á Facebook. Það er kona sem á fjögur börn með manninum og eitt með öðrum. Hún segir að maðurinn búi ekki hjá þeim en hann hjálpi þeim af og til. En svo fannst Facebook-síða þessarar konu þar sem hún var með „litla krílið“ eins og hún sagði í „mömmu og pabba rúmi“ og mynd af henni með barnið og sveran trúlofunarhring. Þá var hún spurð um þennan trúlofunarhring og þetta „rúm mömmu og pabba“. Við göngum svona langt,“ lýsir Sigríður.

Þessi fjölskylda fékk að sögn Sigríðar yfir 700 þúsund krónur á mánuði í bætur. Verulegan hluta þess hafi þau ekki átt rétt á að fá. „Þetta er algerlega óviðunandi. Við hundeltum þetta fólk og látum það ekki í friði,“ segir forstjóri TR sem kveður eftirlitsstarfinu fjötur um fót að mega ekki samkeyra gögn með gögnum annarra stofnana. „Við eigum í ákveðnum erfiðleikum en það er verið að vinna að lausn þeirra með félags- og tryggingamálaráðuneytinu og það er skilningur á þessu þar.“ **- gar**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**DULARFULLA KATTAHVARFIÐ** Fjórir kettir hurfu sporlaust á einni viku af heimili Kristínar Jónasdóttur og Frímanns Lúðvíkssonar Buch í Mosfellsbæ. Köttur hvarf á sama tíma frá nágrannakonu þeirra. Frímann telur víst að ókunnur dýraníðingur hafi unnið köttunum mein og óttast um þá þrjá ketti sem eftir eru á heimili hans. **Sjá síðu 4**

Tillaga um kjarabætur seðlabankastjórans verður líklega dregin til baka:

# Ólíklegt að laun Más hækki

**STJÓRNSÝSLA** Allt bendir til að tillaga um að Má Guðmundssyni seðlabankastjóra verði bætt upp kjararýrnun í kjölfar ákvörðunar kjararáðs verði dregin til baka.

„Ég geri ráð fyrir því. Ríkisstjórnin virðist mjög ákveðin í þessu máli,“ segir Lára V. Júlíusdóttir, formaður bankaráðs Seðlabankans. Tillagan, sem var borin upp á fimmtudag, féll í grýttan jarðveg í samfélaginu.

„Hlutirnir skerpast undir svona kringumstæðum. Uppi var ákveðin staða og ég taldi að mér bæri að fylgja tilteknum fyrirheitum sem voru gefin en svo hefur það breyst,“ segir Lára. **- bþs**




82 prestar og guðfræðingar:

# Samkynhneigð pör fái að giftast

**HJÚSKAPARLÖG** Ekkert er því til fyrirstöðu að prestum þjóðkirkjunnar verði heimilað að gefa saman samkynhneigð pör í hjónaband, að mati 82 presta, djákna og guðfræðinga sem skrifa undir grein um ein hjúskaparlög í blaðinu í dag.

Greinarhöfundar segja að það sé hlutverk biskups og kenningarnefndar að taka afstöðu til frumvarpsins um ein hjúskaparlög á Íslandi. Þeir minna á að sænska kirkjan hafi þegar samþykkt hjónaband samkynhneigðra.

„Við teljum mikilvægt að þjóðkirkjan fylgi því fordæmi, hafi áfram vígsluvald og stuðli þannig að áframhaldandi samfylgd kirkju og þjóðar í hjúskaparmálum.“

**- bs /** **sjá síðu 13**

Íslensk heimildarmynd:

# Osama í góðu yfirlæti í Íran

**FÓLK Osama bin Laden býr við góðan húsakost í Íran og er verndaður af írönskum stjórnvöldum. Hann er mikill áhugamaður um fálka en fálkasala er ein helsta tekjulind Al Kaída-samtakanna. Þetta fullyrðir Alan Parrot, aðalsöguhetjan í íslensku heimildarmyndinni Feathered Cocaine eftir þá Þorkel Harðarson og Örn Marinó Arnarson. Fréttastöðin Fox News fjallaði ítarlega um heimildarmyndina á vefsíðu sinni en meðal þeirra sem staðfesta sögu Parrots er fyrrum leyniþjónustumaðurinn Robert Baer sem persóna George Clooney í kvikmyndinni Syriana var byggð á.**



OSAMA BIN LADEN

**- fgg /** **sjá síðu 18**




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

**SPURNING DAGSINS**



*Tómas, yrði ísbjörninn ekki bara skotinn í Húsdýragarðinum?*

„Eru ekki allir skotnir í Húsdýragarðinum?“

Forsvarsmenn Fjölskyldu- og húsdýragarðsins taka alls ekki illa í hugmyndir Besta flokksins um að koma fyrir ísbirni í garðinum. Tómas Óskar Guðjónsson er forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

ASÍ og SA vilja að sérstök nefnd rannsaki samskipti lífeyrissjóða við bankakerfið:

# Skoðað verði hvort viðskipti voru óeðlileg

**LÍFEYRISMÁL** Forseti Alþýðusambandsins (ASÍ) og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA) hafa rætt sín á milli um að komið verði á fót sérstakri rannsóknarnefnd um samskipti lífeyrissjóða og banka.

Ásakanir um óeðlileg viðskipti sjóðanna við bankana hafa komið fram að undanförnu og um leið krafa um að stjórnendur sjóðanna víki eða verði vikið.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, segir að í ljósi villandi umræðu síðustu daga sé mikilvægt að slík rannsókn verði gerð. Telur hann heppilegt að í þriggja manna nefnd sitji einn til tveir útlendingar sem hefðu engin hagsmunatengsl við landið.



ARNAR SIGURMUNDSSON



GYLFI ARNBJÖRNSSON



VILHJÁLMUR EGILSSON

Gylfi sagði í grein á Pressunni um málið í gær að með svona úttekt væri hægt að leggja grunn að þeim nauðsynlega trúnaði sem þyrfti að ríkja milli stjórna lífeyrissjóðanna og launafólks.

Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, sagði ekkert óeðlilegt við að kannað yrði með skýrum hætti hvort fjárfestingar lífeyrissjóðanna hefðu verið óeðlilegar og hvort um svonefnda hjarðhegðun hefði verið að ræða. Hann leggur áherslu á að lífeyrissjóðirnir hafi verið þolendur í bankahruninu og séu nánast einu fjármálastofnanirnar sem stóðu af sér hrunið. Í góðu lagi sé að skoða starfshætti þeirra. **- bþs**



**HAUKUR INGI** Oftrú á reiknigetu sleit fólk í viðskiptalífinu úr tengslum við veruleikann fyrir hrun, að sögn lektors við HÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skýrslan um bankahrunið:

## Siðfræði þarf aukið vægi

**VIÐSKIPTI „Lykilmenn í viðskiptalífi og stjórnmálum gleymdu að hugsa um dyggðina, skylduna og um réttindi annarra,“ segir dr. Haukur Ingi Jónasson, lektor við Háskóla Íslands, um gang viðskiptalífsins hér fyrir hrunið 2008. Hann segir oftrú á reiknigetu hafa slitið fólk í viðskiptalífinu úr tengslum við veruleikann.**

**Haukur og þrír aðrir viðmælendur Fréttablaðsins eru sammála um að rannsóknarskýrsla Alþingis um bankahrunið sýni að auka verði hlut siðfræði og almennar dyggðir í viðskiptalífinu. - jab / sjá Markaðinn**

Aldrei lægra hlutfall starfandi:

## Atvinnuleysi mest árið 2009

**VINNUMARKAÐUR** Aldrei hefur mælst meira atvinnuleysi á Íslandi en árið 2009, frá því reglubundnar mælingar Hagstofunnar hófust árið 1991. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Í fyrra voru 180.900 á vinnumarkaði og af þeim voru 167.800 starfandi en 13.100 án atvinnu. Atvinnuþátttaka var 80,9 prósent. Á árunum 1991 til 2009 hélst atvinnuþátttaka nokkuð stöðug á bilinu 80,7 til 83,6 prósent. Árið 2009 mældist atvinnuleysi 7,1 prósent, en áður hafði atvinnuleysi mælst mest 4,3 til 5,3 prósent. **- kóp**

# Hrottar börðu gömul hjón og dóttur þeirra

**Lögreglan á Suðurnesjum hefur farið fram á varðhald yfir ofbeldismönnum sem grunaðir eru um alvarlega árás á hjón á sjötugsaldri og dóttur þeirra. Annar mannanna dró upp hníf í átökunum og otaði honum að fjölskyldunni.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir ungir menn eru í haldi lögreglunnar á Suðurnesjum grunaðir um alvarlega líkamsárás á eldri hjón og dóttur þeirra í Reykjanesbæ í fyrrakvöld. Maðurinn var á sjúkrahúsi í hálfan sólarhring eftir árásina.

Lögregla fór fram á gæsluvarðhald yfir mönnunum eftir yfirheyrslur síðdegis í gær en dómari tók sér sólarhrings frest til að taka afstöðu til kröfunnar.

Árásin átti sér stað fyrir utan heimili hjónanna, sem eru á sjötugsaldri. Mennirnir réðust fyrst á manninn og veittu honum töluverða áverka, en kona hans og dóttir, sem er 33 ára, hlutu meiðsl þegar þær reyndu að koma honum til aðstoðar.

Að sögn Skúla Jónssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns dró annar mannanna upp hníf í átökunum og otaði honum að fólkinu. Ekki fengust upplýsingar um það í gær hvort nokkur hefði hlotið áverka af völdum hnífsins. Mennirnir lögðu á flótta eftir árásina.

Maðurinn var mjög illa leikinn eftir árásina, nefbrotinn og með mikla áverka víðs vegar um líkamann. Hann slapp hins vegar við innvortis áverka. Mæðgurnar sluppu betur en þó var ekki talið útilokað í gær að dóttirin hefði brotið eða brákað bein í andliti. Þau leituðu sér aðhlynningar á slysadeild í Reykjavík en voru útskrifuð um hádegisbil.

Árásarmennirnir tveir eru ríflega tvítugir og hafa áður komið við sögu lögreglu, meðal annars vegna ofbeldisbrota. Þeir voru handteknir um klukkustund eftir árásina á gangi í nágrenninu. Mennirnir voru ekki í annarlegu ástandi þótt af þeim væri áfengislykt.

Að því er fram kom í fjölmiðlum í gær virtist sem árásarmennirnir hefðu komið að húsi hjónanna í þeim tilgangi að ræða við annan mann sem í húsinu býr. Líklegt er talið að það hafi tengst handrukkun.

„Við lítum þetta mál mjög alvarlegum augum,“ segir Skúli Jónsson. „Þetta var mjög fólskulegt allt saman,“ segir hann, en vill þó ekki fara nánar út í atburðarásina enda standi rannsókn málsins enn yfir.

stigur@frettabladid.is




**LÖGREGLUSTÖÐIN Á SUÐURNESJUM** Mennirnir verða í haldi lögreglu að minnsta kosti þangað til dómari ákveður í dag hvort þeir skuli sæta gæsluvarðhaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Styttist í kosningar:

## Brown segist bera ábyrgðina

**BRETLAND, AP Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, segist taka á sig alla ábyrgð ef Verkamannaflokkur hans tapar þingmeirihluta í kosningunum á morgun.**

**Allt bendir enn til þess að enginn flokkur fái meirihluta, en samkvæmt skoðanakönnun YouGov í gær er Íhaldsflokknum spáð 35 prósentum atkvæða, Verkamannaflokknum 30 prósent en Frjálslyndum demókrötum 24 prósent.**

**Frjálslyndir demókratar virðast því hafa misst forskot sem Nick Clegg, leiðtogi þeirra, aflaði þeim í fyrstu sjónvarpskappræðum leiðtoganna þriggja fyrir fjórum vikum. - gb**

Ólögmæti iðnaðarmálagjalds:

## Meta áhrifin á menntaverkefni

**STJÓRNMÁL** Ráðherrar iðnaðar, mennta- og fjármála ætla að meta hvaða áhrif afnám iðnaðarmálagjalds hefur á tiltekin menntaverkefni þriggja skóla og hvernig megi standa straum af kostnaði við þau í framtíðinni.



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**

Mannréttindadómstóll Evrópu dæmdi nýverið innheimtu iðnaðarmálagjalds brotlega gegn félagafrelsisákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu.

Gjaldið hefur að mestu runnið til Samtaka iðnaðarins en einnig til menntaverkefna í Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og í Tækniskólanum.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra kynnti málið á fundi ríkisstjórnar í gær. **- bþs**






Afleiðingar flugraskana vegna eldgossins á Íslandi ræddar í Evrópu:

## Flugstjórnarsvæðin samhæfð

**BRUSSEL, AP** Samgönguráðherrar Evrópusambandsríkjanna komu saman í gær á aukafundi í Brussel til að skiptast á skoðunum og meta afleiðingarnar af þeirri röskun sem varð á flugumferð í Evrópu vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

Á fundinum lögðu ráðherrarnir ríka áherslu á að hraðað verði svo sem kostur er áformum um nánari samhæfingu flugstjórnarsvæða Evrópuríkja, þannig að landamæri ríkja ráði ekki skiptingu svæðanna eins og nú er.

„Þær áætlanir sem Evrópusambandið hefur varðandi þetta eru nú þegar töluvert framsæknar, þannig að erfitt er að sjá hvernig hægt verður að hraða þeim umfram það sem nú er,“ segir Ásgeir Pálsson, framkvæmdastjóri flugumferðarsviðs Isavia, nýja fyrirtækisins sem varð til við sameiningu Flugstoða og Keflavíkurflugvallar í byrjun mánaðarins.

Hann segir að Ísland eigi, eins og önnur Evrópuríki sem verða aðilar að nýja skipulaginu, að skila sínum tillögum um framkvæmdina árið 2012, þannig að nokkur ár eru þangað til verulegar breytingar verða að veruleika.



**Á FUNDINUM Í BRUSSEL** Sim Kallas, samgöngustjóri Evrópusambandsins, ásamt Jose Blanco Lopez, samgönguráðherra Spánar. NORDICPHOTOS/AFP

Á fundinum ítrekuðu ráðherrarnir einnig áform sín um að nýjar öryggisreglur um flug á gosöskuhættusvæðum verði settar á næsta fundi ráðsins, sem haldinn verður innan nokkurra vikna. **- gb**

Sælureitur 2010 kominn út

# ÚTGÁFUHÁTÍÐ

5. - 9. maí

**15% afsláttur af öllu!**

## 15% af öllum vörum í Sælureit
## 15% af öllum vörum í Blómavali






• allt pallaefni



• öll garðhús



• öll grill

**HEFST Í DAG**












• öll garðhúsgögn • öll garðverkfæri • allar skjólgirðingar • öll viðarvörn • allar vörur í Blómavali

**Einnig 15% afsláttur af:**

Skjólveggir • Gólfefni • Reiðhjól • Útimálning • Gróðurhús Leiktæki • Heitir pottar • Hurðir • Útiljós • Útilegubúnaður • Gluggar • Rotþrær • Útivistarfatnaður • Allar vörur í Blómavali **og margt fleira**

Látum verkin tala!

Sælureiturinn kemur inn á heimili landsins á næstu dögum, þú getur einnig skoðað hann á www.husa.is eða tryggt þér eintak í næstu verslun

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana og háð lagerstöðu á hverjum stað.

blómaval

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 04.05.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,43 | 129,05 |
| Sterlingspund | 195,11 | 196,05 |
| Evra | 168,57 | 169,51 |
| Dönsk króna | 22,646 | 22,778 |
| Norsk króna | 21,542 | 21,668 |
| Sænsk króna | 17,582 | 17,686 |
| Japanskt jen | 1,3564 | 1,3644 |
| SDR | 192,79 | 193,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
225,8111

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjármálaráðherra segir ekkert ákveðið með viðræður um Icesave:

# Endurskoðun AGS veitti stjórnvöldum skjól

**EFNAHAGSMÁL** „Þráðurinn á milli er óslitinn, en það eru engin tíðindi,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um viðræður um Icesave. Enn er allt á huldu um hvort og hvenær samningaviðræður verða teknar upp að nýju.

Steingrímur segir forkólfa samninganefnd-anna hafa verið í samskiptum og sjálfur hafi hann, síðast í gær, farið yfir tölvubréf sem fóru þeirra á milli. „Menn hafa verið að fara yfir stöðuna og senda fram og til baka mat og sýn manna á þeim vandamálum sem óleyst eru og hvernig hægt er að leysa þau og hvað þurfi til að hægt sé að setjast að viðræðuborðinu.“

Gengið verður að kjörborðinu í Bretlandi á föstudag og Steingrímur segir Bretana ekki hafa verið spennta fyrir að viðræður dúkk-uðu upp skömmu fyrir kosningar. Þeir hafi þó ekki sagt það berum orðum. Þá verður kosið í Hollandi innan tíðar einnig.

Hann telur úrslit kosninganna geta haft áhrif á viðræðurnar að því leyti að komi nýir húsbændur þurfi að kynna þeim málið og þeir leggja nýjar línur.

Hvað áhrif þess að hafa Icesave óleyst varðar segir Steingrímur að það hafi engin stór áhrif tímabundið, þar breyti endurskoð-un Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) öllu. „Ég held að menn átti sig kannski ekki á því hve miklu hún skipti fyrir okkur. Hún veitir okkur skjól.“ - kóp



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Steingrímur segir töf á samning-um um Icesave ekki hafa stór tímabundin áhrif vegna þess skjóls sem endurskoðun AGS veitir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Verðmerkingar ekki í lagi:

# Hagkaup og Krónan sektuð

**NEYTENDAMÁL** Neytendastofa hefur sektað matvöruverslanakeðjurnar Krónuna og Hagkaup fyrir að fara ekki að tilmælum stofnunarinnar um að bæta verðmerkingar.

Starfsmenn Neytendastofu gerðu skoðun á verðmerkingum í matvöruverslunum á höfuðborgar-svæðinu í nóvember í fyrra. Í þeirri skoðun voru gerðar athuga-semdir við verðmerkingar í Hag-kaupum og Krónunni.

Við skoðun í byrjun árs kom í ljós að verslanirnar höfðu ekki gert lagfæringar á verðmerking-um. Því leggur Neytendastofa nú 350 þúsund króna stjórnvaldssekt á Kaupás og 700 þúsund króna stjórnvaldssekt á Hagkaup.

## ALÞINGI

### Skýrslan í þriðju prentun

Upplag þriðju prentunar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kom í verslanir í gær. Í þriðju prentun voru prentuð 2.000 eintök samkvæmt upplýsingum frá Alþingi.

## REYKJAVÍKURBORG

### Lokað verður fyrir heitt vatn

Vegna bilunar þarf að loka fyrir heitt vatn í nokkrum götum borgarinnar í dag. Lokað verður fyrir vatn í Furu-gerði, við Hæðargarð, Hólmgarð og Bústaðaveg á milli klukkan 13 og 19.

## LEIÐRÉTTING

Sigríður Á. Andersen greindi ítarlega frá reikningi prófkjörs síns fyrir alþing-iskosningarnar 2007, ólíkt því sem fullyrt var í Fréttablaðinu í gær. Upp-lýsingarnar birtust á vefsíðu hennar strax eftir prófkjörið en var ekki skilað til Ríkisendurskoðunar. Samkvæmt þeim hlaut hún 3,9 milljónir í styrki fyrir prófkjörið. Þá var sjálfstæðismað-urinn Pétur Blöndal ranglega merktur með flokksmerki Samfylkingarinnar í sömu frétt.

# Kettir hverfa einn af öðrum í Mosfellsbæ

**Daginn eftir að Frímann Lúðvíksson brotnaði illa í mótorhjólaslysi hvarf einn sjö katta hans sporlaust. Viku síðar hurfu þrír kettir af heimilinu og hafa ekki sést síðan. Köttur eins nágrannans er líka horfinn. Frímann grunar fólskuverk.**

**DÝRAHALD** „Ég hef ekki aðra kenn-ingu en þá að það hljóti að vera ein-hver sem er hreinlega að drepa þessa ketti,“ segir Frímann Lúð-víksson Buch, sem missti fjóra ketti af heimili sínu á aðeins einni viku.

Frímann tvífótbrotnaði og hand-leggsbrotnaði fyrir um hálfum mánuði í mótorhjólaslysi og er nú að jafna sig á heimili sínu og Kristínar Jónasdóttur í Brattholti í Mosfellsbæ.

Daginn eftir að Frímann slasað-ist hvarf fyrsti kötturinn. „Það var Kameron sem fór út eins og venju-lega og hefur ekki sést aftur. Næsta þriðjudagsmorgun, þegar ég var kominn heim af spítalanum, hurfu svo Tina, Mia og Torres á einu bretti,“ segir Frímann.

Að sögn Frímanns er elsti kött-urinn sem hvarf tólf ára gömul læða. Allir séu þeir alvanir að fara sinna ferða og hafi ávallt skilað sér aftur. Fjölskyldan hafi hringt í alla hugsanlega aðila til að hafa upp á köttunum en án árangurs.

„Ofan á þetta kom til okkar kona, sem býr í næsta húsi, alveg miður sín og sagði að hennar köttur hefði horfið á sumardaginn fyrsta og hvorki sést tangur né tetur af honum síðan. Og frá þessum tíma hefur konan mín heldur ekki séð kött sem var vanur að koma á pall-inn til okkar,“ útskýrir Frímann en tekur þó fram að enn séu kettir á sínum stað í sumum húsum í næsta nágrenni.

Eins og fyrr segir hallast Frí-mann að því að dularfulla katta-hvarfið sé af mannavöldum. „Ég vona þá að þeir séu allir dánir og að það sé ekki einhver að kvelja þá og pína eins og hefur nú þekkst,“ segir hann.



**KRISTÍN JÓNASDÓTTIR OG FRÍMANN LÚÐVÍKSSON BUCH** Frá því að Frímann tvíbraut á sér fót og handleggsbrotnaði í mótorhjólaslysi hefur hann látið fara vel um sig í kjallaranum í Brattholti. Kettirnir sem eftir eru una sér vel með eigendum sínum og hundunum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Ég vona þá að þeir séu allir dánir og að það sé ekki einhver að kvelja þá og pína eins og hefur nú þekkst.
>
> FRÍMANN LÚÐVÍKSON BUCH.

Af þremur köttum þeirra hjóna sem eftir eru er ein persalæða, Kamilla, sem lætur aðeins sjá sig einstaka sinnum utandyra. Bambi og Sponsa fara enn þá út eins og þau eru vön. „Við erum logandi hrædd um að þau skili sér ekki aftur,“ segir Frímann.

Emilía Helga Þórðardóttir, nágranni Frímanns, staðfestir að lítil hvít læða að nafni Betty hafi horfið á sumardaginn fyrsta. „Maður heldur enn í vonina en síðan ég frétti af hinum köttunum sem hurfu hefur verið að læðast að manni illur grunur, því miður. Þetta getur varla verið tilviljun,“ segir Emilía.

Hjá dýraeftirliti Mosfellsbæjar fengust þær upplýsingar að ekki hafi verið óvenju margar tilkynn-ingar um týnda ketti í bænum að undanförnu. gar@frettabladid.is



**LÖGREGLA OG VÍTISENGLAR** Átta hafa látist og tugir særst í átökum Vítisengla og innflytjendagengja. NORDICPHOTOS / AFP

Danir ráðast að Vítisenglum:

# 13 í haldi vegna gengjastríðs

**KAUPMANNAHÖFN, AP Danska lög-reglan handtók í gærmorgun þrettán manns tengda vélhjóla-samtökum Vítisengla. Handtök-urnar voru hluti af aðgerð sem staðið hefur um nokkurt skeið og miðar að því að stöðva stríð sem geisað hefur milli Vítisengla og gengja innflytjenda. Fjórir mann-anna eru meðlimir Vítisengla og níu meðlimir áhangendaklúbba.**

**Henrik Svindt, talsmaður lög-reglunnar, segir mennina þrett-án sæta bráðabirgðakærum fyrir morðtilraunir vegna fimm skot-árása árið 2009. Átta hafa látist og tugir særst í fjölda skotárása í gengjastríðinu sem staðið hefur frá 2008.** - sh

## SKÁK

### Topalov jafnaði metin

Veselin Topalov sigraði heimsmeist-arann Viswanathan Anand í áttundu skákinni í heimsmeistaraeinvíginu í gær. Anand var með svart og tefldi í þriðja sinn sama afbrigðið í Slavneskri vörn, þar sem svartur fær þrönga en trausta stöðu. Anand missteig sig í endatafli og standa leikar nú jafnir þegar fjórar skákir eru eftir.


# Höfum opnað verslun
**að Kauptúni 3 í Garðabæ (gengt IKEA).**



**Mikið úrval vandaðra garðhúsgagna sem þarfnast lítils viðhalds. Margar vörur á opnunartilboði!**

Signature húsgögn

Opið: Má. - Fö. 12 - 18
Lau. 11 - 15

Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is


## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veður-fréttamaður

**VOR Í LOFTI** Loks-ins er orðið vorlegt á landinu og aug-ljóst hvernig gróð-urinn grænkar með hverjum deginum sem líður. Næstu dagar einkennast af hæglætisveðri, lítils háttar súld og þoku af og til og það verður hlýtt í veðri, einkum á suðaust-anverðu landinu.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 14° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 26° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 10° |
| París | 13° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

# EKKERT VENJULEGT SUMAR



**SkjárEinn** býður þér glæsilegt úrval af íslensku og erlendu sjónvarpsefni á sérlega hagstæðu verði. Ef þú missir af uppáhaldsþættinum þínum á SkjáEinum getur þú horft á hann hvenær sem þér hentar með **SkjáFrelsi**. Áskriftin færir þér aðgang að þúsundum nýrra og klassískra bíómynda í **SkjáBíói** og frábæru úrvali af ókeypis barnaefni. Ofan á allt saman getur þú valið á milli mismunandi pakka af heimsklassa skemmtun, fræðslu og fréttum með yfir **60 erlendum sjónvarpsrásum**.

EKKERT
VENJULEGT
SJÓNVARP




SkjárBíó VOD, SkjárFrelsi og SkjárHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Ísland+ fæst aðgangur að SkjáEinum og SkjáFrelsi.

ENNEMM / SÍA / NM42013

**KJÖRKASSINN**



*Þekkir þú til tryggingasvika?*

| | |
|---|---|
| Já | 21,2% |
| Nei | 78,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á seðlabankastjóri að fá hærri laun en forsætisráðherra?*

Segðu þína skoðuna á visir.is VÍSIR

Rekstur borgarsjóðs var hallalaus í fyrra samkvæmt ársreikningi:

# Grunnþjónustu haldið án aukinna álaga

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Rekstur borgarsjóðs var hallalaus í fyrra og umskipti til hins betra í rekstri samstæðunnar, að því er fram kemur á ársreikningi Reykjavíkurborgar fyrir árið 2009 sem lagður var fram á borgarstjórnarfundi í gær.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segir þetta mikil og góð tíðindi fyrir Reykvíkinga. Reikningurinn sýni í hnotskurn þá ábyrgu fjármálastjórn sem borgin hafi ástundað á síðasta ári. „Borgarsjóður er rekinn hallalaus og hagræðingaraðgerðir hafa skilað



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR



DAGUR B. EGGERTSSON

árangri. Við höfum með samstilltu átaki náð nægjanlegum sparnaði til að geta haldið uppi góðri grunnþjónustu án þess að þurfa að auka álögur á almenning á þessum erfiðu tímum,“ segir hún. Borgin hækkaði hvorki skatta né gjaldskrár fyrir grunnþjónustu á árinu.

Rekstrarniðurstaða borgarsjóðs, A-hluta, var jákvæð um 3,2 milljarða króna árið 2009 en hún var var 2,3 milljarðar árið 2008. Þá urðu veruleg umskipti til hins betra í rekstri samstæðunnar, A og B-hluta, miðað við árið á undan. Rekstrarhalli var á samstæðunni um 1,7 milljarða króna miðað við 71 milljarðs halla árið 2008. Í tilkynningu borgarinnar er hallinn rakinn til óhagstæðari gengis- og verðlagsþróunar en opinberar spár hafi gert ráð fyrir.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn, segir slæma stöðu Orkuveitunnar og aðgerðarleysi í fjármálum fyrirtækisins varpa skugga á annars vel viðunandi stöðu borgarsjóðs.

„Svo langt er gengið að fjármálaskrifstofa birtir skýrslu með þungvægum ábendingum sem ekki er hægt að skilja öðru vísi en harða gagnrýni á afneitun og aðgerðarleysi borgarstjóra og meirihlutans í málefnum Orkuveitu Reykjavíkur,“ segir hann. **- óká**


# Vængjamessa

## í Guðríðarkirkju í kvöld kl. 20.00

Gleðirík messa sem tileinkuð er fólki er lifa vill án áfengis og vímuefna og aðstandendum alkahólista. Falleg tónlist í umsjón Sylvíu Rúnar og Björns Tómasar. Vitnisburður fólks með reynslu.
Sr. Karl V. Matthíasson og sr. Sigríður Guðmarsdóttir þjóna fyrir altari.

Boðið er upp á kaffi eftir messu.

***Allir eru hjartanlega velkomnir.***




**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Sveitarfélögin töldu ekki nægan tíma til að breyta lögum um kosningar og koma á persónukjöri. Ekkert slíkt verður í boði í kosningunum 29. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ekkert persónukjör í kosningunum í vor

**Frumvarp um persónukjör er í allsherjarnefnd og gaf stjórn Vinstri grænna því neikvæða umsögn. Ekkert persónukjör verður í boði í sveitarstjórnarkosningunum. Sveitarfélögin töldu of skamman tíma til stefnu til breytinga fyrir vorið.**

**STJÓRNSÝSLA** Ekkert persónukjör er í boði í kosningum til sveitarstjórna í maí. Frumvarp um slíkt var lagt fram í haust en er inni í allsherjarnefnd. Meðal þeirra sem lögðust gegn afgreiðslu frumvarpsins var stjórn Vinstri grænna, sem vildi vísa málinu til stjórnlagaþings. Þá töldu sveitarfélögin of skamman tíma til stefnu fyrir vorið.



HALLDÓR HALLDÓRSSON



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

„Þetta næst ekki fyrir kosningar og ástæðan er fyrst og fremst sú að sveitarfélögin lögðust alfarið gegn því og töldu allt of stuttan fyrirvara að koma persónukjöri á fyrir kosningarnar í vor,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður allsherjarnefndar.

Háværar kröfur voru um persónukjör í og eftir búsáhaldabyltinguna. Dómsmálaráðherra lagði fram tvö frumvörp um málið í nóvember, annars vegar til alþingis- og hins vegar sveitarstjórnarkosninga.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að þar á bæ hafi mönnum þótt tíminn of knappur til kosninga í vor. Margt í frumvarpinu hafi fallið að hugmyndum lýðræðisnefndar sambandsins en annað gengið of skammt. „Við töldum að tíminn þyrfti að vera betri og einnig að það yrði að vera hægt að velja af öðrum listum líka.“

Stjórn Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs sendi nefndinni neikvæða umsögn og lagði til að frumvarpinu yrði vísað inn í umræðu um stjórnlagaþing. Flokkurinn væri hins vegar reiðubúinn til að skoða ýmsa möguleika á að auka áhrif kjósenda á röðun lista, meðal annars rýmri heimildir til útstrikunar og endurröðunar.

Steinunn Valdís segir að málið verði tekið aftur í haust, enda séu fáir þingdagar eftir. „Við reynum að klára þetta þá. Þetta er eitt af stóru umbótamálunum sem verða að komast í gegn. Um þetta eru hins vegar deildar meiningar.“

kolbeinn@frettabladid.is

## 87 mál frá ríkisstjórn bíða afgreiðslu

Fjöldi þingmála bíður afgreiðslu Alþingis. Alls eru 87 mál frá ríkisstjórn sem ýmist eru í nefnd eða bíða frekari umræðu. Til samanburðar má nefna að á þessu þingi hafa verið samþykkt 58 frumvörp.

Þinghlé verður gert 15. júní, en reyndar eru ekki þingfundir í vikunni fyrir sveitarstjórnarkosningar. Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir að þegar ljóst var hve mörg mál lágu fyrir þinginu á síðasta skiladegi nýrra þingmála, 31. mars, hafi starfsáætlunin verið uppfærð og þinghald lengt um tíu daga. „Við erum nokkuð harðir á því að hætta 15. júní, en það er gert ráð fyrir fleiri fundum í september en upphaflega var ákveðið. Auk þess er reiknað með að seinni partinn í ágúst verði nefndavinna í gangi.“

Helgi segist hafa séð það svartara hvað varðar fjölda ólokinna mála og engin ástæða sé til að vera með böggum hildar þess vegna.












Hulunni svipt af stærsta kynningarátaki á landi og þjóð sem ráðist hefur verið í:

# Sjö hundruð milljónir í landkynningu

**FERÐAMÁL** Verja á 700 milljónum króna til kynningar á Íslandi, samkvæmt samningi sem undirritaður var á ferðamálaþingi 2010 í gær. Um er að ræða eitt mesta markaðsátak sem ráðist hefur verið í til kynningar á Íslandi á erlendri grundu.

Þingið var tileinkað áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli á ferðaþjónustuna og hvernig bregðast ætti við.

Fjármögnun markaðsátaksins skiptist á milli hins opinbera og einkafyrirtækja. Ríkið leggur til 350 milljónir króna og Reykjavíkurborg, Icelandair, Iceland Express, Útflutningsráð og Samtök ferðaþjónustunnar leggja fram annað eins.

Katrín Júlíusdóttir, ráðherra ferða- og iðnaðarmála, sagði í ræðu sinni á ferðamálaþinginu að samráðshópur stjórnvalda og ferðaþjónustu hefði verið starfandi frá upphafi goss í Eyjafjallajökli. „Á vegum samráðshópsins sem ég nefndi hefur meðal annars verið sett af stað starf við að búa til viðbragðsáætlanir ferðaþjónustunnar við náttúruvá,“ upplýsti hún.

Ráðherra sagði markaðsátakið nú vera þjóðarátak, en fyrirtæki í ferðaþjónustu yrðu drifkrafturinn og framleiddu kynningarefni. Öllum yrði hins vegar boðið að nota það. „Ég hvet alla sem vettlingi geta valdið að taka þátt í átakinu,“ sagði hún. **- óká / sjá Markaðinn**




# Uppfærðu gasmálin

## Skiptu yfir í nýtt og einfaldara kerfi




Nú er ekkert mál að skipta um gaskút! Olís hefur innleitt Smellugas, nýtt og einfaldara kerfi við gasnotkun.

Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stútinn – honum er einfaldlega smellt á. Þannig verður mun fljótlegra og þægilegra að skipta um kút.

**Ef þú þarft aðstoð við að koma nýja þrýstijafnaranum fyrir geturðu pantað heimaþjónustu. Nánari upplýsingar fást á smellugas.is, í síma 515 1100 og á næstu Olís-stöð.**

Nýr þrýstijafnari – þér að kostnaðarlausu!

BP Gas light



smellugas.is

Smellugas

olís

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvaða fyrrum knattspyrnukonu hefur verið boðið að taka þátt í breskum raunveruleikaþætti?*

*2 Hver er formaður bankaráðs Seðlabankans?*

*2 Hvað er Félag heyrnarlausra gamalt?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Sprengjumaðurinn á Times-torgi handtekinn í flugvél á leið til Mið-Austurlanda:

# Ákærður fyrir hryðjuverk

**BANDARÍKIN, AP** Faisal Shahzad, þrítugur bandarískur ríkisborgari sem fæddur er í Pakistan, hefur viðurkennt að hafa ætlað að sprengja sprengju í bifreið við Times-torg í New York á háannatíma um helgina.

Eric Holder, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, segir að maðurinn verði ákærður fyrir hryðjuverkastarfsemi. Sprengjan olli litlu tjóni vegna galla í kveikjubúnaði.

Shazad var handtekinn á mánudagskvöld þar sem hann var kominn upp í flugvél áleiðis til Sameinuðu arabísku furstadæmanna.



**FAISAL SHAHZAD** Hefur viðurkennt að hafa ætlað að sprengja sprengju við Times-torg í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Shazad hafði fullyrt við lögreglu að hann hafi verið einn að verki, en frá Pakistan bárust fréttir um að þar hafi verið handtekinn að minnsta kosti einn maður, Touseef að nafni, vegna gruns um aðild að árásinni á Times-torg.

„Miðað við það sem við vitum núna er ljóst að þetta var áform um hryðjuverk sem átti að drepa Bandaríkjamenn á einum fjölfarnasta stað landsins,“ sagði Holder. Á pakistanskri sjónvarpsstöð var fullyrt að Shahzad hafi nýlega heimsótt Pakistan og hafi þá dvalist í Karachi en einnig ferðast til Peshawar, borgar í norðvesturhluta landsins skammt frá landamærum Afganistans. **- gb**

Sjö fangar frá Guantanamo:

# Engin leynd yfir gögnum

**BRETLAND, AP Breskur dómstóll hefur úrskurðað að bresk stjórnvöld geti ekki haldið málsgögnum leyndum fyrir sjö fyrrverandi föngum frá Guantanamo-búðum Bandaríkjahers á Kúbu.**

**Fangarnir fyrrverandi hafa kært bresku stjórnina fyrir aðild að handtöku þeirra og þar með illri meðferð sem þeir sættu af hálfu Bandaríkjamanna. Mennirnir sjö krefjast skaðabóta frá breskum stjórnvöldum. Ekki er vitað hvort stjórnin áfrýjar dómnum. - gb**



**MÓTMÆLI Í BANGKOK** Ekkert lát er á aðgerðum mótmælenda. NORDICPHOTOS/AFP

Sáttatilboð frá Abhisit:

# Mótmælendur fagna tilboðinu

**TAÍLAND, AP** Leiðtogar rauðklæddu mótmælendanna í Taílandi hafa fagnað sáttatilboði frá Abhisit Vejjajiva forsætisráðherra, en vilja fá að sjá nánari útfærsluhugmyndir áður en þeir gefa endanlegt svar.

Abhisit hefur fallist á að boða til kosninga 14. nóvember, um það bil ári áður en kjörtímabil núverandi stjórnar rennur út, en mótmælendur hafa krafist þess að kosið verði innan tveggja mánaða.

Mótmælunum í Bangkok, sem staðið hafa í átta vikur og kostað nærri 30 manns lífið, verður ekki hætt fyrr en frekari svör fást frá Abhisit. **- gb**

# Búðarhálsvirkjun gefi af sér arð strax frá upphafi

**Landsvirkjun vinnur enn að fjármögnun Búðarhálsvirkjunar þótt framkvæmdir séu hafnar. Landsvirkjun hafði frumkvæði að viðræðum við RioTintoAlcan um orkusölusamning þótt þeim hefði verið lokið 2008.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig gengur Landsvirkjun að fjármagna Búðarhálsvirkjun?

„Þetta er puð,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, um stöðu og horfur í fjármögnunarmálum fyrirtækisins.

Fjármögnun Búðarhálsvirkjunar er ólokið og endanlegur orkusölusamningur liggur ekki fyrir þótt framkvæmdir séu hafnar. Hörður segir að fyrirtækið komi ekki að luktum dyrum á erlendum fjármagnsmörkuðum en „dyrnar eru heldur ekki galopnar“.

Hann segist vongóður um að lausn finnist og fjármögnun ljúki svo hægt verði að bjóða út næstu áfanga framkvæmda við virkjunina. „Það eru ýmsir möguleikar sem við erum að vinna að með lífeyrissjóðum og fjölmörgum bönkum,“ segir Hörður.

Vextir verði sjálfsagt fyrst í stað hærri en var árin 2006-2008. Ekki verði þó gerðir samningar sem byggist á öðru en því að Búðarhálsvirkjun gefi af sér arð frá upphafi.

Lífeyrissjóðirnir hafa gefið vilyrði um þátttöku í fjármögnun innlends kostnaðar vegna Búðarhálsvirkjunar, að sögn Arnars Sigurmundssonar, formanns Landssambands lífeyrissjóða. Sá kostnaður nemur um 10 milljörðum. Viðræður hafa þó ekki átt sér stað frá því fyrir áramót, segir Arnar. Þær hefjist á ný þegar fjármögnun erlends kostnaðar er lokið og samningur um langtímasölu á orku liggur fyrir.

> Það eru ýmsir möguleikar sem við erum að vinna að með lífeyrissjóðum og fjölmörgum bönkum.
>
> **HÖRÐUR ARNARSON**
> FORSTJÓRI LANDSVIRKJUNAR.

Landsvirkjun og RioTintoAlcan (RTA) eiga enn í viðræðum um kaup og sölu á raforku frá Búðarhálsvirkjun. Ráðgert hefur verið að nýta orkuna þaðan til þess að auka straum í álverinu í Straumsvík en þannig má auka framleiðslugetu um allt að 45.000 tonn af áli á ári.

Hvorki Hörður né Ólafur Teitur Guðnason, framkvæmdastjóri samskiptasviðs RTA á Íslandi, vildu tjá sig um stöðu og gang mála í samningaviðræðunum.

Landsvirkjun greindi frá því á vef sínum í ágúst 2008 að viðræðum væri lokið með samkomulagi um orkusölu sem tryggði rekstur álversins til 2027.

Spurður hvers vegna viðræður hófust að nýju sagði Hörður að fyrirvarar um fjármögnun, samþykki stjórnar og fleira hefðu ekki verið uppfylltir og gagnkvæmur skilningur hefði verið á því að nýjar viðræður væru nauðsynlegar. Landsvirkjun hefði haft frumkvæði að þeim. **peturg@frettabladid.is**



**BÚÐARHÁLSVIRKJUN** Unnið er að fjármögnun virkjunarinnar við erfiðar aðstæður á markaði og viðræður um endurskoðun orkusölusamnings við RioTintoAlcan, sem rekur álverið í Straumsvík, standa nú yfir. Myndin er tekin á kynningu Landsvirkjunar í febrúar en þar var Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra.

## Leitin að lánsfé

Heildarkostnaður við Búðarhálsvirkjun er 26,5 milljarðar króna án fjármagnskostnaðar og án virðisaukaskatts.

Rætt hefur verið við lífeyrissjóði um að þeir fjármagni innlenda hluta verkefnisins, sem kostar um 10 milljarða króna, að sögn Arnars Sigurmundssonar, formanns Landssambands lífeyrissjóða. Enn sér ekki fyrir endann á erlendri fjármögnun, þar sem mest munar um vélasamstæðu virkjunarinnar. Lánstraust íslenskra aðila á alþjóðlegum mörkuðum er þorrið og alþjóðlegt vaxtastig er hærra en áður. Hvort tveggja hefur áhrif á arðsemi virkjunarinnar.

Búið er að bjóða út nokkra verkhluta vegna upphafsframkvæmda við Búðarhálsvirkjun fyrir um 800 milljónir króna. Þar er um að ræða vinnu við gröft jarðganga, skurða og vatnsþróar og tilheyrandi styrkingu með sprautusteypu. Stefnt er að því að bjóða aðrar framkvæmdir út þegar fjármögnun og gerð orkusölusamnings við RioTintoAlcan (RTA) í Straumsvík er lokið. RTA mun nýta orku Búðarhálsvirkjunar og hyggst ná fram aukinni framleiðslu með því að auka straumnotkun sína.




## Nýtt happdrættisár hefst 11. maí

www.das.is




## Fjórir á árinu

# Audi A4

+ 7,3 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!



eða

# 14,6 milljónir
á tvöfaldan miða!

## Milljónavinningar á árinu

# 10x6 milljónir
# 38x4 milljónir

Tíu 6 milljóna króna og þrjátíu og átta 4 milljóna króna skattfrjálsir vinningar á árinu á tvöfaldan miða.
Alls er dregið um 50 þúsund vinninga á árinu.




ÍSLENSKA/SIA.IS/DAS 49452 04/10

**Aldraðir hafa átt allan okkar stuðning í áratugi.**
Taktu þátt því þörfin er brýn. Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.

**Kauptu miða á www.das.is**

Happdrætti DAS, Tjarnargötu 10, sími 561 7757.

dregið vikulega!
52 útdrættir á árinu!

HAPPDRÆTTI das

Vinningur í hverri viku

Íslenski lífeyrissjóðurinn

# ÁRSFUNDUR ÍSLENSKA LÍFEYRISSJÓÐSINS

**Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 26. maí kl. 17.00 á Hilton Reykjavík Nordica, sal A.**

Allir sjóðfélagar og rétthafar eiga rétt á setu á ársfundinum. Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum sjóðsins.

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning á ársreikningi
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun
4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum þurfa að berast tveimur vikum fyrir ársfund. Framboð til stjórnar og tillögur til ályktunar þurfa að berast viku fyrir ársfund.

Tillögur og framboð skulu berast til stjórnar Íslenska lífeyrissjóðsins **Hafnarstræti 5, 101 Reykjavík** eða á netfangið **islif@islif.is**

Ársreikning sjóðsins 2009 og aðrar upplýsingar má nálgast á heimasíðu sjóðsins, **www.islif.is**

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330






**MÓTMÆLT Í AÞENU** Almenningur í Grikklandi bregst hart við niðurskurði. NORDICPHOTOS/AFP

Þúsundir mótmæla á götum Aþenu:

# Efast um björgunarpakka AGS og ESB

**GRIKKLAND, AP** Um fjögur þúsund kennarar og nemendur tóku þátt í mótmælagöngu í Aþenu í gær gegn aðhaldsaðgerðum stjórnvalda, sem koma harkalega niður á almenningi. Sumir mótmælendanna lentu í átökum við lögreglu.

Áður höfðu um 100 stuðningsmenn Kommúnistaflokksins ruðst upp á Akrópólishæð og breitt þar út mótmælaborða með áletrunum á grísku og ensku, ferðamönnum til nokkurrar skemmtunar – enda fengu þeir að fara upp á hæðina að skoða hinar frægu fornminjar þar þrátt fyrir mótmælin.

Ekki var að sjá að þátttakendum á fjármálamörkuðum þætti björgunaraðgerðir evruríkjanna og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem samkomulag tókst um á sunnudag, nógu sannfærandi. Verðfall varð af þeim sökum á helstu mörkuðum heims í gær.

„Þrátt fyrir það hve stór lánapakkinn er þá hafa menn vaxandi áhyggjur af því að hann dugi ekki til að dekka fjármögnunarþörf Grikkja næstu árin,“ sagði Mitul Kotecha, sérfræðingur hjá bankanum Credit Agricole CIB.

Aðhaldsaðgerðir stjórnarinnar fela í sér launalækkanir fyrir ríkisstarfsmenn, sem eru um 750 þúsund í allt. Auk þess verða eftirlaun allra lækkuð og neysluskattar hækkaðir enn frekar en orðið er.

- gb

ATHUGIÐ AÐ SÖLU LÝKUR NÚ KL. 16

Tvöfaldur 1. vinningur

250.000.000
+300.000.000

550.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
550 MILLJÓNIR

Tvöfaldur fyrsti vinningur stefnir í 250 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 300 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**



VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 5. MAÍ 2010

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA



**EKIÐ INN Í ÖSKU** Landgræðslustjóri verður til viðtals í Heimalandi í dag.

Hádegisfundir í Heimalandi:

## Landgræðslustjóri ræðir við heimamenn

**ELDGOS** Sérfræðingar miðla upplýsingum til íbúa á áhrifasvæði Eyjafjallajökuls þessa dagana. Fundirnir með sérfræðingum fara fram í hádeginu í þjónustumiðstöðinni í Heimalandi.

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri verður til viðtals í hádeginu í dag; á morgun verður Sigurgeir Þorgeirsson, ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, til viðtals og á föstudag mætir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

Þjónustumiðstöðin í Heimalandi er opin alla daga frá 11 til 15. Íbúar eru hvattir til að koma við og afla sér upplýsinga um mál sem tengjast eldgosinu.

Framboðsfrestur rennur út á hádegi á laugardag:

# Sveitarfélögum hefur fækkað um þrjú

**STJÓRNMÁL** Kosið verður til sveitarstjórna 76 sveitarfélaga í kosningunum 29. maí.

Kosið var til 79 sveitarstjórna fyrir fjórum árum en á yfirstandandi kjörtímabili hefur sveitarfélögum fækkað um þrjú. Sameiningar urðu milli Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar, Akureyrarbæjar og Grímseyjarhrepps og Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar.

Frestur til að skila framboðslistum til yfirkjörstjórna viðkomandi sveitarfélaga rennur út klukkan tólf á hádegi á laugardag. Sveitarstjórnarmenn sem hyggjast skorast undan endurkjöri hafa frest til sama tíma til að tilkynna þá ákvörðun.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í sendiráðum og hjá aðalræðismönnum og kjörræðismönnum hefur staðið í nokkrar vikur. Hægt er að kjósa á um 235 stöðum í 84 löndum.

Fljótsdalshérað er stærsta sveitarfélag landsins, tæpir níu þúsund ferkílómetrar, en Seltjarnarnes það minnsta, tveir ferkílómetrar að stærð. Reykjavík er fjölmennasta sveitarfélag landsins með tæplega 120 þúsund íbúa en Árneshreppur fámennastur með 50 íbúa.

- bþs



**AKUREYRI** Sveitarfélagið Akureyri stækkaði á kjörtímabilinu og íbúum þess fjölgaði eftir sameiningu á Akureyri og Grímseyjar. FRÉTTABLAÐIÐ/KK


2 fyrir 1 til
Sevilla
13. maí (Uppstigningardagur)
frá kr. 39.900
Frábær sértilboð á flugi og gistingu!
Heimsferðir bjóða frábært sértilboð á morgunflugi með Icelandair til Sevilla 13. maí og gistingu í 4 nætur á mjög góðum hótelum í borginni. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu þín í borginni sem býður frábært mannlíf og fjölbreytni í menningu, afþreyingu að ógleymdu fjörugu næturlífi og endalausu úrvali veitingastaða og verslana. *Aðeins 14 sæti í boði og mjög takmörkuð gisting. Fyrstur kemur - fyrstur fær!*
Verð kr. 39.900 Netverð á mann, flugsæti báðar leiðir með sköttum á mann, 2 fyrir 1 tilboð, 13. maí
Gisting frá kr. 7.400 - gott **** hótel Verð á mann pr. nótt m.v. gistingu í tvíbýli á **** Hotel Andalusi Park með morgunverði. Fleiri hótel einnig í boði á frábærum kjörum.
Heimsferðir Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


Vinnustaðamerkingar:

## Ágætlega staðið að merkingum

**FRAMKVÆMDIR Mælingar Vegagerðarinnar sýna að nokkuð vel er staðið að merkingum vinnustaða. Þetta kemur fram í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar.**

**Alls var gerð 101 úttekt á vinnustaðamerkingum og var meðaleinkunn 8,3. Það er hækkun um 0,1 frá í fyrra. Fimm verk fengu þó lægri meðaleinkunn en 6. Árið 2010 voru gerðar breytingar á kröfum varðandi vinnustaðamerkingar og teknar upp hertar reglur og leiðbeiningar endurbættar. - kóp**



**BÖRNUM HJÁLPAÐ** Leikir og myndmennt eru notuð til að hjálpa börnum á Haítí að tjá erfiða reynslu sína og vinna úr henni.

Fórnarlömb jarðskjálfta:

## Alls tæp 21 milljón til Haítí

**SÖFNUN** 12,3 milljónir króna hafa safnast í páskasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir Haítí en stofnunin hefur þá samanlagt safnað tæplega 21 milljón króna til uppbyggingar á Haítí.

Féð rennur til hjálpar- og uppbyggingarstarfa á vegum ACT Alliance, Alþjóðahjálparstarfs kirkna, en þau samtök voru að störfum á Haítí fyrir skjálftann og því í „einstakri aðstöðu til að sinna þar neyðar- og uppbyggingarstarfi," eins og fram kemur í fréttatilkynningu.

ACT Alliance segir 90 prósent af 1,5 milljónum heimilislausra í landinu hafa fengið nauðsynlegt byggingarefni til að koma sér upp húsnæði til bráðabirgða. Auk þess hefur ýmsum nauðsynjavörum verið dreift til tugþúsunda fjölskyldna og vatni er dreift daglega. - sbt





Umbætur í flæðisstýringu sjúklinga – góður árangur á LSH

Hádegisfundur í Námu, Endurmenntun HÍ, fimmtudaginn 6. maí kl. 12.00–13.00

Á undanförnum árum hefur verið unnið sleitulaust að bættu flæði sjúklinga innan Landspítala Háskólasjúkrahúss (LSH). Verkefnið er gríðarflókið og nær til margra ólíkra deilda og starfstétta innan spítalans. Hildur Helgadóttir MPM og innlagnastjóri LSH flytur hádegiserindi um þetta málefni. Fullyrða má að efni fyrirlestursins eigi sér skírskotun í mörg önnur flæðisverkefni.

Vor í íslenskri verkefnastjórnun

Ráðstefna um verkefnastjórnun verður haldin á Hótel Sögu föstudaginn 21. maí kl. 13–17.

MPM, meistaranám í verkefnastjórnun

- Spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi.
- Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).
- Skemmtilegir nemendur og heimsþekktir kennarar.
- Opnar starfsvettvang víða í íslensku samfélagi og um allan heim.
- Tveggja ára nám samhliða starfi.

Umsóknarfrestur er til 17. maí

PIPAR\TBWA • SÍA • 101140

www.mpm.is

MPM MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Millidómstig er nauðsyn, bæði vegna uppgjörs eftir hrun og til að tryggja mannréttindi.

## Nú þarf aftur Landsyfirrétt

Ítæplega tvö ár hefur tillaga um stofnun millidómstóls verið til umræðu. Nefnd undir forystu Rögnu Árnadóttur, núverandi dómsmálaráðherra, lagði þetta til við þáverandi ráðherra í júní 2008. Nefndin lagði til að stofnaður yrði í Reykjavík dómstóll með að minnsta kosti sex dómurum, sem fengi það gamla heiti Landsyfirréttur, en það var millidómstóll Íslendinga í rúma öld, frá 1800 til 1919. Hæstiréttur var þá í Danmörku.

Rökin fyrir því að koma á millidómstigi hafa verið tvenns konar. Annars vegar hefur verið vísað til þess mikla álags, sem er á Hæstarétti. Hins vegar, og það var meginröksemdin fyrir hrun, er nauðsynlegt að koma á millidómstigi til að uppfylla kröfur Mannréttindasáttmála Evrópu um beina sönnunarfærslu fyrir dómi, þ.e. að hlustað sé á vitni og sönnunargögn skoðuð í réttarhaldinu. Hæstiréttur hefur til þessa ekki lagt sjálfstætt mat á vitnisburð og málsgögn, heldur látið sönnunarfærsluna fyrir héraðsdómi duga. Það hefur meðal annars orðið til þess að málum er að hluta eða í heild vísað heim í hérað á ný, eins og gerðist til dæmis í Baugsmálinu. Verði komið á millidómstigi verður beina sönnunarfærslan tryggð. Hægt verður að áfrýja dómum héraðsdómstólanna til Landsyfirréttar, en Hæstiréttur mun fjalla um tiltölulega fá mál, sem hafa mikla þýðingu og fordæmisgildi.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Báðar röksemdirnar með millidómstigi eiga við, en sú sem snýr að álagi á dómstólana hefur fengið aukið vægi eftir bankahrunið. Gríðarlegur fjöldi mála vegna hrunsins mun koma til kasta dómstólanna á næstu misserum og árum. Páll Hreinsson, hæstaréttardómari og formaður rannsóknarnefndar Alþingis, líkti þessu við „risaflóðbylgju dómsmála“ í Fréttablaðinu í gær. Eini viðlagaundirbúningur hins opinbera til að mæta þeirri bylgju væri að fjölga héraðsdómurum um fimm.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra upplýsti hér í blaðinu að hún biði svara frá Hæstarétti og dómstólaráði við fyrirspurn um hvort þörf væri talin á að huga að álagi á dómsvaldið. Varla fer á milli mála á hvaða lund þau svör verða. Ráðherrann segir að nú þurfi að huga að því hvort hægt sé að koma millidómstiginu á.

Jafnvel fyrir bankahrun, þegar meira svigrúm var í fjármálum ríkisins, var talað um að millidómstóll væri of dýr, en talið er að hann kosti um 160 milljónir króna á ári. Það eru ekki miklir peningar í samhengi við önnur útgjöld ríkisins vegna bankahrunsins. Flest rök hníga að því að í þessu efni eigi ekki að spara. Framkvæmdarvaldið og Alþingi verða að sjá til þess að dómskerfið ráði við holskefluna vegna hrunsins. Greið afgreiðsla dómsmála stuðlar að því að flýta uppgjörinu og að þjóðin geti aftur farið að horfa fram á veg. Skjót málsmeðferð er líka í sjálfri sér mannréttindamál og tryggir að þeir, sem ákærðir eru, þurfi ekki að bíða dóms óeðlilega lengi. Síðast en ekki sízt verður að tryggja beina og milliliðalausa sönnunarfærslu fyrir dómi. Til að tryggja mannréttindi verður að kosta því til sem þarf.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Með ólíkindum

RÚV greindi frá því á mánudag að daginn áður en sérstakur saksóknari framkvæmdi húsleit hjá Byr, hafi Jón Björnsson fært allar eignir sínar yfir á nafn konu sinnar, Sigrúnu Björk Jakobsdóttur, fyrrverandi bæjarstjóra á Akureyri. Sigrún var greinilega öskuvond yfir því að verið væri að fjalla um málið, kallaði það með „hreinum ólíkindum“ að þetta væri „það samfélag sem við viljum kalla yfir okkur“.



### Allt upp á borð

Í sömu andrá sagði Sigrún hins vegar að þessi löggerningur hefði verið til að hafa allt á hreinu svo málið mætti liggja „lýðum ljóst fyrir“. Fyrst Sigrúnu er svona áfram um að allt sé upp á borðum, hefði hún þá ekki átt að fagna því að fá að útskýra málið í fjölmiðlum?

### Allt að sama brunni

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagðist eftir ríkisstjórnarfund vonast til að farsæl niðurstaða næðist í launamálum Más Guðmundssonar seðlabankastjóra. Er það ekki nokkuð borðleggjandi? Í fyrsta lagi kannast enginn við að hafa samið um launahækkun við Má. Í öðru lagi virðist enginn vilja veita honum launahækkun og í þriðja lagi hefur Már Guðmundsson sagt að hann kæri sig ekki um launahækkun. Það þyrfti að minnsta kosti ansi einbeittan brotavilja til að klúðra þessum samningum.



bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Bætum andrúmsloftið

Vistvænar samgöngur



Kristján Möller
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Samgöngur og hvers kyns flutningar eru þau svið sem hafa einna mest áhrif á umhverfi okkar og eitt brýnasta verkefnið sem stjórnvöld hvar sem er í heiminum standa frammi fyrir er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Engin stjórnvöld eru undanskilin í því verkefni. Enginn einstaklingur er heldur undanskilinn. Í dag hefst átakið „Hjólað í vinnuna“ og því kjörið að hrinda aðgerðum af stað.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands er lögð áhersla á umhverfismál og við þurfum að skipa málum þannig að til dæmis iðnaður og flugstarfsemi standist kröfur um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Þetta á einnig við um sjávarútveg og aðrar samgöngugreinar. Í dag geta þeir starfsmenn samgönguráðuneytisins sem þess óska skrifað undir samgöngusamning við ráðuneytið. Tilgangurinn er að greiða fyrir því að starfsmenn nýti sér vistvænar samgöngur, gangi, hjóli eða noti almenningssamgöngur til að sækja vinnu. Þeir sem skuldbinda sig til þess afsala sér rétti til að fá greiddan bílastæðakostnað en fá þess í stað árlegan styrk vegna kostnaðar við árskort í strætó eða vegna hjólreiða eða göngu.

Með þessu móti sýnum við í verki vilja til framlags til að ná árangri í baráttunni fyrir betra loftslagi.

Þá vil ég nefna tilraunaverkefnið með repju sem orkugjafa hér á landi. Siglingastofnun hefur með rannsóknum sýnt fram á að unnt er að rækta hérlendis repju og framleiða úr henni olíu sem nota má á skipsvélar. Er talið að fá megi orkugjafa fyrir allt að 10% af eldsneyti skipaflotans. Okkur vantar aðeins herslumuninn til að unnt sé að hrinda þessu af stað. Mun ég fela starfshópi að útfæra hugmyndir um verkefnið og fjármögnun þess.

Hér að framan hef ég nefnt örfá atriði sem unnt er að hrinda í framkvæmd í þágu þess að bæta umhverfi okkar. Við þurfum að tileinka okkur þann hugsunarhátt sem margir hafa bent á að framlag okkar hvers og eins skiptir máli. Við eigum að hugsa hnattrænt og um leið að hegða okkur í samræmi við það og leggja fram okkar skerf hvar sem við erum.

Aðeins þannig næst árangur. Aðgerðir okkar hafa áhrif – við getum byrjað núna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Við styðjum ein hjúskaparlög á Íslandi

**Hjúskaparlög**

Áttatíu og tveir prestar og guðfræðingar

Prestastefna er biskupi til ráðuneytis í kenningarlegum efnum og kölluð saman á hverju ári. Á Prestastefnunni í Vídalínskirkju 27.-29. apríl 2010 var lögð fram tillaga fjölmargra presta og guðfræðinga við lagafrumvarp dóms- og mannréttindamálaráðherra um ein hjúskaparlög á Íslandi. Tillagan var svohljóðandi: „Prestastefna haldin í Vídalínskirkju 27.-29. apríl 2010 lýsir yfir stuðningi við lagafrumvarp dóms- og mannréttindamálaráðherra um ein hjúskaparlög á Íslandi. Prestastefna telur íslensku þjóðkirkjuna í stakk búna til að stíga þetta skref með ríkisvaldinu í ljósi ítarlegrar guðfræðilegrar umfjöllunar síðustu ára á kirkjulegum vettvangi um kirkju, kynhneigð og hjónaband."

Prestastefnan samþykkti með naumum meirihluta að vísa málinu til biskups og kenningarnefndar en taka ekki efnislega afstöðu til tillögunnar í atkvæðagreiðslu. Prestastefna hafnaði ekki tillögunni og flutningsmennirnir drógu hana ekki til baka. Það er því hlutverk biskups og kenningarnefndar að taka afstöðu til frumvarpsins um ein hjúskaparlög á Íslandi á grundvelli tillagna og umræðu á Prestastefnu. Við undirrituð sem erum prestar, guðfræðingar og djáknar í íslensku Þjóðkirkjunni og kristnum fríkirkjum á Íslandi viljum árétta stuðning okkar við þetta frumvarp og ósk okkar um að íslenska þjóðkirkjan taki að sér að gefa saman pör af sama kyni í hjónaband.

> Við teljum [...] ekkert því til fyrirstöðu að vígslumönnum verði heimilað að gefa saman samkynhneigð pör í hjónaband og að þjóðkirkjan feti þannig í fótspor systurkirkna sinna.

Ríkisstjórn Íslands einsetti sér í stjórnmálasáttmála 10. maí 2009 að vinna að setningu einna hjúskaparlaga á kjörtímabilinu. Málið nýtur stuðnings þingmanna úr öllum flokkum og flokkar í stjórnarandstöðu hafa líka lýst stuðningi við málið í flokkssamþykktum. Það er því traustur þingmeirihluti fyrir einum hjúskaparlögum á Alþingi. Með frumvarpi dómsmálaráðherra um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög) sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi vill þingið leggja áherslu á jafnan rétt einstaklinga til að ganga í hjónaband óháð kyni eða kynhneigð og vísar til sambærilegrar einföldunar á hjúskaparlögum í Hollandi, Belgíu, Spáni, Kanada, Noregi og í Svíþjóð. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að lögin taki gildi 27. júní næstkomandi og eftir það gefist trúfélögum kostur á að vígslumenn þeirra taki að sér að gifta pör af sama kyni.

Sænska kirkjan hefur þegar samþykkt að gefa samkynhneigð pör saman í hjónaband. Við teljum mikilvægt að þjóðkirkjan fylgi því fordæmi, hafi áfram vígsluvald og stuðli þannig að áframhaldandi samfylgd kirkju og þjóðar í hjúskaparmálum. Við höfum opnað heimasíðuna www.einhjuskaparlog.is með frekari upplýsingum um þetta mikilvæga baráttumál. Við teljum að á grundvelli þeirrar vönduðu guðfræðiumræðu sem farið hefur fram á kirkjulegum vettvangi um kynhneigð og hjónaband á undanförnum fjórtán árum sé ekkert því til fyrirstöðu að vígslumönnum verði heimilað að gefa saman samkynhneigð pör í hjónaband og að þjóðkirkjan feti þannig í fótspor systurkirkna sinna.


*1. Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson, sóknarprestur Setbergsprestakalli*
*2. Sr. Arna Grétarsdóttir, sérþjónustuprestur, Noregi*
*3. Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor og prestur, Háskóla Íslands*
*4. Sr. Auður Inga Einarsdóttir, sérþjónustuprestur, heimilisprestur á Grund*
*5. Sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir, emerita, Kópavogi*
*6. Sr. Ágúst Einarsson, sérþjónustuprestur, Svíþjóð*
*7. Ármann Hákon Gunnarsson, djákni, Garðasókn*
*8. Sr. Ása Björk Ólafsdóttir, prestur, Reykjavík*
*9. Sr. Baldur Kristjánsson, sóknarprestur, Þorlákshafnarprestakalli*
*10. Sr. Bjarni Karlsson, sóknarprestur, Laugarnesprestakalli*
*11. Sr. Bragi Skúlason, sérþjónustuprestur, Landspítala- Háskólasjúkrahúsi*
*12. Sr. Bolli Pétur Bollason, sóknarprestur, Laufásprestakalli*
*13. Bryndís Valbjarnardóttir, guðfræðingur og útfararstjóri, Reykjavík*
*14. Sr. Carlos Ari Ferrer, prestur og kennari, Reykjavík*
*15. Sr. Cecil Haraldsson, sóknarprestur Seyðisfjarðarprestakalli*
*16. Sr. Dalla Þórðardóttir, prófastur, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastdæmi*
*17. Sr. Einar Eyjólfsson, prestur Fríkirkjunnar í Hafnarfirði*
*18. Sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir, sóknarprestur, Reykhólaprestakalli*
*19. Sr. Guðbjörg Arnardóttir, sóknarprestur, Oddaprestakalli*
*20. Sr. Guðmundur Örn Jónsson, prestur, Vestmannaeyjaprestakalli*
*21. Sr. Guðný Hallgrímsdóttir, sérþjónustuprestur, prestur fatlaðra, Reykjavík*
*22. Sr. Guðrún Karlsdóttir, prestur, Grafarvogsprestakalli*
*23. Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, sérþjónustuprestur, Landspítala - Háskólasjúkrahúsi*
*24. Gunnar Einar Steingrímsson, djákni, Grafarvogssókn*
*25. Gunnbjörg Óladóttir, guðfræðingur og doktorsnemi, Reykjavík*
*26. Sr. Gylfi Jónsson, héraðsprestur Þingeyjarprófastdæmi*
*27. Sr. Hans Guðberg Alfreðsson, prestur, Garðaprestakalli*
*28. Dr. Haukur Ingi Jónasson, lektor og prestur, Háskóla Íslands*
*29. Sr. Hildur Eir Bolladóttir, prestur, Laugarnesprestakalli*
*30. Dr. Hjalti Hugason, prófessor og prestur, guðfræðideild Háskóla Íslands*
*31. Sr. Hólmgrímur E. Bragason, héraðsprestur, Austfjarðaprófastdæmi*
*32. Hróbjartur Árnason, lektor og guðfræðingur, Háskóla Íslands*
*33. Sr. Ingileif Malmberg, sérþjónustuprestur Landspítala - Háskólasjúkrahúsi*
*34. Sr. Ingólfur Hartvigsson, sóknarprestur Kirkjubæjarprestakalli*
*35. Sr. Íris Kristjánsdóttir, sóknarprestur, Hjallaprestakalli*
*36. Jóhanna Magnúsdóttir, guðfræðingur og aðstoðarskólastjóri*
*37. Sr. Jón Ásgeir Sigurvinsson, guðfræðingur og doktorsnemi, Borgarnesi*
*38. Sr. Jón Helgi Þórarinsson, sóknarprestur, Langholtsprestakalli*
*39. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur Garðaprestakalli*
*40. Sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir, skólaprestur og framkvæmdastjóri Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar.*
*41. Karítas Kristjánsdóttir, guðfræðingur, Kirkjubæjarklaustri*
*42. Sr. Karl Valgarður Matthíasson vímuvarnaprestur Þjóðkirkjunnar*
*43. Sr. Kjartan Örn Sigurbjörnsson, sérþjónustuprestur Landspítala - Háskólasjúkrahúsi*
*44. Sr. Kristinn Jens Sigurþórsson, sóknarprestur, Saurbæjarprestakalli*
*45. Kristín Sigríður Garðarsdóttir, djákni og áfengisráðgjafi, Kópavogi*
*46. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, héraðsprestur Kjalarnesprófastdæmi*
*47. Sr. Lára G. Oddsdóttir, sóknarprestur, Valþjófsstaðarprestakalli*
*48. Sr. Lena Rós Matthíasdóttir, prestur Grafarvogsprestakalli*
*49. Sr. Magnús Erlingsson, sóknarprestur, Ísafjarðarprestakalli*
*50. Margrét Ólöf Magnúsdóttir, djákni, Árbæjarsókn*
*51. Ninna Sif Svavarsdóttir guðfræðingur og doktorsnemi, Hveragerði*
*52. Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, prestur Selfossprestakalli*
*53. Rósa Kristjánsdóttir, djákni Landspítala - Háskólasjúkrahúsi*
*54. Sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir, prestur, Reykjavík*
*55. Sr. Pétur Þorsteinsson, prestur Óháða safnaðarins í Reykjavík*
*56. Sr. Sigfinnur Þorleifsson, sérþjónustuprestur Landspítala - Háskólasjúkrahúsi*
*57. Sr. Sigfús Kristjánsson, prestur, Hjallaprestakalli*
*58. Sr. Sjöfn Mueller Thor, sóknarprestur, Reykhólaprestakalli*
*59. Dr. Sigríður Guðmarsdóttir, sóknarprestur, Grafarholtsprestakalli*
*60. Sr. Sigríður Gunnarsdóttir, sóknarprestur, Sauðárkróksprestakalli*
*61. Sr. Sigríður Kristín Helgadóttir, prestur Fríkirkjunnar í Hafnarfirði*
*62. Sr. Sigríður Óladóttir, sóknarprestur Hólmavíkurprestakalli*
*63. Sr. Sigrún Óskarsdóttir, prestur, Árbæjarprestakalli*
*64. Sr. Sigurður Grétar Helgason, sóknarprestur Seltjarnarnesprestakalli*
*65. Dr. Sigurður Árni Þórðarson, prestur Nesprestakalli*
*66. Sr. Skúli Sigurður Ólafsson, sóknarprestur, Keflavíkurprestakalli*
*67. Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir, sóknarprestur, Möðruvallaprestakalli*
*68. Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent og guðfræðingur, Háskóla Íslands*
*69. Svala Sigríður Thomsen, djákni á Grund*
*70. Sr. Svanhildur Blöndal, prestur á Hrafnistu í Reykjavík og á Vífilsstöðum*
*71. Sveinbjörg Pálsdóttir, guðfræðingur og stjórnsýsluráðgjafi, Reykjavík*
*72. Sr. Svavar Alfreð Jónsson, sóknarprestur, Akureyrarprestakalli*
*73. Sr. Toshiki Toma, sérþjónustuprestur, prestur innflytjenda*
*74. Sr. Ursula Árnadóttir, sóknarprestur, Skagastrandarprestakalli*
*75. Valgerður Hjartardóttir, djákni, hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustunni Karítas*
*76. Sr. Vigfús Bjarni Albertsson, sérþjónustuprestur Landspítala - Háskólasjúkrahúsi*
*77. Sr. Vigfús Þór Árnason, sóknarprestur, Grafarvogsprestakalli*
*78. Sr. Yrsa Þórðardóttir, prestur, Digranesprestakalli*
*79. Sr. Þór Hauksson, sóknarprestur, Árbæjarprestakalli*
*80. Sr. Þórhallur Heimisson, sóknarprestur, Hafnarfjarðarprestakalli*
*81. Sr. Þórir Stephensen, fyrrverandi dómkirkjuprestur.*
*82. Sr. Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur, Nesprestakalli*



## Innri endurskoðunardagurinn 2010

Hilton Reykjavik Nordica
Föstudaginn 7. maí 2010 kl. 08.30–12.00

| | |
|---|---|
| | Ráðstefnustjóri: Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík |
| 08.00–08.30 | Skráning og afhending gagna |
| 08.30–08.40 | Ráðstefnan sett<br>Ólafur Ísleifsson ráðstefnustjóri |
| 08.40–09.10 | Innri starfshættir og eftirlit í fjármálafyrirtækjum með hliðsjón af störfum regluvörslu<br>Kristinn Arnar Stefánsson, regluvörður Íslandsbanka |
| 09.10–09.40 | Hugleiðingar um siðferðileg álitamál fyrir innri endurskoðendur<br>Ketill B. Magnússon, viðskiptasérfræðingur hjá HR |
| 09.40–10.10 | Frumvarp til nýrra laga um fjármálafyrirtæki – nýjar heimildir og nýjar áherslur hjá FME<br>Gunnar Þ. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins |
| 10.10–10.30 | Kaffi |
| 10.30–11.00 | Umgjörð menntunar – Er þörf á breyttum áherslum?<br>Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík |
| 11.00–11.30 | Hlutverk stjórnar og stjórnarhættir fyrirtækja – tímamót<br>Ragnar Önundarson, varaformaður stjórnar og formaður endurskoðunarnefndar Lífeyrissjóðs verslunarmanna |
| 11.30–12.00 | Siðblinda<br>Nanna Briem geðlæknir |
| 12.00 | Ráðstefnuslit |
| | Ráðstefnugjald: 14.500 kr.<br>Námsmat: Ráðstefnan gefur 4 endurmenntunareiningar hjá FIE, IIA og FLE. |

Ráðstefnan er opin félagsmönnum FIE, FLE og öðrum þeim sem áhuga hafa.
Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til fie@fie.is ekki síðar en kl. 16.00 þann 6. maí nk.

IIA Félag um innri endurskoðun

**KARL MARX (1818-1883) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**



*„Öreigar allra landa sameinist! Þið hafið engu að glata nema hlekkjunum.“*

***Marx var áhrifamikill þýskur hagfræðingur, heimspekingur og stjórnmálaspekingur. Hann skrifaði Kommúnistaávarpið ásamt Friedrich Engels 1848 og var í fararbroddi við stofnun fyrstu alþjóðasamtaka verkalýðsins í London árið 1864.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5. MAÍ 2000

## Samfylkingin formlegur flokkur

Stofnfundur Samfylkingarinnar var haldinn 5.-6. maí 2000 og varð hún þá að formlegum stjórnmálaflokki á Íslandi.

Samfylkingin er jafnaðamannaflokkur sem varð til við samruna Alþýðuflokksins, Alþýðubandalagsins, Samtaka um kvennalista og Þjóðvaka. Íslandshreyfingin gekk síðar til liðs við Samfylkinguna, eða í mars árið 2009.

Samfylkingin bauð fram í fyrsta skipti í alþingiskosningunum 1999 sem kosningabandalag og hlaut þá 26,8 prósent atkvæða en það var hæsta hlutfall atkvæða sem vinstri flokkur hafði fengið í áratugi hérlendis.

Margrét Frímannsdóttir var í upphafi talsmaður flokksins en Össur Skarphéðinsson fyrsti kjörni formaðurinn. Formaður flokksins er nú Jóhanna Sigurðardóttir og varaformaður Dagur B. Eggertsson. Samfylkingin og Vinstri græn mynda nú ríkisstjórn Íslands.



**DAGUR B. EGGERTSSON OG JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR.**

*Heimild: www.wikipedia.org.*

## MERKISATBURÐIR

1625 Kristján IV. Danakonungur ræðst inn í Þýskaland.

1639 Brynjólfur Sveinsson er vígður Skálholtsbiskup.

1646 Karl I. Englandskonungur gefst upp fyrir þinghernum í Skotlandi.

1945 Guðmundur Kamban rithöfundur er skotinn til bana í Kaupmannahöfn.

1949 Evrópuráðið er stofnað.

1970 Heklugos hefst og askan veldur gróðurskemmdum, einkum norðanlands.

1990 Ísland nær fjórða sæti í Eurovision með laginu Eitt lag enn, flutt af Stjórninni.



**ÚTIVERA, HREYFING OG FRELSI** Steinunn starfar hjá Endurhæfingu og ætla níu starfsmenn fyrirtækisins að taka þátt í Hjólað í vinnuna í ár.

ÁTAKSVERKEFNIÐ HJÓLAÐ Í VINNUNA: HRUNDIÐ AF STAÐ Í ÁTTUNDA SINN

# Hefur verið með frá upphafi

Hvatningar- og átaksverkefnið Hjólað í vinnuna hefst í dag og stendur til 25. maí en þetta er í áttunda skipti sem því er hrundið af stað. Steinunn Sigurðardóttir, sérhæfður aðstoðarmaður hjá Endurhæfingu, hefur tekið þátt frá upphafi. „Við vorum nokkur hjá Endurhæfingu sem hjóluðum í vinnuna þegar átakið fór af stað á sínum tíma og fannst tilvalið að vera með. Þá voru nú ekki ýkja margir sem tóku þátt og svo fór að við lentum í þriðja sæti annað árið.“

Markmið átaksins hefur frá upphafi verið að vekja athygli fólks á hjólreiðum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Svo virðist sem því markmiði sé þegar náð en þegar verkefnið hófst árið 2003 voru þátttakendur 533 talsins. Í fyrra voru þeir hins vegar orðnir 8.041. Steinunn var þó byrjuð að hjóla í vinnuna löngu áður en átakið hófst. „Ég hjóla um fjögurra kílómetra leið á hverjum morgni eða átta kílómetra á dag. Ég hef starfað í fimmtán ár hjá Endurhæfingu, sem sérhæfir sig í endurhæfingu fyrir einstaklinga með fjölþættar fatlanir, en áður var ég að vinna í versluninnni Straumnesi í Vesturbergi og þangað hjólaði ég líka.“

En hvað er það við hjólreiðarnar sem heillar? „Þetta er góð þjálfun sem kostar ekkert og gefur mikið frelsi. Mér er alveg sama hvernig viðrar og finnst yndislegt að fylgjast með fugla- og mannlífinu á leiðinni,“ segir Steinunn sem klæðir sig í ullar- og hlífðarföt ef veður gefur tilefni til. „Síðan get ég farið í sturtu á vinnustaðnum og eftir einn kaffibolla er ég til í slaginn.“

En ætli Steinunn leggi mikið upp úr útbúnaðinum? „Nei, hann skiptir mig litlu máli. Eiginmaðurinn, börnin, barnabörnin og tengdabörnin gáfu mér hjól í fimmtugsafmælisgjöf. Það er því orðið þréttán ára gamalt og hefur dugað vel. Gírarnir eru hins vegar orðnir frekar leiðinlegir og líklega þyrfti ég að fara að skipta.“

Steinunn hjólar vor og sumar og langt fram á haust. Ef veður leyfir tekur hún hjólið líka fram á veturna. „Ég hef þó nokkrum sinnum dottið í hálku og nú síðast hótuðu börnin mín að læsa hjólið inni ef ég léti það ekki vera um miðjan vetur. Þá tek ég hins vegar fram mannbroddana og geng því bílinn vil ég bara nota spari.“

Hjólað í vinnuna verður formlega ræst klukkan 8.30 í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í dag og á Glerártorgi á Akureyri. Nánari upplýsingar um átakið er að finna á www.hjoladivinnuna.is

vera@frettabladid.is



†

*Elskuleg móðir mín,*

**Jóhanna Hrönn Ármannsdóttir**

varð bráðkvödd á heimili sínu í Kaupmannahöfn fimmtudaginn 8. apríl. Útför hennar fór fram frá Fossvogskapellu í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þakka samúð og velvilja sem ég hef notið við fráfall móður minnar.

**Holger Sigmar Heltoft.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Helgi Ástbjartur Þorvarðarson**

pípulagningameistari, Frostafold 121,

lést 28. apríl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 7. maí kl. 13.00.

**Kristjana Hjartardóttir**
**Friðsemd Helgadóttir** **Kristinn Sigurðsson**
**Þorvarður Helgason** **Lilja Guðmundsdóttir**
**Hrönn Helgadóttir** **Kristján Þór Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg eiginkona mín,*

**Hrefna Guðrún Guðmundsdóttir**

lést á Dvalarheimilinu Víðihlíð í Grindavík, sunnudaginn 2. maí. Jarðarförin fer fram frá Grindavíkurkirkju, miðvikudaginn 12. maí kl. 13.00.

**Guðbrandur Eiríksson,**
**systkini hinnar látnu og aðrir vandamenn.**



†

*Innilegar þakkir fyrir hlýjar kveðjur og vinarhug vegna andláts og útfarar bróður okkar,*

**Arngríms Indriða Erlendssonar.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á sambýlinu Klettahrauni 17, hjúkrunarfólks og lækna.

**Sigurfljóð Erlendsdóttir**
**Anna G. Erlendsdóttir**
**Davíð V. Erlendsson**
**Vignir Erlendsson**
**Steinar R. Erlendsson**
**Erla M. Erlendsdóttir**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lilja Hólmfríður Valdimarsdóttir**

lést fimmtudaginn 15. apríl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigrún Jónsdóttir**
**Alda Pálmadóttir** **Viðar Þórarinsson**
**Jón Hólm Sigrúnarson**
**G. Mjöll Stefánsdóttir**
**Inga Rún Sigrúnardóttir**
**Lilja Björk Viðarsdóttir**
**Ásdís Erna Viðarsdóttir**



†

*Faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Guðbjörnsson**

framreiðslumeistari
Miðvangi 41, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði sunnudaginn 2. maí. Verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 18. maí kl. 15.00.

**Guðbjörn Steinþór Ólafsson**
**Anna Elísabet Ólafsdóttir** **Kristján Sigurmundsson**
**Ólafur Rúnar Ólafsson** **Oddný Kristinsdóttir**
**Helgi Þór Ólafsson** **Ingibjörg Jóhannesdóttir**
**Jóhann Valgarð Ólafsson**
**Einar Örn Kristinsson** **Áslaug Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ROLEX

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is


# MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...


10 ára Svansmerking
UMHVERFISMERKI SVANURINN
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 5. maí 2009 – 5. tölublað – 6. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



**Joseph Stiglitz:**
Ekki tími fyrir viðskiptastríð
6

**Rannsóknarskýrsla Alþingis:**
Hvað getur viðskiptalífið lært af skýrslunni?

8-9

**Yfir Heiðina með Óla Kristjáni:**
Á tvö hundruð hestafla tryllitæki

10

## Pláss fyrir fjórða matið

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) á að skoða stofnun nýs matsfyrirtækis sem mun meta lánshæfi ríkja og fyrirtækja innan ESB. Þetta segir Michel Barnier, sem fer með málefni innri markaða sambandsins. Hann fundaði með efnahags- og viðskiptanefnd ESB í gær og sagði Fitch, Moody's og Standard & Poor's hafa gert Grikkjum erfitt fyrir, að sögn Financial Times.

## Opin kerfi í aldarfjórðung

Tölvugeirinn hér lifir góðu lífi þrátt fyrir áföllin sem dunið hafa á efnahagslífinu, að sögn Gunnars Guðjónssonar, forstjóra Opinna kerfa. Hann segir ágæt sóknarfæri fram undan enda stjórnendur fyrirtækja góðu vanir og geri þeir miklar kröfur.


GUNNAR GUÐJÓNSSON

Opin kerfi, sem er umboðs- og þjónustuaðili fyrir Hewlett Packard, Cisco Systems og Microsoft, fagnar aldarfjórðungsafmæli um þessar mundir. Í tilefni af því blæs fyrirtækið til ráðstefnu um strauma og stefnur í upplýsingatækni auk þess að opna nýja verslun á Höfðabakka í Reykjavík á laugardag. - jab

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Evran í lægð** Gengi evrunnar hefur ekki mælst lægra gagnvart bandaríkjadal í meira en ár. Erfiðri skuldastöðu Grikklands og fleiri evruríkja er þar helst kennt um. Björgunarpakki handa Grikklandi, sem samþykktur var um helgina, íþyngir evrunni. Í gær var gengi hennar gagnvart dollar komið í 1,3 en var rúmlega 1,5 í nóvember.



**Niðurskurður Grikkja** Grikkir hafa tekið að sér að skera niður á fjárlögum sínum um 30 milljarða evra til ársins 2012 í þeirri von að ná að saxa eitthvað á skuldabagg-ann sem sligar ríkissjóð. Almenningur í Grikklandi er ekki alls kostar sáttur við lífskjaraskerðinguna sem fylgir þessum niðurskurði og hafa verkalýðsfélög hrint af stað nýjum verkfallsaðgerðum.

**Ráðherra segir af sér** Claudio Scajola, iðnaðarráðherra Ítalíu, sagði af sér í gær vegna hneykslismáls sem komist hefur í hámæli. Scajola neitar allri sök en segist þurfa að verja sig gegn ásökunum um að auðugur viðskiptajöfur hafi skrifað undir kaupsamning, þegar ráðherrann keypti sér lúxusíbúð í Róm.

# Gnúpur í rannsókn hjá skilanefnd Glitnis

Fjárfestingarfélagið Gnúpur var fyrsta fjármálafyrirtækið sem fór á hliðina í kreppunni. Bankarnir héldu félaginu á lífi. Slökkt verður á öndunarvélinni fljólega og félagið gert upp.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Gnúpur er til rannsóknar hjá skilanefnd Glitnis og er ekki útilokað að einhver þeirra mála sem upp kunna að koma endi á borði sérstaks saksóknara, samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins. Gnúpur var fyrsta fjárfestingarfélagið sem féll í aðdraganda bankahrunsins en fór ekki í þrot. Óskað verður eftir gjaldþrotaskiptum á næstu vikum.

Gnúpur var stofnað í október 2006 upp úr sölu þeirra Kristins Björnssonar og útgerðarmannsins Magnúsar Kristinssonar á tæpum fjórðungshlut í Straumi-Burðarási. Kaupandinn var FL Group, sem reiddi fram 47 milljarða króna með hlutabréfum upp á 35 milljarða króna í FL Group og tólf milljarða króna í Kaupþingi.

Fjölskylda Kristins átti 44 prósenta hlut á móti jafn stórum hlut Magnúsar, konu hans og bróður. Afgang átti Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Gnúps.

Líkt og greint er frá í rannsóknarskýrslu Alþingis fólst fjárfestingarstefna Gnúps í viðskiptum með eigið fé í skráðum og óskráðum hlutabréfum og skuldabréfum bæði hér og erlendis. Grunnur félagsins lá í hlutabréfaeign í FL Group og Kaupþingi.

Fram kemur í skýrslunni að eigið fé Gnúps var 31 milljarður króna í október 2006. Skuldir félagsins, eigenda og vegna framvirkra samninga námu rúmum áttatíu milljörðum króna og Gnúpur því einn af stærstu skuldurum íslenska bankakerfisins.

Meðbyr var með Gnúpi í fyrstu. Líkt og kunnugt er festi félagið sér næstefstu hæðina í skrifstofuhúsnæði í Borgartúni í Reykjavík. Einhverjir starfsmenn munu hafa verið ráðnir til starfa enda stefnan að stofna fjárfestingarbanka svipuðum Straumi.

Fjármálakreppan setti hins vegar skarð í þær áætlanir og í desember 2007, rúmu ári eftir stofnun félagsins, var það komið í greiðsluerfiðleika. Lánardrottnar, íslensku viðskiptabankarnir þrír, sáu hvert stefndi enda ljóst að fall Gnúps myndi hafa keðjuverkandi áhrif á gengi hlutabréfa þeirra fjármálafyrirtækja sem félagið átti í og gengi skuldabréfa sem peningamarkaðssjóðir bankanna höfðu keypt.

Stjórnendur bankanna sneru því hljóðlega bökum saman til að forða því að spilaborgin færi af stað. Kaupþing lánaði fjárfestingarfélaginu Gift tuttugu milljarða króna til að kaupa hlutafjáreign félagsins í Kaupþingi en Fons og Baugur keyptu hlutinn í FL Group. Baugur var þá með stærstu eigendum félagsins, sem aftur átti þriðjung í Glitni. Í byrjun janúar 2007 sömdu bankarnir um að taka þær eignir sem þeir áttu veð í hjá Gnúpi með um helmingsafslætti en beittu sér ekki fyrir gjaldþrotaskiptum. Þeir sem til þekktu innan fjármálageirans sáu hvert stefndi, losuðu um eignir sínar í kjölfarið, svo sem í peningamarkaðssjóðum bankanna, og komu þeim í skjól.

Uppgjör þess sem eftir lifði af Gnúpi lenti í fyrstu í höndum lögmannanna Lárentsínusar Kristjánssonar og Steinars Guðgeirssonar hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur. Eftir að þeir tóku við sem formenn skilanefnda Landsbankans og Kaupþings lenti félagið í höndum skilanefndar Glitnis og hefur verið þar síðan.

Borgun hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í 30 ár. Þekking okkar og reynsla nýtist viðskiptavinum á hverjum degi, allan sólarhringinn.

Borgun býður:
- Allar gerðir posa á hagstæðum kjörum
- Öruggar lausnir fyrir vefverslanir
- Skilvirka leið við innheimtu boðgreiðslna
- Notendavæna þjónustuvefi

Hafðu samband í 560 1600 eða borgun@borgun.is og fáðu tilboð í færsluhirðingu.




BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is

MasterCard Maestro VISA VISA ELECTRON JCB Diners Club



# FME sektar Marel

Marel þarf að greiða fimm milljóna króna sekt vegna þess að hafa ekki tilkynnt um innherjaupplýsingar í aðdraganda kaupa Columbia Wanger Asset Management á 5,2 prósenta hlut í Marel í september í fyrra. Fjármálaeftirlitið (FME) kynnti ákvörðun sína þar að lútandi í gær.

Fram kemur í ákvörðun FME að innherjaupplýsingar hafi myndast vegna kaupanna 23. september þegar stjórn Marels heimilaði og tók ákvörðun um útgáfu nýrra hluta og sölu eigin bréfa til Columbia. „Mat Marel var að innherjaupplýsingar hefðu ekki myndast fyrr en að kvöldi 25. september. Þá hafi legið fyrir að kaupandi hafði fullan hug á að eignast bréfin," segir í ákvörðun FME.

Í tilkynningu Marel í gær er áréttað að málið varði fyrst og fremst formsatriði og snúist um lagatúlkun. Þrátt fyrir ágreining sem væri uppi í málinu um túlkun á viðkomandi ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti myndi Marel ekki aðhafast frekar. **- óká**

# Horft til framtíðar í kreppunni

Pósthúsið vinnur nú að því að innleiða ISO 9001-gæðastjórnunarstaðalinn, sem rammar inn ákveðið ferli í stjórn fyrirtækisins. Hannes Hannesson, framkvæmdastjóri Pósthússins, segir þetta lið í auk-inni skilvirkni fyrirtækisins.



**HANNES** Pósthúsið verður tilbúið til að taka við dreifingu á almennum bréfapósti þegar einkaleyfi ríkisins á því verður afnumið, að sögn framkvæmdastjóra fyrirtækisins. MARKAÐURINN/GVA

Pósthúsið, sem dreifir Fréttablaðinu á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri, sérhæfir sig jafnframt í dreifingu á pósti og vörum fyrir fyrirtæki og stofnanir. Það hóf fyrir skömmu að innleiða gæðastjórnunarstaðal í samstarfi við ráðgjafarstofuna 7.is, sem ætlað er að vera rammi um starfsemina, stjórnun og rekstur. Þá auðvelda verkferlar sem felast í innleiðingu staðlanna verklag og greiningu vandamála til að bæta reksturinn.

„Við ætlum okkur stærri hluti í framtíðinni og erum að búa í haginn fyrir það," segir Hannes og vísar til þess að hann telji ekki langan tíma þar til einkaleyfi ríkisins á almennum bréfapósti verður afnumið. Þegar það gerist verði Pósthúsið tilbúið að taka við þjónustunni. **- jab**

## BANKABÓKIN

**Samanburður á vaxtatöflum bankanna**

| | **Hæstu innlánsvextir** | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 4,30%A | 14,35%B | 14%B |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 5,55% | 14,25%C | 14%C |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 5,60%D | 14%E | 14%E |
| MP BANKI | MP Sparnaður 5,85% | 13,95% | 12,45 til 13,95% F |
| BYR SPARISJÓÐUR | PM-reikningur 5,50% G | 14,35% | 13,75 til 15,90% H |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 5,70% I | 15,2% | 15,20% |

*Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. A Markaðsreikningur bundinn í tíu daga. B Að auki er 3% viðskiptagjald skuldfært mánaðarlega af heimild. C Að auki er 5% viðskiptagjald skuldfært mánaðarlega af heimild. D Vaxtareikningur bundinn í sjö daga. E Að auki er 1,5% heimildargjald skuldfært mánaðarlega af heimild. F Fer eftir því hvernig fyrirtækið er metið hjá MP. Aðeins eru greiddir vextir af nýttri heimild. G PM er bundinn í tíu daga. H Ekkert heimildargjald. I 0,25% úttektargjald*

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Ný útrás bollalögð

Erlendir fjármagnsmarkaðir eru nú lokaðir Íslendingum og hluti Útflutningsþings fjallar um þá möguleika sem íslensk fyrirtæki eiga á að útvega sér fjármögnun og sækja á nýja markaði.

„Við ætlum að taka stöðu á því hvernig bankarnir geta framvegis stutt við nýja útrás," segir Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs. „Þótt við teljum ekki að það eigi að leggja í álíka vegferð og þá sem farin var þurfa menn peninga, aðstöðu og fjármögnun sinna verkefna.



**JÓN ÁSBERGSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI ÚTFLUTNINGSRÁÐS**

Heimurinn snýst áfram og þótt það hafi farið illa hjá okkur síðast þá er ekki komið að endalokum mannlífs, hvorki hér né annars staðar," segir Jón. Yfirskrift Útflutningsþings 2010 er Sóknarfæri í útflutningi.

„Við erum að efna til þessa málfundar til að draga athygli manna að mikilvægi gjaldeyrisskapandi starfsemi," segir Jón. „Það er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar."

Þarna verði tekin staðan á hinum ýmsu atvinnugreinum. Meðal þeirra sem halda erindi eru Birkir Hólm Guðnason, forstjóri Icelandair, Rannveig Rist, forstjóri RioTintoAlcan á Íslandi, Birna Einarsdóttir, forstjóri Íslandsbanka, Eldar Ástþórsson, kynningarstjóri Gogoyoko.com, og Rúnar Ómarsson, framkvæmdastjóri Nikita. **- pg**

# Bankavextir freista erlendra fjárfesta

## Helmingur nýfjárfestingar erlendra aðila hefur farið á innlánsreikninga. Viðskiptaráðherra segir innflæði ekki mikið.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Rúmur helmingur af allri erlendri nýfjárfestingu sem komið hefur inn í landið frá því slakað var á gjaldeyrishöftum í lok október í fyrra hefur farið inn á innlánsreikninga í bönkunum. Erlendir aðilar hafa fjárfest hér á landi fyrir 15,9 milljarða króna frá 1. nóvember í fyrra til 8. apríl á þessu ári, samkvæmt gögnum frá Seðlabankanum.

Þetta skref í afnámi gjaldeyrishaftanna fól í sér heimild til innstreymis erlends gjaldeyris til nýfjárfestinga og útstreymis gjaldeyris sem kann að leiða af því í framtíðinni. Fengu þá fjárfestar heimild án takmarkana til þess að skipta aftur í erlendan gjaldeyri söluandvirði eigna sem þeir fjárfesta í, ásamt fjármagnstekjum af þeim.

Af heildarinnflæði erlends fjármagns frá í nóvember fór rúmur 8,1 milljarður króna inn á innlánsreikninga en tæpir 6,2 í fjárfestingar í atvinnurekstri. Tæpir 1,6 milljarðar króna fóru í viðskipti með skráða fjármálagerninga, þar á meðal hlutabréf og skuldabréf, og í fasteignakaup. Á sama tíma hefur útflæði sem leyft var á sama grunni aðeins verið 31 milljón króna. Innstreymið á erlendu fjármagni var mest í nóvember og desember, 4,5 milljarðar króna hvorn mánuð, en úr því dró eftir því sem á leið, líkt og sést á töflunni hér til hliðar.

„Þetta eru ekki háar tölur, þær eru mun lægri en við hefðum viljað sjá," segir Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra. Hann bendir á að fjárfestingar erlendra aðila hér sé einn af óvissuþáttunum sem nefndir eru í skýrslu starfshóps Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) vegna annarrar endurskoðunar efnahagsáætlunar stjórnvalda og sjóðsins.

Gylfi segir mikilvægt að auka fjárfestingar hér, hvort heldur er innlendra og erlendra aðila. Það skipti máli bæði fyrir hagvöxt og geti dregið úr atvinnuleysi. „Við verðum að gera okkar besta til að skapa umhverfi sem hvetur til fjárfestinga," segir Gylfi.

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri eignaumsýslu og ráðgjafar hjá Saga Capital fjárfestingarbanka, segir innflæðið meira en hann hafi búist við. Hann rifjar upp að margir hafi verið efins um að þessi fyrstu skref í afnámi gjaldeyrishafta myndu skila miklu. Tryggvi segir háa bankavexti freista fjárfesta en telur ekki útilokað að eitthvað af fénu bíði þess að fara í fjárfestingar. „Ég reikna með að þeir peningar sem liggja í innlánum og ríkisskuldabréfum muni að einhverju leyti rata út í atvinnulífið eftir því sem vextir lækka," segir hann.

## BEIN ERLEND FJÁRFESTING








# Nú geta fyrirtæki með lán í erlendri mynt sótt um höfuðstólslækkun

**Íslandsbanki starfar með fjöldamörgum fyrirtækjum að margvíslegri uppbyggingu og endurskipulagningu.**

**Höfuðstólslækkun**
Erlendum lánum er breytt í óverðtryggð eða verðtryggð lán í íslenskum krónum miðað við sölugengi Seðlabanka Íslands þann 29. september 2008. Lánstími og kjör nýju lánanna taka mið af greiðslugetu og tryggingum og eru því mismunandi.

**25% lækkun að meðaltali**
Við lækkunina verður stuðst við ákveðið skiptigengi fyrir hverja mynt og er hún því mismunandi eftir myntsamsetningu erlendu lánanna. Að meðaltali er lækkunin um 25%.

**Fyrir hvaða fyrirtæki?**
Fyrirtæki sem hafa yfir 25% af tekjum sínum í íslenskum krónum og tóku lánin fyrir 15. október 2008 geta sótt um höfuðstólslækkun hjá fyrirtækjaráðgjöfum og viðskiptastjórum bankans. Lagt er mat á hverja umsókn en bankinn áskilur sér rétt til að hafna umsókn í samræmi við lána- og vinnureglur bankans.

Þar sem lækkun höfuðstóls lána getur haft í för með sér skattaleg áhrif ráðleggjum við þér einnig að leita ráðgjafar hjá endurskoðendum um áhrifin á þitt fyrirtæki.

**Við hvetjum þig til að setjast niður með ráðgjafa þínum í bankanum og fara vandlega yfir stöðuna.**

## Hvers vegna höfuðstólslækkun?

- Minni gengisáhætta
- Lækkun skulda
- Jafnari greiðslubyrði

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Kreppufræði á bók

Brjóta á upp risabanka og auka verulega eftirlit með ýmsum fjármálagjörningum. Þetta er mat bandaríska hagfræðiprófessorsins Nouriel Roubini.

Roubini varaði við vexti undirmálslána í bandarísku fjármálalífi nokkru áður en kreppan skall á haustið 2007 og skaust upp á stjörnuhimin utan hagfræðiheimsins. Hann hefur nú skrifað bók um kreppufræði þar sem hann mælir með því að lög kennd við Glass-Steagall frá 1933 verði endurvakin. Þau fela í sér að skil eru gerð á milli fjárfestingarbanka og viðskiptabanka. - jab



**HNÍFINN Á LOFT!** Nouriel Roubini fékk viðurnefnið Herra dómsdagur vegna svartsýnna spádóma sinna um þróun efnahagsmála.

# Fleiri tækifæri eftir kreppuna

John Conroy, forstjóri írska verðbréfafyrirtækisins Merrion Capital, hefur sagt starfi sínu lausu og tekið við stýrinu á fyrirtækjasviði fyrirtækisins. Í myndinni er að hann kaupi helmingshlut í þessum hluta Merrion Capital.

Írska dagblaðið Independent hafði eftir Conroy í síðustu viku að fjármögnunarþörf írskra fyrirtækja sé nú mikil og vilji hann einbeita sér að þeim markaði.

John Conroy fór fyrir hópi stjórnenda Merrion Capital sem keypti rekstur fyrirtækisins af skilanefnd Landsbankans eftir fall bankanna í október 2008.



**GLUGGAÐ Í PAPPÍRANA** John Conroy rýnir í plögg með þeim Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni, fyrrverandi bankastjórum, þegar Landsbankinn keypti Merrion fyrir fimm árum.

Þeir greiddu fyrir þrjátíu milljónir evra, jafnvirði í kringum sex milljarða króna á þávirði. Það er þriðjungur af því sem Landsbankinn greiddi fyrir fyrirtækið á sínum tíma.

Landsbankinn hóf að kaupa hlutabréf í Merrion árið 2005 og átti undir það síðasta 84 prósenta hlut í verðbréfafyrirtækinu. Starfsmenn Merrion áttu hlut í félaginu og högnuðust þeir nokkuð á viðskiptunum. Talið er að hlutur Conroys hafi numið á bilinu 5,5 til 8,3 milljónum evra. - jab

# Vill rukka fyrir ríkisábyrgð

## Ríkið missti af allt að fjórtán milljörðum króna, að mati formanns viðskiptanefndar Alþingis.

Ríkið á að krefjast gjalds vegna ríkisábyrgðar á innstæður í bönkunum. Þetta er mat Lilju Mósesdóttur, formanns viðskiptanefndar Alþingis og þingmanns Vinstri grænna. Hún segir að líta megi á það sem borgun fyrir trygginguna.

Lilja segir að með réttu ætti skattféð að renna í varasjóð hins opinbera sem yrði nýtt færi einhver bankanna á hliðina á meðan ríkisábyrgðin er í gildi.

Innstæður í bönkunum nema nú í kringum 1.400 milljörðum króna, sem jafngildir einni landsframleiðslu. Á sama tíma skjóti skökku við að raunávöxtun er neikvæð. Lilja segir það benda til að fjármagnseigendur leiti ekki eftir vöxtum heldur því skjóli sem felist í ábyrgðinni. Ekkert hefur verið rætt um hugsanlegt álag á innstæður. Gjald upp á eitt prósent gæti skilað ríkissjóði fjórtán milljörðum króna í mesta lagi, að mati Lilju. Hún leggur áherslu á að innstæður hafi verið lægri fyrir hrun en aukist eftir það. „Þetta gjald hefði átt að setja á fyrir ári," segir hún.



**LILJA MÓSESDÓTTIR** Formaður viðskiptanefndar Alþingis segir ríkið hafa átt að leggja gjald á innstæður í bönkunum fyrir ári.

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, lagði fram frumvarp um ný lög um innstæðutryggingar á Alþingi í lok nóvember í fyrra. Það er nú í viðskiptanefnd en verður að líkindum lagt fyrir aðra umræðu á Alþingi eftir um hálfan mánuð. Líklegt er að það verði að lögum um miðjan júní.

Frumvarpið felur í sér að búnir verða til tveir sjóðir. Núverandi Tryggingasjóður innstæðueigenda fer í B-hluta. Nýr tryggingasjóður verður til A-hluta og munu bankarnir greiða í hann 0,3 prósent af innstæðum fjórum sinnum á ári. Í framhaldinu verður innleidd fimmtíu þúsund evra trygging á innstæður. Það jafngildir rúmum 8,5 milljónum króna. Ríkisábyrgð á innstæður mun þrátt fyrir það ekki falla úr gildi á sama tíma. - jab

# Leita tækifæra í ógn

## Ferðaþjónustan vonast til þess að bókunum fjölgi í kjölfar markaðsátaks. Í gær var kynnt skýrsla um eldgos og ferðamál.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Samkvæmt talningu Ferðamálastofu fóru 23 þúsund erlendir gestir frá landinu um Leifsstöð í apríl. Fækkunin nemur 17 prósentum þegar mánuðurinn er borinn saman við apríl í fyrra.

„Gosið í Eyjafjallajökli hefur haft sín áhrif, en framan af mánuði, eða á tímabilinu 1. til 13. apríl, var 13,5 prósenta fjölgun í brottförum en á tímabilinu 14. til 31. apríl nam fækkunin 40,7 prósentum. Að viðbættum 1.000 brottförum erlendra gesta í millilandaflugi um Akureyrarflugvöll nemur fækkunin 34,3 prósentum," segir í samantekt Ferðamálastofu.

Ferðamálastofa gekkst í gær fyrir ferðamálaþingi í Reykjavík í samstarfi við iðnaðarráðuneytið. Dagskráin var helguð gosinu í Eyjafjallajökli.

Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri kynnti meðal annars nýja skýrslu sem nefnist „Vá – Öryggi og orðspor: Eldgos á Suðurlandi". Í henni er farið yfir hverja þá þætti sem snúa að jarðhræringum líkum þeim sem hér hafa dunið yfir. Meðal annars kemur fram að í öllum tilvikum þurfi að bæta upplýsingamiðlun til ferðamanna meðan á hamförum standi, ásamt upplýsingum um við hverju megi búast á viðkomandi svæðum og hvernig bregðast eigi við.

Í skýrslunni er þó um leið áréttað að í sérhverri stöðu felist tækfæri. „Mikilvægt er að ferðamenn sem koma til landsins séu meðvitaðir um það frábæra starf sem unnið er hér á landi á sviði almannavarna," segir þar og áréttað að mikilvægt sé fyrir ferðaþjónustuna að nýta sér tækifæri sem skapist þegar um „túristagos" sé að ræða. „Tækifærin liggja í öryggninu, fagmennskunni og upplýsingamiðluninni. Þannig á ferðamaðurinn að hafa öryggistilfinningu í landi óvæntra viðburða."

**UMFERÐ UM LEIFSSTÖÐ Í APRÍL***

*Breyting á milli ára:*

| Svæði | 2009 | 2010 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Norðurlönd | 9.187 | 6.736 | -26,7% |
| Bretland | 5.794 | 5.286 | -8,8 |
| Mið-/S-Evrópa | 2.745 | 2.351 | -14,3 |
| N-Ameríka | 5.319 | 4.422 | -16,9 |
| Annað | 4.740 | 4.292 | -9,4% |
| Samtals | 27.785 | 23.087 | -16,9% |

*Heimild: Ferðamálastofa*

Fyrir síðustu hræringarnar í Eyjafjallajökli einkenndi ferðaþjónustuna mikil bjartsýni og búist við töluverðri fjölgun ferðamanna. Nú hefur staðan snúist við og víða brugðist við afbókunum. Árni Gunnarsson, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), kveðst þó enn hóflega bjartsýnn, sér í lagi í ljósi þess markaðsátaks sem með stuðningi stjórnvalda sé verið að fara í gang með. „Að því gefnu að þar takist vel til og að náttúran spili með okkur, þannig að ekki verði frekari hamfarir og samgöngur riðlist ekki, þá er ég ekki svo rosalega svartsýnn," segir hann og kveður vel ganga að safna fé í markaðsátak fyrir ferðaþjónustuna. „Ríkið hefur lagt fram fé og borgin, sem og aðilar í ferðaþjónustunni innan SAF. Þar má nefna Icelandair, Iceland Express og fleiri fyrirtæki sem leggja inn peninga. Við ætlum að vinna úr þessari ógn tækifæri. Það er ekki um annað að ræða í stöðunni en að líta á það þannig."

Árni segir að víða í ferðaþjónustunni hafi verið gripið til aðgerða til þess að draga úr afbókunum, svo sem með því að lengja frest til staðfestinga pantana og annað slíkt. „En við sjáum fyrst og fremst fram á að töluvert hafi hægt á nýjum bókunum. Og þær ætlum við að trekkja í gang með þessu átaki núna."

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 50133 04/10

Stefnir - *Ríkisvíxlasjóður.*
Góður kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

- 90% ríkisvíxlar og ríkisskuldabréf / 10% innlán
- Víxlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánum.
- Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
- Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
- Lágmarkskaup 5.000 kr.
- Enginn munur á kaup- og sölugengi.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

Arion banki

Stefnir - Ríkisvíxlasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

## Útflutningsþing 2010

# Sóknarfæri í útflutningi

## Hilton Reykjavík Nordica, fimmtudaginn 6. maí kl. 8.30-13.00

Hvernig má efla útflutning og sókn á nýja markaði? Hvaða stuðningur er í boði fyrir íslensk útflutningsfyrirtæki og hvernig má auka samkeppnishæfni þeirra? Á hvaða hátt styður fjármálamarkaður við útflutning og gjaldeyrissköpun?

Á útflutningsþingi 2010 koma saman stjórnendur fjölbreyttra útflutningsfyrirtækja. Þau munu miðla af reynslu sinni, rýna í framtíðina og greina tækifæri.

### Á Útflutningsþingi færðu:

- Greiningu á stöðu og horfum fyrir íslensk útflutningsfyrirtæki
- Reynslusögur leiðandi útflutningsfyrirtækja
- Ábendingar um leiðir til að ná árangri á erlendum mörkuðum
- Umfjöllun um hlutverk fjármálafyrirtækja í útflutningsgreinum
- Yfirlit yfir stuðningsumhverfi útflutningsfyrirtækja
- Framtíðarsýn leiðtoga í íslensku atvinnulífi

**Skráning fer fram á www.utflutningsrad.is eða hjá utflutningsrad@utflutningsrad.is, eða í síma 511 4000.**

**Þátttökugjald er 3.000 kr. og greiðist við innganginn.**

## Dagskrá

### Staða útflutnings í dag

**>> Frá klukkan 9.00 til 10.00**

Fundarstjóri, Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík, setur fundinn.

**Grímur Sæmundsen**
varaformaður Samtaka atvinnulífsins:
Útflutningsdrifinn vöxtur og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja

**Bjarni Már Gylfason**
hagfræðingur Samtaka iðnaðarins: Þróun útflutnings - staðan í dag og vaxtartækifæri

Reynslusögur og framtíðarsýn

>> Rannveig Rist
forstjóri Alcan á Íslandi

>> Birkir Hólm Guðnason
framkvæmdastjóri Icelandair

10.00-10.15 **Kaffihlé**

### Fjármögnun og sókn á nýja markaði

**>> Frá klukkan 10.15 til 11.00**

**Birna Einarsdóttir**
bankastjóri Íslandsbanka
Fjármálageirinn og útflutningur – syllustefna Íslandsbanka

Reynslusögur og framtíðarsýn

>> Eggert Benedikt Guðmundsson
forstjóri HB Granda

>> Sigsteinn Grétarsson
forstjóri Marels á Íslandi

>> Svana Helen Björnsdóttir
forstjóri Stika

>> Eyþór Arnalds
framkvæmdastjóri Strokkur Energy

11.00-11.15 **Kaffihlé**

### Reynsla, þekking og stuðningsumhverfi

**>> Frá klukkan 11.15 til 12.00**

**Jón Ásbergsson**
framkvæmdastjóri Útflutningsráðs:
Markaðssókn og útflutningsaðstoð

Reynslusögur og framtíðarsýn

>> Eldar Ástþórsson
kynningarstjóri Gogoyoko.com

>> Halla Helgadóttir
framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands

>> Rúnar Ómarsson
framkvæmdastjóri Nikita

Lokaorð

>> Friðrik Pálsson
hótelhaldari Hótel Rangár

12.00-13.00 **Léttur hádegisverður og stefnumót við ræðumenn dagsins**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 10-0458

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS

Íslandsbanki

# Hyundai ryður sér til rúms með látum

## Hyundai er í úttekt Forbes sagt hafa skotið keppinautum sínum skelk í bringu. Áhersla fyrirtækisins var áður lögð á magn, en er nú á gæði.

Þegar stjórnarformaður bílaframleiðandans Hyundai, Mong-Koo Chung, tók við af föður sínum árið 1999 varð áherslubreyting hjá fyrirtækinu. Í stað þess að áhersla væri lögð á að framleiða sem flesta bíla, var markið sett á að auka gæði framleiðslunnar.




Í nýlegri úttekt í tímaritinu Forbes er lýst aðgerðamiðstöð Hyundai á annarri hæð höfuðstöðva fyrirtækisins í suðurhluta Seúl í Kóreu. Miðstöðin er eftirmynd fréttastofu CNN í Atlanta þar sem tugir tölvuskjáa endurvarpa rauntímamyndum og upplýsingum um starfsemi Hyundai um heim allan. Í miðstöðinni er starfað allan sólarhringinn.

Í Forbes segir að hugmyndafræði Hyundai sé önnur en almennt teljist meðal bílaframleiðenda. „Meðan Toyota byggir á áreiðanleika og Honda á nýbreytni, endurspeglar andi Hyundai árásargirni og hraða.“ Stefnan virðist enda hafa borgað sig. Meðan sala nýrra bíla hefur hrunið hjá samkeppnisfyrirtækjunum hefur Hyundai getað viðhaldið stöðugum vexti. Þróunin endurspeglast líka hér heima í sölutölum þeim sem bílasalan Ingvar Helgason flaggar í kynningarefni með nýjasta jepplingi Hyundai. Þar kemur fram að í samanlögðum sölutölum jepplinga árin 2005 til 2009 er Hyundai með mesta hlutdeild.

Í Forbes segir að ljóst sé að stefnubreyting fyrirtækisins hafi orðið fyrir rúmum áratug, þegar Ju-Yung Chung lét af stjórn og því lýst hvernig endurskoðunin hafi náð til allra þátta framleiðslunnar, íhlutaframleiðslu, fjármögnunar, sölu og markaðssetningar. Umbreytingin er merkjanleg og hefur sett keppinautana úr jafnvægi að mati Forbes. Fram kemur að fyrirtækið sé hvergi nærri hætt og hafi nú sett markið enn hærra í tveggja þátta gæðaáætlun sem nefnist GQ 3-3-5-5. Á næstu þremur árum ætlar Hyundai að ná einu af þremur efstu sætum í áreiðanleikaprófunum J.D. Power, sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar. Á næstu fimm árum ætlar fyrirtækið líka að ná einu af fimm efstu sætum í mælingum á viðhorfi fólks til framleiðslugæða.

Fyrra markmiðið virðist ekki ómögulegt að mati Forbes, en erfiðara er talið kunna vera fyrir fyrirtækið að ná því seinna. „Það snýst um álit annarra á fyrirtækinu,“ segir þar og bent á nýlega könnun Automotive Lease Guide þar sem Hyundai var í ellefta sæti meðal bílaframleiðenda. **-óká**

### HLUTDEILD Í SÖLU JEPPLINGA Á ÍSLANDI

**Samanlögð sala áranna 2005 til 2009***

| Bíll | Fjöldi | Hlutdeild |
|---|---|---|
| Hyundai | 2.380 | 17,3% |
| Suzuki | 1.935 | 14,0% |
| Honda | 1.883 | 13,6% |
| Toyota | 1.848 | 13,4% |
| Kia | 1.415 | 10,3% |
| Nissan | 1.172 | 8,5% |
| Ford | 967 | 7,0% |
| Subaru | 957 | 6,9% |
| Aðrir | 1.240 | 9,0% |
| Samtals | 13.797 | 100% |

Heimild: Ingvar Helgason



**HYUNDAI IX35** Nýr jepplingur Hyundai er sagður henta fjölskyldufólki sem kjósi sportlegan og eyðslugrannan farkost. Hér á landi er Hyundai í efsta sæti, með 17,3 prósenta hlutdeild í samanlagðri jepplingasölu síðustu fimm ára. MYND/HYUNDAI

### FÓLK Á FERLI

Hafsteinn Viktorsson, sem gegnt hefur starfi framkvæmdastjóra álframleiðslu Fjarðaáls, flyst til móðurfélagsins í Evrópu. Þar starfar hann innan álframleiðslusviðs sem áreiðanleikasérfræðingur fyrir álver Alcoa í Evrópu ásamt því að sinna áreiðanleikamálum fyrir ný verkefni fyrirtækisins, meðal annars í Sádi-Arabíu, að því er fram kemur í tilkynningu félagsins.

Janne Sigurðsson tekur við sem framkvæmdastjóri framleiðslu Fjarðaáls. Janne hefur verið framkvæmdastjóri álframleiðslu hjá Fjarðaáli síðastliðin tvö ár og þar á undan var hún framkvæmdastjóri framleiðsluþróunar fyrirtækisins.



**JANNE SIGURÐSSON**




**Í KÍNA** „Gengi hefur hins vegar áhrif á vaxtamynstur og það er Kína í hag að endurskipuleggja sig og hætta að reiða sig á útflutningsknúinn hagvöxt,“ segir Joseph Stiglitz í grein sinni. NORDICPOTOS/AFP

# Ekki tími fyrir viðskiptastríð

Gengisstríð Bandaríkjanna og Kína heldur áfram. Eftir hrun höfðu margir áhyggjur af því að brátt myndi verndarstefnan alræmda láta aftur á sér kræla. Að vísu hétu leiðtogar G-20 ríkjanna að þeir hefðu lært sína lexíu af kreppunni miklu. En sautján af tuttugu stærstu iðnríkjum heims innleiddu engu síður einhvers konar verndarstefnu nokkrum mánuðum eftir fyrsta fund þeirra í nóvember 2008; brýning bandarískra stjórnvalda til neytenda um að velja amerískt vakti þar mesta athygli. Verndarstefnunni var þó haldið í skefjum, aðallega fyrir tilstilli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

**AÐ „RÁÐSKAST“ MEÐ GENGIÐ**

Áframhaldandi efnahagsörðugleikar í þróuðum hagkerfum auka líkurnar á verndarstefnu. Í Bandaríkjunum fær einn af hverjum sex verkamönnum ekki fulla atvinnu. Þetta er einn af fylgifiskum hálfkaraðra örvunaraðgerða, sem voru ekki síður skipulagðar með það í huga að sefa þingið og að örva hagkerfið. Fleiri örvunaraðgerðir eru ólíklegar í ljósi mikils fjárlagahalla. Og þar sem peningastefnan er þanin til hins ýtrasta og harðlínumenn í ríkisfjármálum vaða uppi er lítil von á hjálp úr þeirri átt. Margir álíta því verndarstefnu vera illskásta kostinn.

Bandaríkjaþing hefur falið fjármálaráðuneytinu að leggja mat á hvort Kína „ráðskist með gengið“. Obama Bandaríkjaforseti hefur veitt Timothy Geitner fjármálaráðherra nokkurra mánaða frest til að skila niðurstöðum. En hugmyndin um að „ráðskast með gengið“ er meingölluð: allar ríkisstjórnir grípa til aðgerða sem hafa áhrif á gengið á einn eða annan hátt. Glæfralegur fjárlagahalli getur veikt gengið, sem og lágir stýrivextir. Áður en efnahagskerfið í Grikklandi hrundi högnuðust Bandaríkin til dæmis á því að dollarinn var veikur gagnvart evru. Ættu Evrópubúar að saka Bandaríkin um að hafa „ráðskast“ með gengið til að auka útflutning á þeirra kostnað?

Bandarískir stjórnmálamenn einblína á viðskiptahallann við Kína, sem hefur lengi verið mikill. Það er hins vegar heildarviðskiptahallinn sem skiptir máli. Þegar Bush-stjórnin fór fyrst fram á það að Kína leiðrétti gengi sitt, var hagnaður af utanríkisviðskiptum Bandaríkjamanna. Síðan þá hefur orðið gríðarmikill hagnaður af utanríkisviðskiptum Kínverja.

Í Sádi-Arabíu er hagnaður af viðskiptum við Bandaríkin og almennum utanríkisviðskiptum: Bandaríkin sækjast eftir olíu en Sádar vilja minna frá Bandaríkjunum. Raunhagnaður af utanríkisviðskiptum í Sádi-Arabíu var 212 milljarðar dollara árið 2008, talsvert meiri en 175 milljarðar dollarar Kína sama ár. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er núverandi hagnaður Sádi-Araba 11,5 prósent, ríflega tvöfalt meira en í Kína. Hagnaður Sádi-Araba af utanríkisviðskiptum væri enn meiri ef ekki væri fyrir hergagnakaup frá Bandaríkjunum.

Í alþjóðlegu hagkerfi þar sem of lítil eftirspurn er eftir vörum og þjónustu er viðskiptaafgangur vandamál. En viðskiptaafgangur Kínverja er reyndar minni en samanlagður viðskiptaafgangur í Japan og Þýskalandi; sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er viðskiptaafgangurinn 5 prósent í Kína en 5,2 prósent í Þýskalandi.

**AÐRIR ÞÆTTIR**

Ýmsir aðrir þættir en gengi hafa áhrif á vöruskiptajöfnuð ríkja. Ein lykilbreyta er ríkissparnaður. Viðskiptahalli í Bandaríkjunum mun ekki minnka að ráði fyrr en ríkissparnaður þar í landi eykst; þótt hrunið hafi orðið til þess að auka sparnað heimilanna (sem var lítill sem enginn), hefur aukinn fjárlagahalli dregið úr honum.

Leiðrétting á gengi mun líklega eiga sér stað þar sem Bandaríkjamenn kaupa vefnað og klæði, allt frá Bangladess og Sri Lanka, frekar en Kína. Hærra gengi myndi líklega stuðla að auknum ójöfnuði í Kína; fátækir bændur mæta aukinni samkeppni frá bandarískum landbúnaði sem nýtur mikilla styrkja. Þetta er fyrst og fremst það sem bjagar viðskipti á alþjóðavísu; niðurgreiðslur Bandaríkjanna til ríkustu bændanna bitna á milljónum fátæklinga í þróunarríkjum. Í Asíukreppunni 1997-1998 lék stöðugleiki kínverska júansins mikilvægt hlutverk í að koma jafnvægi á svæðið. Stöðugt gengi júansins renndi líka stoðum undir hagvöxt á svæðinu sem heimurinn allur naut góðs af.

Sumir halda því fram að Kína þurfi að leiðrétta gengi sitt til að koma í veg fyrir verðbólgu eða ofþenslu. Verðbólgu hefur verið haldið í skefjum en það sem meira er þá hefur Kína úr mörgum öðrum vopnum að velja (til dæmis frá skatta, fjármagnsinnstreymi, fjármagnstekjuskatta og fleiri hagstjórnartæki).

**EINHLIÐA REGLUR GRAFA UNDAN ALÞJÓÐLEGU KERFI**

Gengi hefur hins vegar áhrif á vaxtamynstur og það er Kína í hag að endurskipuleggja sig og hætta að reiða sig á útflutningsknúinn hagvöxt. Kínverjar vita að gjaldmiðill þeirra þarf að auka verðgildi sitt til lengri tíma. Að reyna að hraða því ferli með pólitískum hætti hefur reynst hafa öfug áhrif. (Frá því að Kínverjar byrjuðu að endurskoða gengið í júlí 2005, hefur leiðréttingin verið að minnsta kosti helmingi meiri en flestir sérfræðingar telja þörf á). Það er líka óráðlegt að byrja á hnútukasti við Bandaríkin.

Þar sem heildarviðskiptaafgangur Kína er það sem máli skiptir, ættu Bandaríkin að leita lausna á alþjóðlegum grundvelli. Að setja á einhliða reglur, eftir að hafa einhliða lýst því yfir að Kína „ráðskaðist“ með gengið, myndi grafa undan alþjóðakerfinu. Kína gæti svarað fyrir sig með því að leggja tolla á bandarískar vörur sem yfirvöld hafa niðurgreitt beint eða óbeint, til dæmis í björgunaraðgerðum fyrir banka og bílaframleiðendur.

Í viðskiptastríði er enginn sigurvegari. Bandaríkin ættu að varast að koma slíku stríði af stað meðan hagkerfi heimsins er að jafna sig, þótt það kunni að vera freistandi fyrir bandaríska stjórnmálamenn sem hafa áhyggjur af atvinnuleysi og vantar einhvern til að skella skuldinni á. Því miður eru rætur kreppunnar í Bandaríkjunum og Bandaríkin verða að líta í eigin barm, ekki aðeins til að endurreisa hagkerfið heldur líka til að koma í veg fyrir að sagan endurtaki sig.

**©Project Syndicate**



**Joseph Stiglitz, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Columbia-háskóla.**



**VESTFIRÐIR** í máli og myndum verða til umfjöllunar á námskeiði á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands sem hefst mánudaginn 10. maí næstkomandi. Nánar á endurmenntun.hi.is.




Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447



VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið
hefst 7. maí n.k.



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414




Dagmar Heiða Reynisdóttir segir hrekkjavöku vera skemmtilega fyrir þær sakir að fullorðna fólkið tekur ekki síður þátt en börnin, bæði með því að skreyta heimilin og ganga í hús. Hér er Dagmar á vinnustaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skar út grasker og gekk í hús með fjölskyldunni

**Dagmar Heiða Reynisdóttir upplifði hvernig alvöru amerísk hrekkjavaka gengur fyrir sig en hún tók fullan þátt í deginum með eiginmanni og börnum þegar hún dvaldi hjá skyldfólki í Bandaríkjunum.**

„Ég dvaldi í litlum háskólabæ sem heitir Hannover í New Hampshire en mágkona mín býr þar. Við heimsóttum þau yfir hrekkjavöku og það var rosalega skemmtileg upplifun,“ segir Dagmar Heiða, hjúkrunarfræðingur og annar eigandi Fullfrísk líkamsræktar.

Fjölskyldan klæddi sig öll í búninga, skar út grasker og gekk í hús, en Dagmar á tvö börn, fimm ára son og tveggja ára dóttur. „Ég var norn, maðurinn minn Dexter með blóðsletturnar úti um allt, sonur minn Bósi ljósár og sú yngsta, sem þótti þetta ekki síst skemmtilegt, var grasker,“ segir Dagmar en hrekkjavökudagurinn byrjar á því að húsið er skreytt í hrekkjavökustíl.

„Sum húsin í hverfinu voru eins og í leikhúsi. Ein fjölskyldan í nágrenninu var til dæmis búin að útbúa húsið þannig að það leit út eins og kirkjugarður og lét klessa bíl á tré og setti reykvél inn í bílinn til að skapa sem raunverulegasta stemningu. Við mágkona mín skárum út grasker og þeim var raðað út og kerti sett í. Fræin voru svo sett inn í ofn, með salti og olíu, sem var meiri háttar gott.“

Seinnipartinn er gengið í hús í nánasta umhverfi og ef fólk er ekki heima til að svara og gefa sælgæti eru körfur úti á palli með sælgæti. „Það var meiri háttar gaman að prófa að ganga í hús og sum heimilin voru búin að kaupa heilu kassana af nammi. Þannig voru margir sem biðu spenntir eftir því að fá krakkana í heimsókn í búningunum og vel tekið á móti okkur alls staðar.“

Um kvöldið hittist fólk og borðaði saman pitsur en þónokkrir Íslendingar búa í bænum. „Þetta var æðisleg ferð í það heila, við höfum komið þarna saman áður fyrir nokkrum árum en maðurinn minn bjó þarna þegar hann var lítill og bærinn er virkilega vinalegur og skemmtilegur. Hrekkjavakan sjálf kom manni líka mikið á óvart og miklu skemmtilegri en öskudagur, þar sem fullorðna fólkið tekur líka svo virkan þátt í hátíðahöldunum.“

*juliam@frettabladid.is*


Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.




ATH. OPIÐ Á LAUGARD. KL. 10-14

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**ÍÞRÓTTA-OG ÓLYMPÍUSAMBANDIÐ** stendur fyrir vinnustaðakeppninni Hjólað í vinnuna í áttunda sinn og rúllar átakið af stað miðvikudaginn 5. maí.



# Heilbrigð inn í sumarið



**Brennókeppni annað kvöld og fræðslu- og skemmtidagskrá á laugardag eru viðburðir tengdir heilsuviku í Mosfellsbæ.**

Förum heilbrigð inn í sumarið er yfirskrift heilsuvikunnar sem nú stendur yfir í Mosfellsbæ. Með þátttöku í happdrætti á toppi þriggja fella í nágrenni bæjarins er hægt að freista gæfunnar ef menn ganga þangað upp.

Brennókeppni verður annað kvöld klukkan 20 á sparkvelli Lágafellsskóla og heilmikil heilsuhátíð við íþróttamiðstöðina að Varmá á laugardag milli 12 og 14. Þar verður meðal annars fjölskyldu- og skemmtihlaup fyrir unga sem aldna og frítt er í sund fyrir alla í Varmárlaug frá 10 til 15. *- gun*



Lágafell, sem er næst á myndinni, er í fellaþrennunni sem hægt er að safna.


Sláttuvélamarkaðurinn

Smiðjuvegi 11 S:517-2010

Reiðhjóla, Sláttuvéla og Smávélaviðgeðir

Hröð og ódýr þjónusta

Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttutækjum

Verslun – Varahlutir – Verkstæði – Þjónusta







Ævintýralegar sumarbúðir fyrir 12-16 ára

Frábærar sumarbúðir fyrir alla unglinga!

Staðsetning: Alviðra í Ölfusi

Tími: 11.-15. ágúst 2010.

„Þetta var ótrúlega skemmtilegt.
Ég eignaðist fullt af vinum... og leiðbeinendurnir voru líka æði."

• Hlutverkaleikir
• Kvöldvökur
• Ferðir
• Frábær skemmtun

Unnið verður með málefni sem tengjast mannréttindum og hjálparstarfi með hlutverkaleikjum og hópverkefnum. Einnig verður mikið lagt upp úr leikjum, útivist, kvöldvökum og annarri skemmtun.

Skráning á raudikrossinn.is.
Nánari upplýsingar á jon@redcross.is
eða í síma 5704000.

Ungmennahreyfing Rauði kross Íslands

Rauði kross Íslands








Rakel Þorleifsdóttir Akureyrarmær veit ekkert betra heldur en að sitja úti í sólinni yfir námsbókunum með lakkrís-frappuchino frá Te og kaffi.

# Ískaffi með hækkandi sól

**Ekki eru mörg ár síðan ískaffið hóf innreið sína í kaffihús Íslendinga. Til eru margar útgáfur af þessum vinsæla drykk og segir Hildur Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri Te & Kaffi í Pennanum Akureyri, að svokallað „Frappuchino" sé vinsælast þessa dagana.**

Nú er sólin farin að skína og margir nýjungagjarnir Íslendingar í óðaönn við að skipta út sjóðandi latte-bollum fyrir svalandi frappuchino. Frappuchino dregur nafn sitt af vinsæla kaffidrykknum cappuchino, en munurinn á því og venjulegu ískaffi er að frappuchino er sett í blandara og blandað þar til það verður að krapi. Það er svo bragðbætt með alls kyns sírópi og bragðefnum allt eftir því hvað smekkur fólks segir til um. *- sv*

## ÞRJÁR GÓÐAR UPPSKRIFTIR

### Frappógrunnur

1/3 espresso og 2/3 mjólk – kælt.

### Lakkrís frappó

3 sprautur cane-síróp
1 msk. Nóa lakkrískurl

*Setjið sírópið og lakkrískurlið í glas, fyllið það svo af klökum og hellið frappógrunninum yfir. Öllu skellt saman í blandara. Athugið að þennan þarf að blanda heldur vel svo lakkrísinn festist ekki í rörunum.*

### Súkkulaðisælkerans frappe

Tvær litlar Hafliðaplötur (eða það sem er til af súkkulaði, 25 eða 50 gramma súkkulaðiplötur)
2 sprautur vanillu-síróp
1 sprauta súkkulaði-síróp

*Setjið súkkulaðið og sírópið í glas og fyllið það svo af klökum. Hellið frappógrunni yfir og blandið vel í blandara.*



### Íslatte

*Setjið tvær matskeiðar af hrásykri í latte-glas. Hellið einu skoti af espresso ofan á. Fyllið upp í glasið með mjólk. Öllu hellt í hristara ásamt 3-4 klökum og hrist vel saman. Hristið saman og hellið í gegnum sigtið á hristaranum í latte-glasið yfir 3-5 nýja klaka og berið fram með röri.*





Hótelið er inni á vellinum. MYNDIR/HÓTEL HAMAR

# Golf og gisting í sveitinni

**Hótel Hamar í Borgarnesi ætlar að efna til tveggja daga grunnnámskeiðs í golfi á Hamarsvelli 12. til 14. maí. Hjörtur Árnason hótelstjóri segir það bæði fyrir byrjendur og hina sem vilja læra meira.**

Golfarar eru meðal þeirra sem finna til fiðrings þegar vorsólin sendir geisla sína yfir láð og nálin á hitamælinum stígur. Hinir eru líka til sem lengi hafa látið sig dreyma um að iðka það sport en ekki komið sér af stað. Nú er tækifæri fyrir þá að láta drauminn rætast. Hótel Hamar í Borgarnesi er inni á golfvelli. Það efnir til námskeiðs í næstu viku fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í golfinu og líka hina sem vilja hressa upp á kunnáttuna í greininni. Að sjálfsögðu er gist og snætt á Hótel Hamri og þeirrar þjónustu notið sem þar er boðið upp á.

„Við gerðum tilraun með svona námskeið í fyrra og hún gekk mjög vel svo við ákváðum að endurtaka leikinn,“ segir Hjörtur hótelstjóri. Hann segir 20 manns komast að á námskeiðinu og enn sé laust pláss.

Hjörtur telur námskeiðið henta vel hjónum sem séu mislangt á veg komin í golfinu. „Slíkt er ótrúlega algengt,“ segir hann. „Oftast er það hann sem er vanur en hún ekki. Við fengum þó tvö pör í fyrra þar sem því var öfugt farið.“



Mæting á námskeiðið er klukkan 18 12. maí. Þá verður byrjað á skráningu og kvöldverði og eftir hann er fyrirlestur en dagskráin endar í heitu pottunum. Á uppstigningardag skiptast á fyrirlestrar og verklegar æfingar og dagurinn endar á kvöldvöku í léttum dúr þar sem góðir gestir deila reynslu sinni í golfinu. Á föstudeginum er kennt fram á hádegi og síðan geta gestir haldið hvert á land sem er, eða framlengt dvölina í sveitasælu Borgarfjarðar.

Hjörtur segir golfvöllinn á Hamri koma vel undan vetri. „Hann er bara tilbúinn og í þessum töluðu orðum er verið að bera á grínin í sól og þrettán stiga hita. Ef veðráttan verður eitthvað svipuð næstu daga á völlurinn eftir að styrkjast mikið á einni viku.“

*gun@frettabladid.is*


LAGERSALA

Rýmum til á lager

DIM DÖMU OG HERRA UNDIRFATNAÐUR

Mikið úrval af SOKKABUXUM

ÝMSAR SNYRTIVÖRUR

MEDICO - heildverslun
Akralind 3 - 201 Kópavogi

5/5 miðvikudagur kl: 16 - 19
6/5 fimmtudagur kl: 16 - 19
7/5 föstudagur kl: 16 - 19



Unga Reykjavík

**Í kvöld kl. 20:30** kynna Björk Vilhelmsdóttir og Oddný Sturludóttir ***Ungu Reykjavík,*** stefnu Samfylkingarinnar í málefnum barna. Valgerður Halldórsdóttir formaður barnahóps Velferðarvaktarinnar og Ásgeir Beinteinsson skólastjóri ávarpa fundinn sem verður að Hallveigarstíg 1.

**Umræður og fyrirspurnir. Verið öll velkomin!**



www.grillbudin.is

LANDMANN

Grill sem endast

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400



Sumarbúðir
KFUM og KFUK

Skráning í sumarbúðirnar stendur yfir

Vatnaskógur
Vindáshlíð
Kaldársel
Hólavatn
Ölver

KFUM og KFUK - Holtavegi 28 - 104 Reykjavík - Sími 588 88 99 - www.kfum.is

ÚTILÍFSSKÓLI SKÁTA

ÚTILÍFS NÁMSKEIÐ
FYRIR 8-12 ÁRA

WWW.UTILIFSSKOLI.IS

# Á FERÐINNI

**FERÐASÝNINGIN** Íslandsperlur stendur nú yfir í Perlunni. Þar geta gestir gengið hringinn í kringum landið og fengið smjörþefinn af því besta sem ferðalöngum stendur til boða í sumar.


La Villa
Gistiheimili í Kaupmannahöfn
Herbergi og studioíbúðir
í miðbænum
sími 0045-2848 8905








FRAMTAK
BLOSSI ehf
ÖRFLÓRA
– með náttúruna á hreinu –
Viðurkennt af embætti yfirdýralæknis
Örflóra er fyrir haughús, rotþrær, niðurföll, skólpleiðslur, fituskiljur, fitutanka, úti og inni salerni.
SKAÐLAUS UMHVERFINU
UNIservice
Vesturhrauni 1-210 Garðabæ Sími 535 5850-www.framtak.is







Stofnaður 1952
Listdansskóli Íslands
Skólaárið 2010–2011
Inntökupróf
Þekking
Reynsla
Fagmennska
Gæði
Úrvalskennarar í klassískum og nútíma listdansi
Inntökupróf í grunnskóladeild (9–15 ára) fara fram 8. maí kl. 13.00–14.30.
Inntökupróf í framhaldsdeild, listdansbraut (16 ára og eldri) fara fram 8. maí kl. 15.00–17.00
Rafræn skráning er hafin fyrir næsta skólaár 2010–2011 á listdans.is
Nemendur Listdansskóla Íslands höfnuðu í fimm efstu sætum í klassísku sólódanskeppninni í febrúar síðastliðnum. Þrír þeirra eru á leið til Svíþjóðar til að taka þátt í alþjóðlegri sólódanskeppni.
Munið frístundarkortin.
Staður:
Engjateigur 1
105 Reykjavík
Nánari upplýsingar:
www.listdans.is
588 91 88




Gunnar Valdimarsson er eigandi Nú - þú sjálfsþjónustunnar í Hafnarfirði en hann hýsir og kennir námskeið um viðhald og viðgerðir á bílum, meðal annars í samvinnu við Endurmenntunarskólann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Mörgu hægt að dytta að

**Betra er að bíllinn sé í góðu lagi áður en lagt er af stað í ferðalag. Til að spara aurinn í buddunni má sækja námskeið í viðhaldi og viðgerðum á bílum og dytta að bifreiðinni sjálfur.**

„Það er svo margt sem fólk getur gert sjálft við í bílnum sínum," segir Gunnar Valdimarsson, eigandi Sjálfsþjónustunnar Nú - þú í Hafnarfirði, en þar getur fólk leigt pláss til að dytta að bílum sínum. Þjónustuna stofnaði Gunnar í febrúar á þessu ári en með því fetaði hann í fótspor feðranna.

„Bæði afi minn og pabbi voru tengdir FÍB og ráku svona sjálfsþjónustu í kringum 1970 svo ég var alinn upp við þetta. Ég tók síðan upp þráðinn núna. Þetta er kreppuvænt þar sem fólk reynir að bjarga sér með minni peninga milli handanna í dag."

Nú - þú sjálfsþjónustan er húsnæði með verkfærum og lyftum. Klukkutíminn inni á verkstæðinu kostar 1.500 krónur og lyfta og verkfæri 2.500 krónur. Eins starfar vélvirki á staðnum og aðstoðar fólk eftir þörfum.

„Hér getur fólk skipt um olíu og síur, smurt bílana, skipt um bremsuklossa og stýrisenda. Hægt er að taka úr bremsudiskana og við getum rennt þá fyrir fólk. Við reynum auðvitað að passa að fólk bjargi sér ekki of mikið og fari að fikta í hlutum sem það hefur ekki þekkingu á en það er mjög mikið sem fólk getur gert sjálft."

Á döfinni eru námskeið í viðhaldi og viðgerðum á bílum sem haldin verða í húsnæði Nú - þú að Hvaleyrarbraut 2 í Hafnarfirði. Námskeiðin eru þau fyrstu sinnar tegundar en þau eru byggð upp með það fyrir augum að fólk geti bjargað sér með minni háttar viðhald á bílunum sínum sjálft.

„Við fundum fyrir áhuga þar sem fólk kemur mikið hingað og biður okkur um aðstoð við hitt og þetta. Þannig þróaðist það að við settum saman námskeið í samstarfi við til dæmis Vinnumálastofnun og Endurmenntunarskólann," segir Gunnar. „Fólk þarf ekki að kunna neitt fyrir sér í bílaviðgerðum til að sækja námskeiðin en við förum yfir öll atriði frá grunni. Sumir eru ekki klárir á hvernig á að skipta um dekk og hvaða kostir eru í stöðunni ef springur á bílnum, hvort eig að skipta um dekk, nota froðu eða tappa?"

Gunnar mun sjálfur leiðbeina á námskeiðinu, meðal annars um umhirðu bílsins, þrif, bón en hann segir það síst mikilvægara en annað viðhald svo bíllinn endist lengur. Auk Gunnars leiðbeinir Guttormur Sveinsson vélvirki hvernig skipta á um olíu og smyrja bílinn, svo eitthvað sé nefnt. Námskeiðin eru áætluð nú í maí en nánari upplýsingar má meðal annars nálgast á vef Endurmenntunarskólans, www.tskoli.is.

*heida@frettabladid.is*

# Nýr íslenskur bílavefur

**Nýr smáauglýsingavefur fyrir bíla og önnur farartæki var opnaður á laugardaginn.**

Vefurinn www.bilar.is er hugsaður sem smáauglýsingavefur fyrir kaupendur og seljendur að bifreiðum og öðrum farartækjum og fyrst um sinn verður ókeypis að auglýsa. Eftir það verður vægt gjald innheimt fyrir hverja auglýsingu að sögn aðstandenda vefjarins.

Mikil vinna var lögð í að hafa umhverfi vefjarins notendavænt og á vefnum er hægt að birta fleiri og stærri myndir af farartækjunum en almennt tíðkast.

Einnig er hægt að birta auglýsingarnar á facebook-síðum þeirra sem auglýsa. Allar aðgerðir er varða það að setja inn auglýsingar og svara þeim á að vera einfalt og þægilegt. *- jma*



Smáauglýsingavefurinn bilar.is verður með ókeypis aðstöðu til að auglýsa til að byrja með.



Vikuferðir til Spánar þar sem nýjum og heilsusamlegum lífsstíl er sparkað af stað eru í boði í vetur.

# Sjálfsrækt og gaman

**Úrval-Útsýn býður upp á þrjú námskeið á þessu ári sem haldin verða á Spáni í námskeiðaröð sem kallast Ný&Betri.**

Gist er í viku á Alicante á Spáni, á fjögurra stjörnu hóteli, Albit Playa, en það er í fallegri vík.

Námskeiðin sem í boði eru munu meðal annars fjalla um ræktun líkama og sálar, bættan lífsstíl og jákvæða tjáningu. Mikið er lagt upp úr góðri gistingu, mat og dekri með áherslu á hreyfingu svo sem jóga, leikfimi og gönguferðum.

Áhugasömum er bent á heimasíðu Úrvals-Útsýnar, www.urvalutsyn.is, fyrir frekari upplýsingar en meðal þeirra sem í för verða eru Edda Björgvinsdóttir leikkona, útvarpskonan Sirrý og Bjargey Aðalsteinsdóttir íþróttafræðingur. *- jma*



Sirrý verður með í för.


Poulsen
Bílrúðuverkstæði
Við tökum
R777



Baldvin, Reynir og Lúðvík Matthíassynir hafa ákveðið að verða með í eigendahópi Poulsen. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fjölskyldan sameinuð

Þrír bræður úr fjölskyldunni sem rekur Poulsen eru að gerast hluthafar í fyrirtækinu um þessar mundir og bætast þar í hóp þeirra sem fyrir eru. Þetta eru þeir Reynir, Lúðvík og Baldvin Smári Matthíassynir. Allir starfa þeir hjá fyrirtækinu nú þegar, Lúðvík og Reynir í innkaupadeild og Baldvin Smári á lager.

Samheldni fjölskyldunnar er mikil. Hún tengist Bílanausti sem hún rak í fjörutíu ár fram til 1999 er hún seldi það N1. Systkinin Ragnar og Lovísa Matthíasbörn stofnuðu þá fyrirtækið ABC Tækni og hófu innflutning á heitum pottum. Þegar þau ákváðu að festa kaup á Poulsen árið 2001 og flytja í Skeifuna 2, gekk ABC inn í það fyrirtæki.

Sú fjölskylda sem fór til ólíkra starfa þegar Bílanaust var selt hefur nú sameinast á ný. *- gun*



Ragnar framkvæmdastjóri og lagerstjórarnir Álfheiður Vilhjálmsdóttir og Elín Ragnarsdóttir bera saman bækur sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aftur til fortíðarinnar

Nítján hundruð fimmtíu og eitthvað-fílingurinn verður allsráðandi á planinu við Poulsen næsta laugardag, 8. maí.

Amerísku kaggarnir, hvítu bolirnir og sólgleraugun verða áberandi og tónlistin frá sjötta áratugnum mun glymja í eyrum gesta.

„Það verður allt gert til að endurvekja gömlu stemninguna frá rokktímabilinu á sjötta áratugnum," segir Ragnar Matthíasson. „Við verðum með pepsí, popp og prins, allt á tíkall til að minna á gamla verðið sem einu sinni var. Þetta verður svona American graffiti-dagur."

Þessi viðburður er einn af mörgum sem fyrirtækið Poulsen stendur fyrir í árinu til að minnast aldarafmælisins. *- gun*






# Eldtungurnar stóðu upp úr strompinum

**Hinn danski Valdimar Poulsen járnsteypumeistari kom með drift inn í íslenskt athafnalíf fyrir einni öld og stofnaði fyrirtæki sem er orðið eitt af þeim rótgrónustu í landinu.**

Upphaflega var Poulsen járnsteypufyrirtæki og stærsta verkefnið sem ráðist var í á fyrstu árunum var kirkjuklukka í Fríkirkjuna í Hafnarfirði. Síðan tóku við skrúfur og vélahlutir fyrir skipaiðnaðinn því allt gat Poulsen smíðað sem beðið var um og hafði um tíu manns í vinnu árið 1914. Þá var fyrirtækið á Hverfisgötu 6 í Reykjavík. Stundum stóðu eldtungurnar upp úr strompinum og nágrannarnir kærðu karlinn. Morgunblaðið fjallaði um málið og gat þess að smiðjan væri meðal mikilvægustu fyrirtækja í bænum, hún sparaði svo mikinn gjaldeyri með því að framleiða það sem annars þyrfti að flytja inn. Í vöruskortinum á kreppuárunum fór meistari Poulsen í að útvega það sem vantaði, hvort sem það voru varahlutir, fræ til garðyrkju, ljósavélar eða krukkur til niðursuðu.

Þessa sögu rekur Ragnar Matthíasson, framkvæmdastjóri Poulsen. Hann getur þess einnig að fyrst hafi fyrirtækið heitið Valdimar Poulsen, síðan Vald. Poulsen, þá V. Poulsen og frá því að hans fjölskylda keypti það 2001, einfaldlega Poulsen. „Við keyrum á því," segir hann glaðlega og telur upp eigendurna sem eru, auk hans sjálfs, Matthías Helgason, faðir hans, Lovísa Matthíasdóttir, systir hans, og Kristján E. Jónsson, tengdasonur Lovísu. „Þetta er orðið stórt og mikið fjölskyldufyrirtæki og við störfum öll saman," segir Ragnar og tekur fram að þau séu þriðju eigendur fyrirtækisins á þessu hundrað ára tímabili.



Vörunúmerin eru mörg á lagernum en þar er allt í röð og reglu.



„Þungamiðja starfseminnar hefur lengi legið í innflutningi og sölu á varahlutum," segir framkvæmdastjórinn Ragnar.

Ragnar segir nútíðina kallast á við fortíðina að því leyti að Poulsen vilji allra manna vanda leysa. „Fyrirtækið var alltaf mikilvirkt í innflutningi og sölu á varahlutum. Framan af var það vegna þjónustu við iðnaðinn í landinu, ekki síst fiskvinnslu og áliðnað, auk þess sem það seldi baðinnréttingar í tuttugu og fimm ár. Eftir að fjölskyldan tók við rekstrinum 2001 markaði fyrirtækið sér aðra stefnu og hefur fært sig meira inn í bílavarahlutageirann og hefur líka verið leiðandi í innflutningi á heitum pottum."

Í varahlutageiranum er fjölskyldan á heimavelli því þau eru fyrrum eigendur Bílanaust, sem seldi varahluti í allar gerðir bifreiða. Þá visku og þær áherslur færði fjölskyldan yfir í Poulsen. „Við seljum bremsuklossa og borða, olíu- og smursíur, hjólalegur, vatnsdælur og hluti í stýriliði, allt það sem er að slitna í bílunum," segir Ragnar og tekur fram að um gott verð sé að ræða á varahlutunum þannig að mikið sé að gera. *- gun*

**Poulsen** *maí 2010* | ***Útgefandi:*** *Poulsen* | ***Ritstjóri og ábyrgðarmaður:*** *Ragnar Matthíasson* | ***Ljósmyndir:*** *Fréttablaðið* | ***Heimilisfang:*** *Skeifunni 2, 108 Rvk.* | ***Sími:*** *530 5900* | ***vefsíða:*** *www.poulsen.is*



Klapparstígur 29, sem varð aðsetur Vald. Poulsen árið 1926. MYND/PÉTUR THOMSEN



Starfsmenn standa við hillur með vörum – varahlutir, verkfæri og fleira til sölu í verslun Poulsen árið 1967. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Saga Poulsen í máli og myndum

**Fyrirtækið Poulsen á langa og viðburðaríka sögu að baki eins og sést vel af meðfylgjandi ljósmyndum sem blaðamaður fékk aðgang að.**

Saga Poulsen hefst árið 1910 þegar danski járnsteypumeistarinn Valdimar Poulsen stofnaði fyrirtæki við Hverfisgötu. Hann byggði svo húsnæði undir fyrirtækið við Klapparstíg 29 árið 1926. Þar fór starfsemi Poulsen fram á þremur hæðum og risi næstu árin og er óhætt að segja að hún hafi staðið í blóma.

Kaupmaðurinnn Ingvar Kjartansson tók við rekstri Poulsen árið 1946, nokkrum árum eftir andlát Valdimars og hélt um taumana frá árinu 1963 og til dauðadags árið 1990.

Á öllum þessum tíma byggðist upp hið mikla og trausta orðspor sem átti eftir að leggja grunninn að þeirri löngu vegferð sem Poulsen ehf. státar af í dag.

Ingvar var jafnframt mikill framkvæmdamaður og stóð til dæmis að byggingu stórhýsis að Suðurlandsbraut 10. Þar fór starfsemi fyrirtækisins fram allar götur fram til ársins 2001.

Frá árinu 2001 hefur Poulsen ehf. verið í eigu hluta af fjölskyldu Matthíasar Helgasonar og Elínar Ragnarsdóttur. Eftir eigendaskiptin fluttist reksturinn í núverandi húsnæði að Skeifunni 2 í Reykjavík en gólflötur þess er um 4.000 fermetrar.



Valdimar Poulsen og fjölskylda.

## ● VISSIR ÞÚ ...



- Að Poulsen sér bílamálurum fyrir DuPont-efni og DuPont-tækniþjónustu.
- Að DuPont var fyrst til að framleiða sérstakt bílalakk til sprautunar. Duco-lakkið frá DuPont, sem kom á markaðinn í Bandaríkjunum 1923, stytti framleiðslutíma GM-bíls um rúmar þrjár vikur.
- Að áður en DuPont-lakkið kom á markaðinn voru flestir bílar svartir. Með DuPont-bílalakkinu 1923 gátu bílakaupendur valið milli fjölda lita í fyrsta sinn. Að árið 1925 þegar DuPont Duco-sellulósalakkið tók við af fernismálningu minnkaði þörf General Motors fyrir upphitaðar geymsluskemmur um 81 þúsund fermetra.
- Að þú getur sparað þér talsvert með því að kaupa bílavarahluti hjá Poulsen, til dæmis tímareimasett, kúplingar, dempara, bremsuhluti, vatnsdælur, síur, smurolíu, glussa, kælivökva, slithluti og fleira.



- Að sérhæfða smurolíu á nýjustu dísil-vélar bíla, báta og vélhjóla færðu hjá Poulsen.
- Að eitt mesta úrval landsins af kílreimum, flatreimum og alls konar iðnaðarreimum er hjá Poulsen.
- Að auk allra almennra verkfæra til tækja- og vélaviðgerða selur Poulsen sérhæfð verkfæri og greiningartæki fyrir bílvirkja sem þjónusta nýjustu og fullkomnustu bílana á markaðnum.
- Að hjá Poulsen færðu réttu síuna fyrir heita pottinn.
- Að með því að heimsækja verslun Poulsen í Skeifunni muntu sjá ýmsar nýjungar sem munu koma þér á óvart. Poulsen-vörulistinn er ein þeirra.



*(Ath. Upplýsingar um Duco-lakkið eru úr bók fyrrum forstjóra GM, Alfred P. Sloan, JR. „My Years With General Motors", útg. Doubleday. New York 1990.)*



# Öryggið í fyrirrúmi

Ísetning bílrúðna er mikilvægur partur af heildaröryggi bifreiðarinnar og eru kröfur og staðlar sífellt að verða strangari og strangari.

Bílrúður verða að þola það mikla álag sem verður þegar bíll lendir í árekstri. Í bifreiðum nútímans eru rúður orðnar stór partur af burðarverkinu sem kemur í veg fyrir að bíllinn leggist saman. Einnig verða þær að þola þann gríðarkraft sem leysist úr læðingi þegar loftpúðar opnast. Í Bandaríkjunum hafa mörg banvæn slys orðið sem hafa vakið umræðu slæmrar bílrúðuísetningar.

Eitt nýlegt atvik í Bandaríkjunum leiddi til dauða 25 ára konu sem kastaðist út um framrúðu bíls síns við árekstur. Sérfræðingar töldu að hefði framrúðan verið sett í á réttan hátt, hefði það bjargað lífi hennar. Bróðir konunnar hefur talað á ráðstefnum bílrúðuframleiðenda í landinu og lýst yfir áhyggjum sínum yfir því að í þeim heimi sem við búum við í dag sé öryggi sífellt farið að lúta í lægra haldi fyrir kostnaði. Léleg framleiðsla getur kostað mannslíf.

***Nokkur atriði sem hafa ber í huga þegar skipta þarf um framrúðu:***

- Framrúðan skal vera framleidd af upphaflegum bílrúðuframleiðanda
- Úrethanið á að vera samþykkt til notkunar fyrir bílinn þinn
- Fara skal eftir ráðleggingum í Safe Drive Away Time
- Ganga þarf úr skugga um að sá sem setur rúðuna í bílinn þinn hafi til þess tilskilin leyfi



**Mikilvægt er að ísetning bílrúðna sé vel af hendi leyst. Bílrúður verða að þola það álag sem verður við árekstur, þar sem þær eru stór hluti af burðarvirkinu sem hindrar að bifreiðin leggist saman.**

# Bílainnbrotum hefur fjölgað mikið undanfarið

**Fyrirtækið Poulsen verður 100 ára nú í ár. Sigurður Örn Úlfarsson, deildarstjóri bílrúðudeildar, segir að þetta sé ábyrgðarmikið og skemmtilegt fag en aukning innbrota í bíla sé hins vegar mikið áhyggjuefni.**

„Það er stöðug aukning innbrota í bíla á milli ára,“ segir Sigurður og getur þess að helst sé brotist inn um hliðarrúður. „Frá 2008-2009 fjölgaði hliðarrúðubrotum um 100, sem voru í langflestum tilvikum innbrot. Fólk hefur þá notast við hamar, steina og jafnvel spennt rúðurnar upp. Það kom upp dæmi í fyrra þar sem þjófarnir brutu upp rúðu í bíl og höfðu ekkert upp úr krafsinu nema sundföt og handklæði. Fólk ætti því helst af öllu að sleppa því að skilja nokkuð sýnilegt eftir í bílnum hjá sér. Stuldur á GPS-tækjum og öðru þess háttar er hins vegar algengastur, en þjófarnir virðast leggja ýmislegt á sig til þess að ná sér í nánast hvað sem er.“

Þrátt fyrir háar tölur í hliðarrúðubrotum, sem eru yfirleitt alltaf tengd innbrotum í bíla, segir Sigurður að framrúðubrot séu algengust.

Ekki eru mörg íslensk fyrirtæki sem hafa náð þeim áfanga að halda upp á aldarafmælið sitt, en því hefur Poulsen náð. Fyrir utan bílrúðuskipti og annað sem þeim tengist, sér fyrirtækið um margt annað sem tengist bílum og bílainnréttingum. Upphaflega lá þungamiðja starfseminnar í innflutningi og sölu á alls kyns varahlutum í bíla og iðnaðarvélar, en nú á síðustu árum hefur einnig bæst við bílasprautun, bílainnréttingar og svo rúðuísetningarnar. Fyrirtækið hefur um 30 manns í fullu starfi og segir Sigurður að þrátt fyrir ástandið í samfélaginu gangi reksturinn gangi vel. „Þrátt fyrir að fólk fari eins varlega í umferðinni og mögulegt er, brotna rúður alltaf reglulega,“ segir Sigurður. „Og þar liggja meðal annars okkar viðskipti.“ - SV



**Sigurður Örn Úlfarsson, deildarstjóri bílarúðudeildar hjá Poulsen, segir starfsmenn verkstæðisins hafa í nógu að snúast.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Innbrotum í bíla hefur fjölgað mikið að undanförnu að sögn Sigurðar.**

Er brotin rúða í bílnum? Hafðu þá samband. Við tjónaskoðum fyrir öll tryggingafélög.

SJÓVÁ TM VÍS vörður

Poulsen partur af lífinu

Skeifan 2
Sími: 530 5900
www.poulsen.is

**● HVAÐ SKAL GERA EF BÍLRÚÐA BROTNAR?**

- Hringja í Poulsen í síma 530 5900 og panta tíma í bílrúðuskipti. Poulsen sendir líka hvert út á land sem er – þá ber að hafa samband við næsta viðurkennda bifvélaverkstæði.
- Gefa upp númer bílsins og hvar bíllinn er tryggður.
- Mæta með bílinn á þeim tíma sem gefinn er upp.
- Á verkstæðinu fyllist út tjónaskýrsla, sem starfsmenn Poulsen aðstoða þig við, sé þess óskað.
- Bíllinn verður tilbúinn seinnipart dags og eini kostnaðurinn er sjálfsábyrgð trygginganna.





Ýrr Baldursdóttir lærði hjá Craig Fraser og kennir nú á námskeiðum með þeim um allan heim.



Myndirnar eru margvíslegar en hauskúpur eru vinsælar.


Þátttakendur á námskeiðinu eru á öllum aldri.

# Sannkölluð listaverk verða til á airbrush-námskeiðum


Airbrush er sérstaklega vinsælt á mótorhjólum.

**Poulsen stendur fyrir fjögurra daga námskeiði í airbrush í júní. Kennararnir eru þrír og ekki af verri endanum.**

„Þeir Craig Fraser og Steve Vandemon eru frægir fyrir þessa listgrein í Bandaríkjunum en þeir starfa í Los Angeles. Með þeim verður Ýrr Baldursdóttir sem lærði hjá Craig en saman ferðast þau um allan heim og kenna á námskeiðum,“ segir Kristján Jónsson, markaðsstjóri hjá Poulsen, um kennarana sem munu halda utan um námskeið í airbrush sem fram fer í Borgarholtsskóla og hefst 18. júní.

„Námskeiðið stendur yfir í fjóra daga, frá föstudegi til mánudags. Hópnum er skipt í tvennt þannig að hver nemandi fær tvo daga með hvorum kennaranum, en þeir eru með misjafnar áherslur,“ segir Kristján.


Á námskeiðinu eru kennd grunnatriði airbrush.

Hjá Craig verður farið í veggmyndir, bæði einlitar og í fullum lit, kennd verður notkun á maska og notkun stensla ásamt fríhendistækni. Steve mun leggja áherslu á marglita myndir á hvíta plötu og „Hot road“ Pinstripe á svarta plötu, þar sem kennd verður tækni með V-tape og gerð margra laga mynda, líkt og Steve er þekktur fyrir á mörgum verkum sínum á „Street Rod“- og „Hot Rod“-bílum í Kaliforníu.

Kristján segir mikinn áhuga vera á námskeiðinu sem nú er haldið í þriðja sinn. „Árið 2008 voru 30 nemendur og í fyrra 50. Við stefnum á að vera með sama fjölda í ár,“ segir hann en námskeiðið er opið öllum, bæði byrjendum og lengra komnum.

Kristján segir þátttakendahópinn mjög fjölbreyttan. „Þarna mæta myndlistarkennarar, bílamálarar og fólk á öllum aldri, allt niður í fimmtán ára unglinga,“ segir hann.

Poulsen selur allt sem viðkemur airbrush, bæði málningu og tækin.

En er airbrush eitthvað notað á Íslandi?

„Já, þetta er mjög vinsælt á mótorhjólum en svo má nota þetta mjög víða, jafnvel á hrærivélar og ísskápa,“ svarar hann glaðlega.

Námskeiðið verður eins og áður sagði haldið 18. til 21. júní en Poulsen mun standa fyrir annars konar námskeiði stuttu áður með sömu kennurum. „Það er námskeið í fatamálun. Þá eru búnar til myndir á boli og leðurjakka með sömu tækni en annarri málningu,“ segir Kristján.

Hægt er að skrá sig á bæði námskeiðin á vef Poulsen www. poulsen.is.

- sg





Ari Páll Tómasson er sölustjóri hjá Poulsen. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vörur bæði fyrir fagmenn og almenning

Poulsen býður upp á gott úrval af alls kyns vörum, bæði fyrir bílinn, bátinn, landbúnaðinn og iðnaðinn. Viðskiptavinir fyrirtækisins hafa verið fagmenn að stórum hluta í gegnum tíðina en síðustu misserin hefur vöruvalið aukist umtalsvert og náð þannig til hins almenna neytanda. „Aðgengi viðskiptavina að sölumönnum er mjög gott, þeir eru bæði á ferðinni úti um allt land og svo eru einnig sölumenn í símasölu, og að sjálfsögðu tekið við innhringingum og tölvupóstum,“ segir Ari Páll Tómasson, sölustjóri hjá Poulsen.

„Af einstökum deildum má nefna lakkdeildina þar sem við bjóðum upp á hið þekkta lakkmerki Dupont og 3M slípivörur. Svo erum við með Evercoat sparsl og fylliefni sem hafa reynst vel og svo auðvelt að vinna með. Sem og hreinsivörurnar fyrir bílinn.“

Poulsen er leiðandi hérlendis í sölu á bílarúðum og ísetningu á þeim. „Allar viðhalds- og rekstrarvörur fyrir bílinn er auðvelt að nálgast hjá okkur og helstu varahluti, svo sem bremsuhluti, dempara, legur, perur og fleira. Við erum líka með olíur á bílinn, frá Valvoline og smurfeiti frá Castrol, sem hentar fyrir bílinn , traktorinn, vinnuvélina og bátinn – svo erum við með sérstaka feiti fyrir vélar matvælaiðnaðarins. “

Ari Páll nefnir einnig tannhjól, iðnaðar og kílreimar, legur og vörur fyrir landbúnaðinn, til að mynda brynningartæki, hnífar og hlutar í sláttuvélina og tindar í heyþyrluna.

„Hjá okkur er margt að skoða bæði fyrir fagmenn og hinn almenna neytenda. Í tilefni afmælisins eru ýmis tilboð í gangi og svo eru mánaðarleg tilboð í gangi allan ársins hring. Allir eru velkomnir í Poulsen, alltaf. Sjáumst.“ *- jma*



Lovísa Matthíasdóttir ásamt Guðbjörgu Oddsdóttur og Álfheiði Vilhjálmsdóttur en auk þeirra starfar Elín Ragnarsdóttir hjá fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ánægðar með karlana

Starfsmenn Poulsen eru um 30 manns. Flestir eru starfsmennirnir karlar en þó er að finna konur í karlaveldinu.

„Við erum fjórar konurnar í fyrirtækinu,“ segir Lovísa Matthíasdóttir, fjármálastjóri hjá Poulsen, en hún deilir skrifstofu með Guðbjörgu Oddsdóttur sem sér um bókhald og tollskýrslugerð.

„Lengi vel vorum við bara tvær en auk okkar vinna nú tvær konur á lagernum, Álfheiður Vilhjálmsdóttir og Elín Ragnarsdóttir, en þær sjá um lager og vöruafgreiðslu út á land.“ Spurð hvort það sé strembið að vera fáar konur innan um alla þessa karla segir Lovísa það ekkert mál.

„Ég þekki ekkert annað. Ég starfaði yfir 30 ár hjá Bílanausti á sínum tíma og hef alltaf verið viðloðandi varahlutageirann og þetta karlaveldi eins og maður segir. Ég á líka fjóra bræður og ýmsu vön og enginn nýgræðingur í því að vera innan um karlmennina. Þeir láta líka ágætlega að stjórn og andinn er mjög góður hér í fyrirtækinu. Við erum bara nokkuð ánægðar með karlana okkar.“ *- rat*

# Hellir upp á kaffisopann ef kannan reynist tóm

**Bergþór Valur Þórisson hóf störf hjá Poulsen 1. júní 1982 og hefur því starfað hjá fyrirtækinu óslitið í 28 ár.**



Bergþór Valur Þórisson, verkefnisstjóri hjá Poulsen, lætur vel af vinnustaðnum og gengur í öll störf sem þarf. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég byrjaði 17 ára niðri á Suðurlandsbraut hjá Ingólfi Árnasyni sem lagerstrákur og tók við starfinu af Erlingi Magnússyni en hann var búinn að vinna hjá fyrirtækinu í mörg ár. Þar var einnig fyrir Magnús Oddsson sem byrjaði 1940 þá 14 ára. Hann vann í Poulsen í tæplega 61 ár svo ég á mörg ár eftir í að ná honum í starfsaldri,“ segir Bergþór sem gegndi stöðu lagerstjóra og verslunarstjóra um tíma.

„Nú er ég titlaður verkefnisstjóri. En ég hef aldrei verið titlamaður og geng bara í þau störf sem þarf, losa ruslaföturnar og helli upp á kaffið ef því er að skipta. Þannig líður dagurinn hratt og það er aldrei leiðinlegt í vinnunni,“ segir Bergþór og lýsir venjulegum vinnudegi sem degi á hlaupum frá morgni til kvölds.

„Þá er ég að taka til vörur, senda vörur og ganga frá meðan ég afgreiði mann um mótor í símanum. Gemsanúmerið mitt er fyrsta númerið sem auglýst er í fyrirtækinu svo ég fær hringingar allan sólarhringinn hvort sem ég er kominn heim eða er í sumarfríi. Þá þarf ég bara að leiðbeina viðkomandi hvert hann á að snúa sér,“ segir Bergþór og virðist ekki kippa sér upp við ónæðið en hann hefur jafnvel þurft að stökkva til um miðja nótt.

„Ef eitthvert mikilvægt kerfi stoppar, til dæmis á Landspítalanum vegna bilaðrar legu, hef ég þurft að hlaupa í útköll, sama hvað klukkan er.“

Bergþór hefur fengið viðurkenningar frá fyrirtækinu sem traustur starfsmaður en vill sem minnst gera úr því. Hann segist hugsa um fyrirtækið eins og hann ætti það sjálfur og það sé lykillinn að farsælum starfsferli. Hann vill þó ekki meina að hann sé ómissandi innan fyrirtækisins.

„Nei, það er enginn ómissandi. Ég reyni yfirleitt að ganga frá mínum endum þannig að allt sé á borðinu svo hlutirnir finnist þó ég hrökkvi upp af.“ Hann er þó ekki á förum þótt hann taki svona til orða enda ánægður með vinnustaðinn.

„Ekki nema þeir vilji losna við mig en ég hef ekki hug á því sjálfur og mæti alla daga brosandi í vinnuna.“ *- rat*

# Eigum alla flóruna til




Friðrik Hreinsson, verslunarstjóri hjá Poulsen, segir vöruúrvalið spanna alla flóruna og meira til. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við bjóðum upp á gríðarlegt vöruval. Ef þig vantar eitthvað í bílinn þá eigum við það,“ fullyrðir Friðrik Hreinsson en hann hefur starfað sem verslunarstjóri Poulsen frá árinu 2005.

Friðrik segir vöruúrval verslunarinnar spanna allt frá heitum pottum og fylgihlutum í þá, til varahluta í bílinn, réttingatækja, bílrúðna, verkfæra og lakks svo fátt eitt sé nefnt. Einnig sé verðið í versluninni hagstætt.

„Við höfum náð góðum kjörum við birgjana okkar úti svo við getum boðið upp á gæðavörur á frábæru verði. Heitasta söluvaran hjá okkur í dag eru bremsuvörur og við lítum á það sem ákveðinn gæðastimpil að atvinnubílstjórar eins og leigubílstjórar versla til dæmis bremsuvörur hjá okkur.“

Lökk á bíla og vinnuvélar er eitt af því sem verslunin leggur áherslu á og hefur meðal annars boðið upp á námskeið í airbrush-málun í nokkur ár í samvinnu við Greg Fraiser. „Greg er einn af fremstu airbrush-málurum heims og hefur unnið mikið með okkur en við höfum staðið fyrir keppnum og sýningum í airbrushmálun. Starfsfólk verslunarinnar fer einnig á námskeið í mössun og í bónvörum og lakkmeðhöndlun á bílum svo það getur veitt faglega ráðgjöf ef viðskiptavinur þarf að bletta í bílinn sinn eftir steinkast til dæmis.“

Viðskiptahóp fyrirtækisins segir Friðrik vera breiðan, í takt við vöruúrvalið, það séu ekki bara „bílakallar“ sem heimsæki verslunina. „Nei, alls ekki, hingað kemur fólk að leita sér að heitum potti, fólk í iðnaði og einnig hönnuðir. Til dæmis koma keppendur úr tæknikeppnum Háskóla Íslands hingað að leita að tannhjólum og keðjum og vöruhönnuðir í leit að vírneti eða gúmmíi. Við erum ekki á neinni einni línu heldur eigum alla flóruna.“ *- rat*



Poulsen býður upp á úrval varahluta, sem eru viðurkenndar vörur frá traustum birgjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mikilvægt að skipta út bremsuvökvanum

**Poulsen hefur aukið verulega við úrvalið í bílavarahlutum, bæði með því að breikka úrvalið frá birgjum sem fyrirtækið hefur skipt lengi við sem og að bæta við nýjum birgjum. Fyrirtækið selur varahluti í fólksbíla, landbúnaðartæki og vinnuvélar.**




Reynir Matthíasson sér um innkaup á bílavarahlutum hjá Poulsen. Hann nefnir að mikilvægt sé að eigendur kerra og tjaldvagna hugi að því að allt sé í góðu standi fyrir sumarið enda búnaðurinn skoðanaskyldur.

„Við erum með mikið úrval kúplinga í flesta bíla, smursíur, loftsíur og frjókornasíur ásamt eldsneytissíum í nánast alla bíla. Einnig höfum við aukið við úrvalið af vatnsdælum, tímareimum, tímastrekkjurum og tímahjólum,“ segir Reynir Matthíasson, innkaupastjóri hjá Poulsen. Reynir segir Poulsen hafa breitt úrval af bremsuhlutum, svo sem diska, klossa, borða, rör og fittings fyrir flestar gerðir bíla.

„Við hjá Poulsen höfum verið að auka vöruvalið í slithlutum, til dæmis hvað varðar stýrisenda, spindilkúlur, jafnvægisstangir og gúmmífóðringa, aukið úrval af drif- og öxulliðum ásamt hjólalegum og hosum.“

Reynir vekur athygli á því að þar sem kerrur og tjaldvagnar eru orðin skoðanaskyldur búnaður sé mikilvægt að fólk hugi að því að hafa ferðabúnaðinn í lagi.

„Við bjóðum eigendum kerra og tjaldvagna upp á varahluti svo sem ljós og glitmerki, raf og tengidósir svo og hjólalegur. Mikilvægt er að fólk hafi þetta í lagi fyrir sumarið.“

Einn mikilvægasti varahlutur bifreiða er að sögn Reynis bremsuvökvinn. „Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir því hve bremsuvökvinn hefur mikið að segja en hann safnar í sig raka á tveimur til þremur árum með þeim afleiðingum að tæring getur myndast og bremsurnar verða stífar og fara að leka. Þekktur framleiðandi í Evrópu sagði að þetta væri í raun sá varahlutur sem skipti mestu máli og fólk ætti að hafa í huga að það þarf að skipta honum út eftir einhver ár.

Við hjá Poulsen horfum björtum augum til framtíðar og stefnum á að auka vöruval, bæta þjónustuna og vera ávallt með hagstætt verð fyrir alla.“ -jma




# Sé hreinlætis gætt er ánægjan ein eftir

**Rafhitaðir pottar hafa sótt í sig veðrið hjá Poulsen undanfarin ár en fyrirtækið hefur selt potta af ýmsum stærðum og gerðum frá árinu 2001.**

„Við erum bæði með hitaveituskeljar og rafhitaða potta og þó að skeljarnar hafi verið vinsælli til að byrja með þá eru fleiri farnir að velja rafhitaða potta í dag,“ segir Kristján Jónsson, markaðsstjóri Poulsen. Rafhituðu pottarnir koma tilbúnir og er hægt að koma þeim fyrir úti í garði eða á stöndugum palli en þá má líka nokkuð auðveldlega flytja með sér á milli staða. Skeljarnar eru hins vegar yfirleitt smíðaðar ofan í pall. „Þær virka í raun eins og baðkar sem fólk fyllir og tæmir. Í rafhituðu pottunum er sama vatnið hins vegar notað í allt að þrjá mánuði en hreinsað með reglubundum hætti,“ upplýsir Kristján. Kristján leggur mikla áherslu á þrif og hreinlæti pottanna. „Það þarf að koma þessu upp í rútínu alveg eins og að þrífa heimilið og bílinn.“ Hann segir nokkuð misjafnt hvernig þessum málum er háttað og að hreinlæti sé stundum vandamál í útleigubústöðum þar sem margir eru um pottinn. „Á slíkum stöðum er mikilvægt að eftirlit sé í lagi.“



Öllum pottum Poulsen fylgja ítarlegar leiðbeiningar um hreinlæti auk þess sem allur hreinsibúnaður og síur fást á staðnum. „Það þarf að vera sótthreinsiefni í vatninu auk þess sem mikilvægt er að hreinsa síur á um það bil hálfs mánaðar fresti.“ Kristján segir gott að eiga tvær síur og láta skítugu síuna liggja í bleyti með hreinsiefni yfir nótt og skola daginn eftir. „Það er mikilvægt að vatnið nái eðlilegri hringrás um alla nuddstúta pottsins. Af þeim sökum þurfa þeir allir að vera opnir þegar potturinn er ekki í notkun.“ Kristján segir algengt að fólk loki fyrir ákveðna stúta til að fá meiri kraft á aðra en mikilvægt sé að opna þá aftur til að vatnið flæði með eðlilegum hætti þess á milli því annars er hætta á að óhreinindi safnist fyrir í lokuðu stútunum. Einu sinni á ári er síðan gott að yfirklóra eða djúphreinsa pottinn en þá er mikið magn af klóri látið liggja í honum yfir nótt. „Sé hreinlætisins gætt er ánægjan svo ein eftir,“ segir Kristján. - ve

## HAGNÝT HREINLÆTISRÁÐ

- Öllum pottum Poulsen fylgja ítarlegar leiðbeiningar um hreinlæti en hér á eftir fara nokkur ráð.
- Sótthreinsiefni þurfa að vera í vatninu auk þess sem gott er að þvo pottinn með hreinsiefnum og sápu með reglulegu millibili. Kjörsýrustig í vatninu er pH 7,2 - 7,6 og er hægt að fá mæla sem ganga úr skugga um að það sé rétt.
- Gott er að miða við að hreinsa síur á hálfsmánaðar fresti.
- Mikilvægt er að hafa alla nuddstúta opna þegar nuddpottar eru ekki í notkun til að tryggja eðlilega hringrás vatnsins. Annars er hætt við því að óhreinindi safnist fyrir í lokuðum stútum.
- Einu sinni á ári er gott að yfirklóra eða djúphreinsa pottinn.



Starfsmenn Poulsen bjóða upp á viðhaldsþjónustu við allar gerðir potta en fyrirtækið er auk þess með síur og varahluti bæði í eigin potta og annarra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-250 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl 0-250 þús stgr! helst ekki eldri en ,98 má þarfnast lagfæringa s.691 9374

Óska e.að kaupa notaða diesel-lyftara frá árg.1980. Uppl.í s.866 0471

**Smárúta óskast**
Óska eftir að taka á leigu 14 manna smárútu í eina viku 20.-26. ágúst nk. Uppl. í s. 898 8685 eða isgull@internet.is

Óska eftir bíl helst amerísku á ca. 50þ. Uppl í S. 843 9215

## Jeppar

Vélstjóri óskast. Leiðandi ferðaþj.fyrirtæki á Norðurlandi óskar eftir að ráða vélstjóra á bát í sumarvinnu. Líflegt og skemmtilegt starfsumhverfi. Nánari uppl. í síma 867-6077 eða thorunn@nordursigling.is

## Vörubílar

OK VARAHLUTIR

**Varahlutir -Varahlutir**
Nýjir, uppgerðir og einnig notaðir varahlutir fyrir flestar gerðir vinnuvéla og vörubíla. Útvegunarþjónusta, lagervörur, áratuga reynsla S: 897-1050 -696-1050. okspares.os@simnet.is

## Húsbílar



Renault master/Knaus 2005 3.0L disel 6gíra ekinn 22þús gerfihnattadiskur, flatskjár, hjólagrind og stigi, útvarp,markísa, sólarsella, bakkmyndavél, stuðningsfætur, reyklaus verð:9.500.000 S. 892 5597



Mercedes Benz húsbíll (Sprinter 316 CDI 4x4) árg'06, ónotaður.Ek 3þ km. V. 10.8m. Uppl. í S. 894 8306.

## Mótorhjól

elf
Gleðilegt sumar !
Elf olíur á öll mótorhjól
Velkomin í verslun okkar
að Tunguhálsi 10, Rvk.
Opið:
mán-fim. 8.00-17.30
föstud. 8.00 - 17.00
kemi
...svo allt gangi smurt
www.kemi.is



SUZUKI INTRUDER VS 1400árg. 2003, ekið um 9 þús. mílur.Ásett verð 990 þús. Tilboð 850 þús. staðgreitt.Uppl. í síma 663-5933.

## Fjórhjól



**Til sölu Polaris sportsman 800**
Polaris sportsman 800 X2 Nýskráð 19.06 2008 Ekið 4500 km. Götuskráð. Eigandi Hjálparsveit skáta í Reykjavík. Aukabúnaður sem fylgir: Tanktaska, handahlífar, rúða, grind framan, hiti í handföngum og bensíngjöf, raftengi f. Gps og Ram kúla. Aukadekkjagangur negldur, stærri, á felgum. Tilboðsverð 1.750.000- Engin skipti. Einnig snjóbelti fyrir sama fjórhjól. Selst allt saman á 2.100.000- Til sýnis hjá Stormi Kletthálsi 15 Upplýsingar í síma 8413050

## Kerrur



**Íslensk smíði**
Kerrur br.1,25m. L. 1,50-3,0m. 13" dekk. Verð frá 182.000.- 750kg. B.geta. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos 894-5111



Ný jeppakerra til sölu. Stærð.1,35x3. Uppl. í S. 692 6044 & 865 3041.

## Hjólhýsi

Til sölu hjólhýsi LMC Musterland. 400 s. Árg. ,06. Uppl. í s. 865 7954.

## Fellihýsi



Fleetwood Bayside árg. 2008 12 fet með kassa. Eitt með öllu. Sem nýtt. Verð 2480. S: 898-2811.




Álbox fyrir tjaldvagna og fellihýsi KE Málmsmíði, Axarhöfða 18. S. 587 0626 & 696 3522. www.ke.is

Fleetwood Utah skráð ,08. Notað 3x. Allir aukahlutir, t.d. fortjald. S. 856 3498.

## Bátar

Viðgerðaþjónusta, sport og bátavörur. Gúmmíbátar & Gallar S:571 1020 www.gummibatar.is

## Bílaþjónusta

Háþrýstidælur. Erum með gott úrval af háþrýstidælum og iðnaðarryksugum. www.topplausnir.is s:898-7126

## Hjólbarðar

4 stk. 14" Imprezu felgur á 15þ. 3 stk. 175/70 13" á álf. á 15þ. 2 stk. 205/70 14" á 10þ. 2 stk. 185/70 14" á 10þ. 2 stk. 195/65 15" á 8þ. 2 stk. 205/65 15" á 8þ. 4 stk. 185/70 14" á Lancer og Toyota felgum á 20þ. 4 stk. 215/55 16" á 25þ. 2 stk. 205/55 16" á 20þ. Uppl. í s. 896 8568.

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

Ódýr notuð dekk. Umboðssala fyrir notuð dekk. Dekkjasalan, Dalshrauni 16, Hafnarfirði. S: 587-3757. Myndir og verð á www.dekkjasalan.is.

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Ljósboginn ehf

**Startarar og alternatorar**
Fyrir flestar gerðir Fólksbíla,jeppa,vörubíla og vinnuvélar, varahluta og viðgerðaþjónusta. Gerum föst verðtilboð í viðgerðir þér að kostnaðarlausu. Ljósboginn yfir 50ár í þjónustu við bíleigendur! Bíldshöfða 14 sími 553-1244.

VARAHLUTIR AUKAHLUTIR
Sérpöntum varahluti og aukahluti fyrir ALLAR gerðir bíla frá Ameríku!
35 ára reynsla í sérpöntunum.
Einstök fagþekking - hröð þjónusta.
Höfum bæði "original" og "aftermarket" varahluti.
Ford DODGE PONTIAC.
Fyrirspurnir á tölvupósti sendist á: serpontun@benni.is
Bílabúð Benna
590 2000

NET-PARTAR
PARTASALA ...NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA



486 4499
486 4477
www.netpartar.is

**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Overhead S. 565 0455**
Eigum varahluti í Audi,Benz, Bmw, Musso, VW og margt fl. getum einnig úvegað nýja og notaða varahluti að utan. Erum fluttir í Hafnarfjörð nánar Hvaleyrarbraut 20.

Varahlutir í MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

Sælugarðar
→ Garðsláttur
→ Garðaúðanir
→ Beðahreinsun
→ Trjáklippingar
→ Trjáfellingar
→ Þökulagnir
→ Hellulagnir
→ Sólpallasmíði
Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

www.save.is
SÁ VERKLAUSNIR EHF
Alhliða garðaþjónusta og lóðafrágangur. Gerum föst verðtilboð.
Hellulagnir • hleðsluveggir, þökulagnir • sláttur • klipping, hreinsun • jarðvegsskipti.
Frekari upp. hjá Sigurði í s. 897 3057 eða á www.save.is

Alhliða garðaþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Tökum að okkur alhliða garðvinnu & hreinsun. Klippum og fellum tré, jarðvegsskiptum, helluleggjum, þökuleggjum, beðahreinsum og fleira.
Vönduð vinnubrögð
- Hjörleifur í s. 844 6547
- Róbert í s. 866 9767

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
Trjáklippingar
Garðsláttur
Beðahreinsun
Stubbatæting
Garðaúðun
Þökulagnir
Og margt fleira
Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Gardlist.is

HreinirGarðar
TRAUST OG ÖRUGG GARÐÞJÓNUSTA
• Trjáklippingar
• Trjáfellingar
• Garðsláttur
• Beðahreinsun ofl.
S.571-2000

ALHLIÐA GARÐAÞJÓNUSTA
• HELLULAGNIR
• SNJÓBRÆÐSLUR
• MALBIKSVIÐGERÐIR
• DRENLAGNIR
• HLEÐSLUR
HRINGIÐ Í SÍMA 661 2288
WWW.EDALVERK.IS
EDALVERK

GARÐLÍF
Tökum að okkur garðslátt, trjáklippingar, beðahreinsun, trjáfellingar, þökulagnir og allt sem viðkemur garðinum
Komum á staðinn og gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Láttu okkur sjá um garðinn
S. 691 9151




Garðsláttur, trjáklippingar og fellingar, laufahreinsun, stéttahreinsun, þökulagnir, girðingasmíði, jarðvegsvinna og margt fleira. Garðar best ehf s. 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

**Trjáklippingar / fellingar / sláttur**
Öll almenn lóðaumhirða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**Skattaframtal 2010**
Bókhald,framtöl,stofnun fél,ársreikn.VSK uppgj, erfðarfjárskýrslur o.fl. HAGSTÆTT VERÐ. S. 517-3977,framtal@visir.is

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Þjónusta



PICS
• YFIRBORÐSMEÐHÖNDLUN
• GRÓÐUREYÐIR
• ÞVOTTAEFNI
Viðhald
fyrir mynstursteypu og hellur
Hjá Steypustöðinni færðu viðhaldsefni frá PICS fyrir mynstursteypu og hellur.
STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir
Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Málingarþjónusta getur bætt við sig inni og úti verkefnum. Tilboð eða tímavinna. A1 Málun S. 660 1787

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald













ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Uppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.




**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

## Stífluþjónusta




## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s: 857 5015 & 857 4850

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

Very good massage for men. Gsm. 690 9182.

Great whole body message S: 696 4399.

Whole body massage. S. 849 5247.

## Spádómar










**Spásími Láru**
**S. 908 5050**

**Opið frá kl. 13:00 - 00:00 um helgar, 15:00-23:00 virka daga.**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

-EINKATÍMAR-HEILUN-SÍMASPÁ- Alla daga frá kl. 14:00 Elísabet s: 554 3306 / 663 0813.

Láttu spá fyrir þér beint á netinu. www.spamidill.is

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 13.00. Alla daga.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla og sláttuvélaþjónustan - enginn biðtími !**
Tek við öllum gerðum af reiðhjólum og sláttuvélum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

**Pípulagnaviðgerðir sími 897 3656**
Pípulagnaviðgerðir á öllu höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 897 3656 / 561 9078.

## Önnur þjónusta

**Sjóstöng, Sjóstöng.**
Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

# KEYPT & SELT

## Til sölu












**STUBBASTANDAR**
bæði frístandandi og á vegg. STANDUR ehf. S: 842-2535.



Gerðu klárt fyrir vorið - vorum að fá ný dekk á frábæru verði. Framdekk frá kr. 6.000,- og afturdekk frá kr. 7.000,-. Kíktu til okkar strax í dag eða hringdu. Blue Mountian, Rofabæ 9, s: 578 7860

## Til sölu






**stubbahus.is**
Stubbahúsin f. utanhúss reykingar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is

Mjög gott 28" sjónvarp grundig m/ fjarstýringu. Mjög vel með farið eldhúsborð og þrír stólar í stíl og mjög góður skemmtari. s: 773 7389

Ísskápur á 15þ. Þvottavélar á 20-30þ. Stór amerískur þurrkari á 30þ. Þurrkari á 20þ. Stáluppþvottavél á 30þ. Örbylgjuofn á 5þ. ,Bílageislaspilari á 5þ. Leðustóll á 5þ. Bílahátalarabox á 5þ. CD á 4þ. Sófar á 10þ. Brauðrist á 2þ. Eldhúsborð á 5þ. Glerborð á 5þ.Stólar á 3þ. Grill á 2þ. Teppi á 5þ. Línuskautar á 2þ. Rúm á 5 og 10þ. Stór vaskur á 3þ. Stál bakaraofn á 25þ. Bakaraofn með hellum á 10þ. Eldavél á 15þ. S. 896 8568.

Erlendur gjaldeyrir, USA dollarar og Evrur, uppl. í síma 659 4221.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is**

**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Vélar og verkfæri

Til sölu Novopress pressuvél fyrir pressutengi s.s. álpex og Rems (hand)snittvél fyrir 3/8 til 1 1/4 rör. Uppl. í síma 865 6590.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.




Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

## Verslun

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
**bathmate.is**

## Ýmislegt

Óska eftir að kaupa ódýra,notaða garðsláttuvél. Óskast keyptar hvaltennur og ýmislegt þesshháttar.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

www.toppform.is Lestu árangurssögurnar okkar á www.toppform.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**www.hairandbodyart.net**
Slökunarnudd, Tælenskt herbal nudd, Tælenskt handa & fóta nudd, Snyrting, Indverkst höfuðnudd.
**Pantanir í s. 551 2042 & 694 1275**

Vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir á góðu verði. Uppl í síma 8916447 Óli.

**NUDD - AFRICANA - NUDD**
**JB HEILSULIND**
**S. 445 5000**
Algjör nautn, 2ja klukkustunda meðferð 9900.- kr. Nuddari frá Senegal. Tilb. f. 2 skrúbb, heitur pottur, nudd kr. 9900.- kr. Detox úthreinsun f. 2 kr. 9900.- margar teg. nudd. slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf, snyrting. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 4455000 JB Heilsulind Skúlagötu 40.

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

**NUDD**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Námskeið fyrir börn og fullorðna. Skráning á www.brokey.is & s: 895 1551 Siglingafélag Reykjavíkur

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

60L fiskabúr með stóru fiskapari. Nýr hitari. Ný dæla. Tæplega 100L fiskabúr með nýrri dælu og nýjum hitara. S.773 7389

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

40 fm íbúð til leigu í 101. upplýsingar í síma 894 8684.

Lovely little studio flat. City center. Avalable now. S. 898 9574.

Til leigu 3ja herb íbúð við þórufell leiga með hússj. 130þ. á mán. uppl. í síma 699 0415.

Herb. til leigu i 105. M. sturtu og w.c. Sérinng. Uppl. í S. 698 1093.

Herb. í miðbænum Rvk. Húsgögn fylgja. Leiga 40þ. Uppl. í s. 895 0482 e. kl. 16.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. Einnig 120fm iðnarbil 4 m hurð hægt búa í hluta húsnæðis S. 892 5309.

## Húsnæði óskast

óska eftir 2-3 herbergja íbúð á leigu í hafnarfirði sem fyrst,langtímaleiga!. meðmæli,bankatrygging. uppl.í s.6922086

34 ára reglusamur fra Færeyjum óskar eftir2-3 herb íbúð 1 júli, 60/80þ RKV. joannese@gmail.com sim 8469151

Íbúð í 200/201, 210 eða 220/221 óskast. Fjársterkur og reglusamur aðili vill taka á leigu 3ja herb. íbúð, með stæði í bílageymslu. Upplýsingar sendist á olafurfi@torg.is.

3ja herbergja íbúð óskast. Helst í Fossvogsdalnum eða í nágrenni. Reglusemi og staðfestar greiðslur. Húshjálp upp í leigu kemur til greina. Uppl. í s. 695 4163.

Óska e. góðri, lítilli íbúð eða stúdíóíbúð til að taka á leigu í 101 & 105 Rvk. Uppl. í s. 860 3948.

30 ára framhaldsskólakennari óskar eftir að leigja litla íbúð í Reykjavík eða á Seltjarnarnesi næsta vetur. Sími 848 0112.

Söðlasmiðurinn í mosó óskar eftir húsnæði 20-35fm húsnæði eða bílskúr. Uppl s. 661 8864

3ja herbergja íbúð til langtímaleigu óskast f. mig og dóttur mína, helst í 105. Greiðslugeta um 100þús. Uppl. i s. 659 2895.

## Húsnæði til sölu



120 m² ferðþjónustuhús til sölu , áður Kaffi Grindavík, gæti einnig hentað sem sumarh.,verslun, aðstöðuh. eða m.fl.. 300 m² sólp.. Hús sem er auðvelt að flytja. Gott verð. Uppl. í s: 869 9294

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Stærðir frá 180 til 530 ferm S. 660 1060.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Aukatekjur, frjáls vinnutími ! Okkur vantar hressa einstaklinga í okkar hóp; sjálfstætt starf, góðar árangurstengdar tekjur. Áhugasamir um nánari upplýsingar sendi tölvupóst með nafni og síma á info@natures.is

Vantar reyndan mann með pungapróf og reynslu af smábátaskaki á strandveiðar. Uppl. 8673714

Stýrimann og vélstjóra vantar á 100 tonna línubát sem gerir út frá Hafnarfirði. Upp. í s. 848 9071 milli kl. 8-17

N1

**N1 verkstæði á höfuðborgarsvæðinu**
**óskar eftir að ráða sumarstarfsmann. Viðkomandi þarf að vera með þekkingu eða reynslu sem nýtist við ísetningu á ýmsum rafmagnsbúnaði í bifreiðar, þarf að geta unnið sjálfstætt og af nákvæmni.**
***Áhugasamir sæki um á www.n1.is.***

## Atvinna óskast

Vantar vandaða 3-4 herb. íbúð til leigu í Breiðholti eða Kóp. Greiðslugeta 90-120þ. S. 691 3249.

Óska eftir vinnu á skipi, allskonar vinnu. Er útskrifuð úr tækniskólanum sem rafvirki. S. 698 3553.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**

**Opið þegar þér hentar.**

**908 1616.**

26 ára ljóshærð kona vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8241.

Samkynhn. KK ath: Nú er mikið af nýjum auglýsingum á Rauða Torginu Stefnumót. Þú heyrir auglýsingar í s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort) og auglýsir sjálfur frítt í s. 535-9923.

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjáls. Stefnumót.is.

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjáls. Stefnumót.is.


# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



## AUKIN FÆRNI
### STERKARI STAÐA

# VIÐSKIPTANÁM
## VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

Háskólinn í Reykjavík er framsækinn rannsóknarháskóli sem býður nemendum og starfsfólki kraftmikið alþjóðlegt starfsumhverfi. HR hefur skapað sér sérstöðu sem háskóli atvinnulífsins og er í dag stærsti tækni- og viðskiptaháskóli Íslands. Við skólann starfa margir af fremstu vísindamönnum landsins, auk þess sem fjölmargir kennarar skólans koma frá virtum erlendum háskólum. Mikil áhersla er lögð á persónuleg tengsl nemenda og kennara, en þau hafa frá upphafi verið grundvallarþáttur í starfi Háskólans í Reykjavík.

**NÁMSLEIÐIR Á GRUNNNÁMS-, MEISTARA- OG DOKTORSSTIGI:**

**VIÐSKIPTADEILD**

- PhD í viðskiptafræði
- MSc í alþjóðaviðskiptum
- MSc í fjárfestingarstjórnun
- MSc í fjármálum fyrirtækja
- MSc í reikningshaldi og endurskoðun
- MSc í stjórnun rekstrarbókhalds
- MBA
- BSc í viðskiptafræði
  – Dagskóli eða háskólanám með vinnu
- Diplómanám í viðskiptafræði

**Kynntu þér námið á www.hr.is**

UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL **31. MAÍ**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# Hvað getur viðskiptalífið lært af *rannsóknarskýrslu Alþingis?*

Stjórnvöld, stjórnendur gömlu bankanna, endurskoðendur og eftirlitsaðilar fá lélega einkunn í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson leitaði svara við því hvaða lærdóm viðskiptalífið geti dregið af skýrslunni.

Hún er dökk myndin sem dregin er upp af íslensku viðskiptalífi og umhverfi þess allt frá einkavæðingu bankanna 2002 í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið, sem kom út fyrir þremur vikum.

Eftir einkavæðingu gömlu ríkisbankanna sem stjórnvöldum voru þóknanlegir tók við að því er virðist óheftur vöxtur þeirra langt út fyrir landsteina með nýja og áhættusækna stjórnendur við stýrið. Eftir einkavæðinguna tuttugufölduðust bankarnir að stærð á sjö árum og urðu eigendur þeirra stærstu skuldararnir.

Stjórnvöld stóðu hjá og gerðu lítið til að sporna við þróuninni og verja þjóðina gegn hugsanlegum skakkaföllum. Þvert á móti var æ fleiri dyrum hrundið upp og hindrunum velt úr vegi til að auðvelda bönkunum að tútna út, svo sem með lækkun bindiskyldu bankanna auk þess sem látið var hjá líða að nýta heimildir í EES-samningum til að sníða þeim þrengri stakk. Þeir sem töldu sig sjá hvert stefndi og létu í sér heyra voru jafnharðan kveðnir niður sem kverúlantar, gleðispillar í góðri veislu. Þetta átti jafnt við Vilhjálm Bjarnason, framkvæmdastjóra Samtaka fjárfesta, sem erlendra greinenda á borð við Lars Christensen, forstöðumann greiningardeildar Danske Bank árið 2006.

Í skýrslunni kemur fram að einmitt þá hefði átt að grípa til aðgerða. Það hefði getað komið í veg fyrir fall bankanna. „Inngrip síðar hefði þó getað minnkað skaðann af bankahruninu," segir þar. Greinar um veikleika íslenska fjármálageirans höfðu hins vegar lokað dyrum bankanna víða og urðu þeir að leita sér annarra leiða til að fjármagna sig.

Í kjölfarið hófu bankarnir sókn á nýja markaði með innlánsreikningum á meginlandi Evrópu. Varnaðarorð eftirlitsaðila í Bretlandi og Hollandi gegn Icesave-reikningum Landsbankans voru látin sem vind um eyru þjóta.

Ekkert er dregið undan í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Stjórnmálamenn og þeir sem eitt sinn töldust til auðkýfinga fá sinn skerf, stjórnendur bankanna fá skell, bankastjórar Seðlabankans eru þar sakaðir um vanrækslu og eftirlitsaðilar, jafnt veikburða Fjármálaeftirlit sem endurskoðendur bankanna, fá þunga dóma.

### SKÝRSLAN ER LÆKNINGATÆKI

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði við útkomu skýrslunnar þungan áfellisdóm yfir stjórnkerfinu, stjórnmálum og öllum þeim sem í henni er fjallað. Hún benti á að í kjölfar einkavæðingar bankanna hafi ítrekuð hagstjórnarleg mistök átt sér stað. Bankarnir hafi fengið að vaxa óáreittir á sama tíma og kynt hafi verið undir þenslu, eignabólu og ójafnvægi í efnahagslífinu. Við þetta hafi fótunum verið kippt undan fjármálastöðugleikanum, atvinnulífinu og heimilum landsins.

Skýrslan boði kaflaskil. Hrun bankanna hafi kallað á grundvallarendurskoðun margs í samfélaginu. Því megi líta á skýrsluna sem verkfæri til úrbóta. Glórulaus áhætta með þjóðarbúið að veði í samfélagstilraun verði ekki tekin á ný, að sögn Jóhönnu. „Við skulum gera það heilt sem brotið er, hreinsa það sem sýkt er og nýta skýrsluna sem lækningatæki í samfélaginu," bætti forsætisráðherra við að lokum.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Forsætisráðherra les í einu af níu bindum rannsóknarskýrslu Alþingis. MARKAÐURINN/GVA

### ÞJÓÐHAGSSTOFNUN LÍFGUÐ VIÐ

Háskóli Íslands stóð fyrir fundaröð alla daga síðustu viku um þann lærdóm sem draga má af rannsóknarskýrslu Alþingis. Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskólann, tók undir með Jóhönnu að hagstjórnarleg mistök hefðu átt sér stað allt frá einkavæðingu bankanna sem leiddi til falls þeirra og efnahagslífsins. Máli sínu til stuðnings benti hann á byggingu Kárahnjúkavirkjunar, skattalækkanir ríkisstjórnarinnar og hækkun á lánshlutfalli Íbúðalánasjóðs þegar síst skyldi. Það hafi leitt til háþrýstings í hagkerfinu. Við það bættust aðgerðir stjórnvalda, sem rímuðu illa við þau ráð sem Seðlabankinn greip til og hleypa átti loftinu úr hagkerfinu.

Þórólfur benti á að í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis hefðu ekki verið birtar ráðleggingar um næstu skref. Þau átti hann sjálfur: „Eitt það helsta sem við höfum lært af bankahruninu er nauðsyn einnar stofnunar sem metur áhrif hins opinbera á hagkerfið. Það réttlætir endurstofnun Þjóðhagsstofnunar," sagði hann og minntist stofnunarinnar sem gert hafði þjóðhagsspár óháð stjórnvöldum hvers tíma. Undir þetta sjónarmið tók breski hagfræðingurinn Robert Wade í grein í Fréttablaðinu á mánudag.

Þjóðhagsstofnun, sem var sett á laggirnar árið 1974 og heyrði undir forsætisráðherra, veitti ríkisstjórn og Alþingi ráðgjöf í

## Mikilvægt að temja sér betri vinnubrögð

„Íslendingar þurfa að temja sér agaðri vinnubrögð. Góðar ákvarðanir þurfa að vera byggðar á rökum og gögnum en ekki tilfinningum," segir Guðrún Johnsen, lektor í viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.



**GUÐRÚN JOHNSEN** Akademísk vinnubrögð þarf að innleiða í atvinnulífið, að sögn lektors við HR.

Guðrún bendir á að skýrsluhöfundar hafi viðhaft ströng akademísk vinnubrögð og ekki haldið neinu fram sem þeir hafi ekki getað stutt með gögnum og rökum. Slík vinnubrögð þurfi að innleiða bæði í stjórnsýsluna og atvinnulífið. „Í skýrslunni er ekki stokkið til og tilfinningasemi látin ráða för við greiningu efnisins. Það er ekki bjóðandi að stjórnendur fyrirtækja hagi sér með öðrum hætti," segir hún og vitnar í hluta skýrslunnar þar sem því er lýst hvernig einn bankastjóranna hafi stýrt bankanum í gegnum farsíma sinn.

Guðrún segir að meint innsæi og brjóstvitið eitt hafi í sumum tilvikum ráðið för fyrir hrun. „Þeir sem geta beitt innsæi þurfa að búa yfir mikilli reynslu og mjög mikilli greiningarhæfni. Það kemur ekki á einni nóttu," segir hún.

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA




20 mismunandi bækur sem dæma þarf af kápunni.




50 kassar utan um augnakonfekt.




5.000 umslög af heppilegri stærð.




2.000 bæklingar með afar djúpum pælingum.

efnahagsmálum. Á meðal annarra verkefna hennar var að semja þjóðhagsspár. Hún var gagnrýnd harkalega á níunda áratug síðustu aldar og mun hafa komið til tals að leggja hana niður í stuttri forsætisráðherratíð Þorsteins Pálssonar á árunum 1987 til 1988. Á endanum var hún lögð niður í stjórnartíð Davíðs Oddssonar árið 2002, skömmu áður en Landsbankinn og Búnaðarbankinn voru einkavæddir.

**RÓTTÆKAR BREYTINGAR FRAM UNDAN**

Talsverðar breytingar eru fyrirhugaðar á íslensku fjármálalífi á næstunni, miðað við þau stjórnarfrumvörp sem Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, hefur lagt fyrir Alþingi eftir hrun. Þar á meðal eru breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki þar sem tekið verður á krosseignarhaldi, starfslokasamningum, lánveitingum til tengdra aðila, lánum með veði í hlutabréfum og réttindi smærri hluthafa styrkt í sessi. Þá verður eftirlit styrkt, bæði innan bankanna og hjá eftirlitsstofnunum.

Gylfi sagði fyrir skömmu á fundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga um framtíð íslenska fjármálamarkaðarins að bankakerfið hér yrði smátt í sniðum um árabil. Þess yrði langt að bíða þar til bankarnir spryngju út með sama hætti og fyrir hrun, ef þeir gerðu það nokkurn tíma.

# Endurskoðendur geta orðið blindir á bækurnar

## Hyggilegast er að endurskoðendur fari ekki yfir reikninga fyrirtækja nema í þrjú ár í senn, að mati lektors í reikningsskilum.

Endurskoðendur hafa sloppið furðu vel þrátt fyrir að hafa brugðist við gerð ársreikninga banka og fjármálafyrirtækja fyrir hrun. Þetta er mat Bjarna Frímanns Karlssonar, lektors í reikningsskilum við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Bjarni hélt erindi í síðustu viku í fyrirlestraröð Háskólans um lærdóma af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Hann benti á að endurskoðendur hefðu ofmetið eignir bankanna stórkostlega fyrir hrunið 2008 og ekki fært eignir þeirra niður að neinu ráði þrátt fyrir sterkar vísbendingar um lausafjárvandræði. Þá hafi eigið fé bankanna verið stórkostlega ofmetið. Endurskoðendur hafi átt að gera sér grein fyrir því að bankarnir hafi lánað fyrir kaupum á eigin bréfum og með réttu að draga lánveitingarnar frá eigin fé. „Bókhaldsmeðferð var á mjög gráu svæði," sagði Bjarni en vildi þó ekki taka afstöðu til þess hvort endurskoðendur hafi brotið lög. Hann taldi þó fullvíst að óhæðið, fjöregg endurskoðenda, hafi beðið hnekki. Þótt margt orki tvímælis í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum geti Íslendingar ekkert við því gert. Þeir eigi ekki sæti í staðalaráðinu en geti reynt að láta rödd sína heyrast.

Bjarni taldi ekki við menntun endurskoðenda að sakast enda ekkert í náminu sem hvetji til bókhaldsbrellna. „Þvert á móti er



**DEILT UM ENDURSKOÐUN** Ekki er horft upp til bókhaldsbrellna í námi í reikningsskilum, að sögn Bjarna Frímanns Karlssonar, lektors við viðskiptafræðideild HÍ. MARKAÐURINN/STEFÁN

alltaf púðri eytt í siðfræði og tekin dæmi af fyrirtækjum þar sem átt hafi verið við bókhaldið. Aldrei er talað um það með aðdáun. En það má eflaust gera betur. Ég er ekki frá því að efla þurfi siðfræðiþáttinn í náminu," sagði Bjarni og benti á að samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar komi fram að tvö endurskoðendafyrirtæki hafi séð um endurskoðun þeirra sex fjármálafyrirtækja sem rannsökuð voru. Því styðji hann hugmyndir þess efnis að sami endurskoðandi skoði ekki reikninga fyrirtækja nema í þrjú ár í senn. „Mér finnst það mjög skynsamlegt. Þegar menn hafa í sjö ár endurskoðað sama fyrirtækið geta þeir orðið húsblindir. Menn hætta að sjá hlutina."



**VILHJÁLMUR** Á sama tíma og kirkjan hefur reynt að halda Íslendingum við efnið í siðferðismálum hefur hún átt undir högg að sækja. Það skýtur skökku við þegar mikilvægt er að halda dyggðir í heiðri, að sögn framkvæmdastjóra SA. MARKAÐURINN/GVA

# Mikilvægt að setja dyggðir á stall

„Bankahrunið er dæmi um það hvað þeir lestir sem fylgt hafa mannkyninu alla tíð geta leitt okkur í ef við leyfum þeim að ná tökum á okkur," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um þann lærdóm sem viðskiptalífið getur dregið af rannsóknarskýrslunni. Hann segir græðgi, óhóf og hroka hafa verið ofarlega á blaði í viðskiptalífinu fyrir hrun.

Vilhjálmur segir nauðsynlegt að halda í heiðri þær dyggðir sem mannkynið hafi á stundum iðkað, sérstaklega heiðarleika, hófsemi og heilbrigðan metnað. Hann telur ekki að breyta þurfi skólakerfinu til að koma í veg fyrir að viðskiptalífið fari aftur í sömu hjólförin. „Þetta snýst frekar um stöðu siðferðisboðskapar í samfélaginu," segir hann og bendir á að það skjóti skökku við að á sama tíma og kirkjan hafi reynt að halda Íslendingum við efnið í siðferðismálum hafi hún átt undir högg að sækja síðustu ár.

# Tengja verður hagfræði á ný við veruleikann

## Byggja verður brýr á milli þess siðferðilega og hagræna. Auðlegð er meira en peningar, að sögn lektors við Háskóla Íslands.

Viðskiptalíf og hagvísindi hafa fjarlægst rætur sínar og hafa síðustu ár verið í takmörkuðum tengslum við þann félagslega, sálræna og andlega veruleika sem forsendur þeirra og líkanagerð þarf að byggjast á, að sögn dr. Hauks Inga Jónassonar, sálgreinis og lektors í leiðtoga- og stjórnunarfræðum við verkfræði- og náttúrufræðisvið Háskóla Íslands.

Haukur bendir á að upphaflega hafi hagfræðin verið nátengd siðfræði og helstu spurningar fræðanna tengst siðfræðilegum spurningum um frelsi og réttindi fólks. Það hefur farið minna fyrir þessu á undanförnum áratugum. „Oftrú meðal annars á reiknigetu hefur að vissu leyti slitið menn lausa frá veruleikanum og þeim félagslegu, sálrænu og andlegu viðfangsefnum sem skipta fólk og samfélag mestu máli. Það eru takmörk fyrir því að hve miklu leyti hægt er að fella þann heim inn í útreikninga og það er grunnhyggin heimsmynd sem smættar allt mannlegt líf niður í árangur og verksækni," segir hann. Haukur bætir við að nytjahyggja ein dugi ekki til að



**HAUKUR INGI** Reikningsgetuhroki sleit fólk í viðskiptalífinu úr tengslum við veruleikann. MARKAÐURINN/STEFÁN

útskýra þarfir nútímamannsins og að gagnlegt sé að endursmíða brýrnar á milli þess siðræna og þess hagræna. „Lykilmenn í viðskiptalífi og stjórnmálum gleymdu að hugsa um dyggðina, skylduna og um réttindi annarra," segir hann. Haukur heldur því fram að það hafi verið tilhneiging til að réttlæta slæma ákvarðanatöku með nytsemdarrökum á kostnað virðingar fyrir raunverulegu innsæi, mikilvægi tilfinninga og þroskuðum samskiptum í viðskiptum. Hann rifjar upp ummæli forstjóra sem situr undir alvarlegum ámælum í rannsóknarskýrslu Alþingis, sem sagðist aftengjast öllum tilfinningum þegar hann tæki ákvarðanir. „En er ekki innsæi í viðskiptum grundvallað meðal annars á tilfinningum. Þessi oftrú á tiltekna gerð greindar bendir á rof við einn mikilvægasta þátt í allri ákvarðanatöku – tilfinninguna."

Fyrir háskólamenn er margt að læra af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, að mati Hauks. Í fyrsta lagi þurfi að endurbæta menntun í verk- og hagvísindum og skyldum greinum. Þetta sé þó ekki séríslenskt vandamál. MIT-háskólinn í Bandaríkjunum hafi til dæmis verið að endurskoða námsskrá sína. Þar á bæ sé verið að skoða hvernig hægt er að auka næmi nemenda fyrir siðferðilegri skyldu sinni sem sérfræðinga. Sams konar rýni á sér stað hjá Háskóla Íslands. „Sérfræðiþekking og fagmennska fela í sér að við beitum sérfræði okkar í þágu þess að byggja upp gott samfélag. Sérfræðiþekking er því ekki einkamál eða einkaeign þess sem hefur hana heldur eitthvað sem samfélagið gefur þér kost á að afla þér og við greiðum til baka með því að vera faglega treystandi," segir Haukur.

Margvísleg önnur gæði skipta máli en veraldleg, að mati Hauks. Hann vitnar í Ágústínus kirkjuföður, sem sagði að auðlegð sem aðeins felst í því að eignast veraldleg gæði skapi tilfinningu fyrir óseðjandi fátækt. Og að þessa fátækt hafi hag- og markaðsfræðin gert að forsendu sinni. „Það eru góð tengsl við sitt innra líf, aðra og tilfinning fyrir því að gera gagn sem skapar tilfinninguna fyrir raunverulegum verðmætum. Stjórnendur og stjórnmálamenn skyldu því ekki aðeins horfa út á við heldur þurfa þeir líka að horfa inn á við og gaumgæfa hvað þeim gangi til. Margir þroskaðir athafnamenn skilja þetta vel. En sá sem er glámskyggn á sjálfan sig hvað þetta varðar er líklegur til að verða mistækur í athafnalífinu þó að honum gangi gott eitt til og þó að hann vinni samkvæmt þeim hag- og verkvísindalegu trúarkreddum sem honum hafa verið innrættar," segir Haukur.











Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

500 bæklingar með nýju sniði.

100 ferskir matseðlar sem ilma af framandi réttum.

40.000 öskjur utan um verðmætar afurðir fyrir markaði erlendis.

ODDI

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

ÚR FORTÍÐINNI



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/ JÓN BIRGIR PÉTURSSON

# Sólkonungar að vetri

Íslenskir sóldýrkendur eiga þessum mönnum mikið að þakka, þeim Guðna Þórðarsyni í Sunnu og Ingólfi Guðbrandssyni í Útsýn, frumkvöðlum í sólarlandaferðum hér á landi. Það var kalsalegt um að litast þegar þessi mynd var tekin af „kóngunum í ferðaskrifstofubransanum“ á Austurvelli veturinn 1969 – og kannski ekki nema von að þeir félagarnir leituðu út í sólina. Utanlandsferðir voru ekki algengar í þá daga en nú er öldin önnur. Rúmlega 400 þúsund Íslendingar fara nú um Leifsstöð á ári hverju.

FYRIRTÆKIÐ

# Snjöll nýting innlends hráefnis í áliðnaði

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur sýnt fram á að það er bæði tæknilega mögulegt og fjárhagslega hagkvæmt að nýta kísilryk sem fellur til við framleiðslu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga til að framleiða háhitaeinangrun. Notagildið er mikið og er einangrunin til dæmis nýtt í kerfóðringar og hafa íslensk álver sýnt vinnunni áhuga.



**FRÁ GRUNDARTANGA** Kísilryk (SiO2) er selt sem íblöndunarefni í sement. Framleiðsla er yfir 20 þúsund tonn á ári. Lengi var það urðað í malarnámum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stofnað hefur verið sprotafyrirtækið Háhiti um framleiðslu þessarar háhitaeinangrunar og stefnt er að því að setja upp verksmiðju á Akranesi innan skamms. Slík verksmiðja gæti skapað tíu til tólf störf í upphafi.

Guðbjörg Óskarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð, segir að hugmyndin hafi vaknað haustið 2008, eða í miðju hruninu. Þá hafi verið í anda tímans að dusta rykið af gömlum hugmyndum. Ein slík var að nýta þetta innlenda hráefni sem fellur til í töluverðu magni við framleiðslu járnblendis hjá Elkem á Grundartanga.

Guðbjörg útskýrir að einangrunin sem um ræðir sé ekki aðeins mjög hitaþolin heldur sé hún sterkari en sú sem til þessa hefur verið nýtt í álverum hér. „Margvísleg notkun kemur til greina og sérstaklega í samhengi við nálægð framleiðslunnar við hitanotkun bæði í iðnaði og orkuframleiðslu hérlendis. Tækifærin eru fjölmörg,“ segir Guðbjörg.

- shá

FRÁBÆRT
fyrir sumarbústaðinn
Sparið ca70% af rafhitunarkostnaði með varmadælu
Kortalán valitor
5 ára ábyrgð á kælipressu
Panasonic fyrir 70m2
Verð frá 228.000,- kr. m/vsk
Panasonic fyrir 115m2
Verð frá 327.000,- kr. m/vsk
varmadaela.is • S: 823-9448



# Tölvuframleiðendur komnir í gírinn

Þrátt fyrir miklar fréttir af iPad-spjaldtölvunni er hún langt í frá sú eina í heimi. Microsoft kynnti frumgerð fyrstu tölvunnar árið 2001 og hafa þær verið til í ýmsu formi um nokkurra ára skeið þótt lítið hafi farið fyrir vinsældum þeirra. Öðru máli gegnir nú enda búast tæknispekúlantar úti í hinum stóra heimi við að iPad-spjaldtölvan muni valda byltingu í tölvunotkun. Hér eru nokkrar tölvur sem sumir telja geta veitt Apple harða samkeppni á nokkuð heitum markaði:



**HANVON TOUCHPAD**
Kínverska tæknifyrirtækið Hanvon, sem er umsvifamikið á lestölvumarkaðinum, setti nýverið á markað spjaldtölvu undir nafninu Hanvon B10 Touchpad. Tölvan er með rúman 25 cm (horn í horn) stóran snertiskjá og vegur tæpt kíló. Tölvan keyrir á stýrikerfinu Windows 7, er með 250 GB harðan disk, Wi-Fi, SD-minniskortarauf, sjónvarpstengi og 1,3 MP vefmyndavél.



**HEWLETT-PACKARD SLATE**
Bandaríski tæknirisinn HP gaf það út fyrir nokkru að hann hygðist gera sig stóran á spjaldtölvumarkaðinum. Tölvan er væntanleg á markað í haust. Gert er ráð fyrir að hún keyri Windows 7 og eru tæknispekúlantar erlendra tímarita á því að hún geti veitt iPadinum harða samkeppni. Þeir telja þó ólíklegt að hún muni keppa við iPad-tölvuna þar sem Apple-fólk kaupir almennt ekki vörur annarra. Þegar hefur verið gefið út að Slate-spjaldtölvan muni styðja við Flash-tækni, með minniskortarauf, USB-tengi og VGA-myndavél að framan og 3 MP-myndavél að aftan. Skjárinn er ívið minni en í öðrum spjaldtölvum, eða rétt rúmir 20 cm horn í horn. Reiknað er með því að rafhlaðan dugi í fimm klukkustundir.

**ICD GEMINI**
Gemini-tölvan frá bandaríska tæknifyrirtækinu ICD hefur fengið nokkra athygli í netmiðlum upp á síðkastið. Búist er við að hún komi á markað í ágúst og segja þeir sem hafa fengið forskot á sæluna að tölvan geti velgt Apple undir uggum. Hún keyrir á Android-stýrikerfinu frá Google, styður við Flash-tæknina og þykir skila sínu jafnt í vídeóglápi sem netrápi. Framan á tölvunni verður 2,0 MP myndavél en 5,0 MP að aftan. Skjárinn er um 28 cm horn í horn.

**NÝTT OG VÆNTANLEGT**
Spjald- og töflutölvur sem komnar eru á markað: Töflutölvurnar eru sumar hverjar með snertiskjá en áfast lyklaborð og geta því nýst betur en tölva með innbyggðu og óþægilegu lyklaborði: Asus Eee Pad, Lenovo IdeaPad S10-3t, Fusion Garage JooJoo, Archos 9 PCtablet, Camangi WebStation.

Nokkrar væntanlegar: Dell Mini 5, Microsoft Courier, Notion Ink Adam, ExoPC Slate, Axiotron Modbook Pro, MSI Tegra 2 Tablet, Freescale Smartbook Tablet. Þá hefur netrisinn Google greint frá því að tölva frá fyrirtækinu sé væntanleg á markað.

- jab

YFIR HEIÐINA MEÐ ÓLA KRISTJÁNI

# Fyrir fólk sem ann akstri



*Óli Kristján Ármannsson blaðamaður tekur til kostanna notaða bíla og metur hvort þeir fái staðið undir því að kallast forstjórabílar.*

Hér mætti segja að kominn væri forstjórabíll handa forstjóranum sem hefur gaman af því að keyra. Bíllinn hefur allt til að bera sem prýða þarf ökutæki sem hvaða forstjóri sem er gæti verið stoltur af því að ferðast um á. Að auki er rífandi kraftur í bílnum og hann ótrúlega lipur miðað við hvað hann er stór og þungur. Stærð og þyngd gerir svo náttúrlega ekki að verkum að hann er stöðugur eins og klettur, jafnvel þó svo ekið sé á miklum hraða.

Ljóst má vera að Volvo-inn (sem fullu nafni heitir Volvo S80 SE Turbo og er af árgerð 2006) er mikið tryllitæki og krafturinn yfirdrifinn, 200 hestafla vél, 2,5 lítrar að stærð. Bíll sem þessi nýtur sín vel á hraðbrautum meginlands Evrópu og mætti segja að hann sé í kjörumhverfi sínu upp úr 120 kílómetra hraða. En það myndi undirritaður náttúrlega ekki geta vitnað um, enda 90 kílómetra hámarkshraði á Hellisheiðinni.

Þungur bíll með stóra bensínvél er vitanlega ávísun á töluverða eldsneytisnotkun, en þar ræður líka aksturslagið nokkru. Þótt bíllinn sé sjálfskiptur er líka hægt að smella „gírstönginni“ til hægri og skipta sjálfur um gír með því að hnika henni ýmist fram eða aftur. „Geartronic“ skipting Volvo gerir því að verkum að hægt er að mótorbremsa, eða, eins og undirritaður prófaði, að láta bílinn renna niður Kambana í sjötta og fimmta gír og horfa á bensíneyðsluna detta um stund niður í núll lítra á hundraðið.

Í prufuakstrinum var bensíneyðslan 10,8 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri, en líklegt má telja að bíllinn eyði á milli 14 og 15 lítrum á hundraðið innanbæjar, allt eftir því hvað ökumaðurinn er þungur á inngjöfinni.



**VOLVO S80 SE TURBO** Kraftmikill kaggi sem eftir er tekið. Í það minnsta er prufuökumaður bílsins ekki frá því að augu „unglingspilta á öllum aldri“ hafi stundum fylgt honum eftir þar sem hann átti leið um. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HELSTU STAÐREYNDIR

| Volvo S80 SE Turbo, árgerð 2006 | |
|---|---|
| Ásett verð: | 4.590.000 krónur |
| Ekinn: | 33.160 km |
| Lengd: | 485,1 cm |
| Breidd: | 189,3 cm |
| Litur: | Svartur |
| Sætafjöldi: | 5 |
| Þyngd: | 1.553 kg |
| Burðargeta: | 607 kg |
| Slagrými: | 2.521 cm3 |
| Afl: | 147,0 kW |
| Eldsneyti: | Bensín |

Aksturstölva bílsins er líka næm á aksturslag ökumannsins og lagar bíllinn sig fljótt og vel að honum. Þeir sem eru mjúkir á inngjöfinni fá virðulega upptöku í stórum bíl, en aðeins ákveðnari meðhöndlun kallar fljótt fram villidýrið sem undir húddinu býr.

Stjórntæki ökumanns eru þægileg og má þar sem dæmi nefna skriðstillinguna (e. cruise control) sem er í stýrishjólinu. Hún er einkar meðfærileg. Þá er hægt að stilla hraða bílsins nákvæmlega með hnöppunum, hægja á og gefa í, svona ef einhver skyldi kjósa að aka á nákvæmlega 96 kílómetra hraða.

Bíllinn er rúmgóður og innréttingin smekkleg. Ljóst leður í sætum og viðarinnrétting. Rafmagn í sætum, hljómkerfið stórgott, 17 tommu álfelgur og hvaðeina. Þá spillir ekki fyrir hvernig speglarnir leggjast upp að hliðum bílsins þegar honum er læst, hvernig bíllinn „man“ hvernig síðasti ökumaður vill hafa sæti og spegla stillta, fyrirstöðuskynjari í afturstuðara, og margvíslegur annar búnaður ökumanni til hægindaauka.

Bíllinn er náttúrlega ekki alveg nýr en er fyrir mestanpart eins og nýr. Hann getur verið hvort heldur sem er virðulegur eða villtur og hann sker sig úr á götu fyrir glæsileika sakir. Það er mat undirritaðs að hvaða forstjóri sem er gæti verið stoltur af því að aka á þessum bíl og blundi í honum lítill akstursíþróttamaður þá kemur hann til með að hafa gaman af því líka.

KÓPAVOGSDAGAR

MENNINGARHÁTÍÐ FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

# Litla flugan

## TÓNLEIKAR TIL HEIÐURS SIGFÚSI HALLDÓRSSYNI



**Perlur Sigfúsar Halldórssonar fluttar af Stefáni Hilmarssyni, Heru Björk Þórhallsdóttur og Agli Ólafssyni. Hver kannast ekki við Fúsalögin Tondeleyo, Litla flugan, Dagný, Lítill fugl eða Íslenskt ástarljóð? Hljómsveitarstjórn: Björn Thoroddsen.**

**Tryggðu þér miða á salurinn.is**

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á
WWW.KOPAVOGSDAGAR.IS

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**75,1** prósent Íslendinga á vinnualdri, 16 til 74 ára, hefur atvinnu um þessar mundir.

**18.700** milljarðar króna er upphæðin sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur samþykkt að lána Grikkjum á næstu þremur árum.

**430** milljarðar er áætlaður kostnaður Evrópusambandsins af eldgosinu í Eyjafjallajökli.

BANKAHÓLFIÐ

## Bessastaðastigið

Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, rifjaði upp drauma manna að stofna hér alþjóðlega fjármálamiðstöð þegar efnahagslífið virtist í blóma fyrir hrun á hádegisfundi um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið. „Hugmyndin var sumpart að gera Ísland að ríkasta landi í heimi, líkt og var titill á bók. Eða þá kannski það ríkastastasta í heimi, ef við höldum okkur við Besssastaðastigið," sagði hann um það sem gæti verið nýjasta og langefsta stig lýsingarorða í íslensku. Uppskar Þórólfur mikinn hlátur frá gestum úti í sal.



## Sofið hjá SA

Samtök atvinnulífsins (SA) héldu sinn reglulega ársfund á dögunum. Fundir SA hafa í gegnum tíðina verið sem hressandi andblær í hversdagsamstrinu og vakið marga af værum blundi. Á fundinum um daginn var setið í nær hverjum stól og bjuggust gestir eðlilega við miklu. Heldur bráði fljótt af fólki enda virtist sem efnahagshrunið hafi bitnað heldur illa á samtökunum. Í stað kröftugra og innblásinna yfirlýsinga fetuðu frummælendur þrönga stigu miðju og hlutleysis. Í heldur þurri tölu Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á verkum ríkisstjórnarinnar gáfu augnlok nokkurra gesta endanlega eftir. Þegar síðustu ræðumenn stigu í pontu voru margir farnir og misstu þeir því af bestu bitunum – að sagt er.



## Misnotkun

Athafnamaðurinn Guðmundur Franklín Jónsson fór mikinn í grein í Fréttablaðinu á mánudag og sakaði lífeyrissjóðina um að hafa stundað skipulega markaðsmisnotkun og keyrt upp hlutabréfaverð Össurar um sextíu prósent frá bankahruni. Þá gagnrýndi hann sjóðina fyrir að fjárfesta enn í Össuri þrátt fyrir að fyrirtækið sé með neikvæða eiginfjárstöðu að frádregnum óefnislegum eignum. Lífeyrissjóðir eru ágæt fórnarlömb um þessar mundir. Þeir sem til þekkja gagnrýna þvert á móti lífeyrissjóðina fyrir að hafa ekki bætt við hlutafjáreign sína í félaginu þrátt fyrir gjafverð á hlutabréfum Össurar í dýfu á mörkuðum og þeir því misst af góðu tækifæri þegar verðið tók flugið eftir skráningu hlutabréfa stoðtækjafyrirtækisins á hlutabréfamarkað í Danmörku en þar sugu erlendir lífeyrissjóðir þau upp með þeim afleiðingum að gefa varð út fleiri hlutabréf til að anna eftirspurn.






# Lækkaðu prentkostnaðinn

## Rent A Prent – Umhverfisvæn lausn frá Skyggni

Rent A Prent er umhverfisvæn og hagkvæm prentlausn sem dregur úr pappírsnotkun, lækkar rekstrarkostnað og eykur öryggi.

Skyggnir útvegar prentara, rekstrarvörur og sér um innleiðingu og viðhald. Því er hvorki fjárhagsleg skuldbinding á vélbúnaði né rekstrarvöru heldur greiðir þú aðeins fyrir hvert prentað eintak.

Með aðgangsstýrðum prenturum er komið í veg fyrir að gögn liggi á glámbekk um leið og dregið er úr óþarfa pappírsnotkun.

Hafðu samband við söluráðgjafa Skyggnis til að fá frekari upplýsingar um Rent A Prent.
Síminn er **516 1000** og netfangið: **sala@skyggnir.is**

Skyggnir
Upplýsingatækni og samskiptalausnir

**Skyggnir höfuðstöðvar**, Borgartúni 37, sími 516 1000 | **Akureyri**, Skipagötu 18, sími 516 1370 | **Neskaupstað**, Nesgötu 4, sími 516 1380 | **Egilsstöðum**, Miðási 1, sími 516 1380

**EINSTAKT TÆKIFÆRI!**

HTH GLÆSILEGAR INNRÉTTINGAR

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

Vegna breytinga á HTH-sýningarsal okkar í Lágmúla 8 bjóðum við nú fjórar eldhúsinnréttingar með ***ótrúlegum afslætti***:







ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA SÖLUMENN OKKAR

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMAR: 530-2819 og 530-2821

## Atvinna



# Digraneskirkja
*kirkjan þín*

**Digraneskirkja auglýsir laust til umsóknar starf organista frá og með 1. september 2010 eða eftir nánara samkomulagi.**

Um er að ræða fullt starf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi FÍO/Organistadeildar FÍH og Launanefndar þjóðkirkjunnar.

**Hæfniskröfur:**
Umsækjandi þarf að hafa menntun og reynslu í orgelleik og kórstjórn á sviði kirkjutónlistar.
Reynsla af fjölbreyttu tónlistarstarfi er æskileg.
Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af og sé tilbúinn til að starfa með ungu fólki, hafi hæfni í mannlegum samskiptum og sýni sveigjanleika í starfi.

Umsóknum ásamt afritum af prófskírteinum og ferilskrá skal skila eigi síðar en 7. júní 2010. Frekari upplýsingar um starfið veita formaður sóknarnefndar Hreggviður Norðdahl og sóknaprestur sr. Gunnar Sigurjónsson.
Að öðru leiti vísast til starfsreglna um organista nr. 823/1999

**Umsóknir sendist til:**
Hreggviður Norðdahl
Digraneskirkja
Digranesvegi 82
200 Kópavogi.
www.digraneskirkja.is

## Til sölu

SELTJARNARNES

# Auglýsing vegna sveitarstjórnarkosninga á Seltjarnarnesi.

**Framboðslistar og framlagning kjörskrár.**

Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninga á Seltjarnarnesi, sem fram skulu fara laugardaginn 29. maí 2010, rennur út laugardaginn 8. maí 2010 kl. 12:00 á hádegi.
Yfirkjörstjórn tekur á móti framboðslistum þann dag á milli kl. 11:00 og 12:00 á bæjarskrifstofu Seltjarnarnesbæjar, I. hæð, að Austurströnd 2 Seltjarnarnesi.

Kjörskrá Seltjarnarnesbæjar liggur frammi, almenningi til sýnis, á bæjarskrifstofum Seltjarnarness, Austurströnd 2, 1. hæð í þjónustuveri frá kl. 8:45-16:00 hvern virkan dag frá 18. maí 2010.

Fh. Yfirkjörstjórnar Seltjarnarnesbæjar
Pétur Kjartansson

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

# Auglýsing um skipulag
**Endurgert deiliskipulag fyrir Hvamma í Hafnarfirði.**

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 26. greinar skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulags- og byggingarráð gerir eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar:
"Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvamma dags. 20.04.2010 verði auglýst skv. 1. mgr. 26. greinar skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin felst í að núgildandi skipulag verði uppfært í samræmi við þær breytingar sem hafa orðið á hverfinu. Ekki hefur verið byggt í samræmi við gildandi deiliskipulag frá árinu 1976, breytt 1979, og verður jafnframt að fella það deiliskipulag úr gildi.

Deiliskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 5. maí 2010 – 3. júní 2010. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 18.júní 2010. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Skipulags-og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

## Atvinnuhúsnæði

# ATVINNUHÚS.IS

Fasteignasala og leiga - Verðmat og ráðgjöf

**ATLI VAGNSSON**
hdl og löggiltur fasteignasali

Hverfisgata 4 • 101 Reykjavík
Sími: 698 4611 / 561 4433 • atli@atvinnuhus.is

## Atvinna

SpKef Sparisjóður byggir á gamalli hefð en horfir til framtíðar, til hagsbóta fyrir það samfélag sem hann starfar í.

# Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum sem vilja taka þátt í uppbyggingu Sparisjóðsins

## Sérfræðingur í útlánum til fyrirtækja

Sérfræðingur á sviði útlána og útlánavandamála mun vinna að greiningu og úrlausn lánamála. Viðkomandi mun sjá um samhæfingu á sölu afurða bankans til núverandi og nýrra viðskiptavina ásamt því að veita útibúum bankans ráðgjöf í tengslum við lán og lántökur viðskiptavina.

**Helstu verkefni:**
- Stöðugreining á viðskiptum fyrirtækja
- Vinnsla og úrlausn lánamála með útibúum bankans
- Kynning lánamála hjá lánanefnd bankans
- Öflun nýrra viðskiptatengsla
- Utanumhald um lánabók

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í viðskiptafræðum eða sambærileg menntun
- Reynsla af bankastarfsemi eða reynsla af rekstri fyrirtækja skilyrði
- Frumkvæði í starfi og hæfni til nákvæmra og sjálfstæðra vinnubragða
- Góðir samskiptahæfileikar

## Innri endurskoðandi

Innri endurskoðanda er ætlað að leggja mat á og bæta virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarhátta með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styðja þannig Sparisjóðinn til þess að ná markmiðum sínum. Innri endurskoðandi mun jafnframt bera ábyrgð á þróun og viðhaldi gæðaeftirlits innri endurskoðunar.

**Helstu verkefni:**
- Framkvæma innri endurskoðunaráætlun
- Leggja mat á og vinna að því að bæta virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarhátta
- Fylgjast með því að stjórnskipulag Sparisjóðsins virki sem skyldi
- Ábyrgð á þróun og viðhaldi gæðaeftirlits
- Styðja Sparisjóðinn í að ná markmiðum sínum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi á sviði viðskiptafræði eða lögfræði
- Umtalsverð reynsla af störfum á fjármálamarkaði
- Góðir samskiptahæfileikar
- Yfirsýn
- Frumkvæði og nákvæm vinnubrögð

**Bæði innri endurskoðandi og sérfræðingur í útlánum hafa aðsetur í Keflavík.**

**Upplýsingar veitir:**
Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til 19. maí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

## Sölumaður óskast

**Á sérhæfða sölu með ferðavagna í sumar. Þarf að vera vanur Henry forritinu og hafa einhverja þekkingu á ferðavögnum.**

**Umsóknir sendist á: tjonusta@365.is merkt „Ferðavagnar“**


**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Melar, norðan Hagamels

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Mela, reit 1.540 svæði sem afmarkast af Hagamel, Hofsvallagötu, Hringbraut og Furumel. Gildi skipulagsreitsins felst ekki síst í samræmdu yfirbragði og heillegri mynd þess. Göturýmin á reitnum eru skýr og vel formuð, húsaraðir standa að götunum með formföstum hætti.

Útlit á tröppum og skyggnum við inngang og steyptum veggjum á lóðarmörkum er samræmt. Einsleitt byggingarlag, efnisval og samræmdar deililausnir undirstrika heildarsvip reitsins. Í deiliskipulagstillögunni er megináhersla lögð á að styrkja og varðveita göturými skipulagsreitsins, en leitast við að skapa „eðlilegt“ svigrúm til stækkunar og breytingar húsa á fleim hliðum sem snúa að garðrýmum.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Hólaberg 84

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi „Gerðuberg/Hólaberg“ vegna lóðarinnar að Hólabergi 84. Í breytingunni felst m.a. að breytingar eru gerðar á byggingareitum A, lengist til austurs, B, breikkar til austurs og C, fær skálínu á vesturhlið. Einnig lengist byggingareitur bílageymslu að hluta til suðurs. Að öðru leyti gilda núverandi skilmálar deiliskipulags.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Austurstræti 6

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar að Austurstræti 6. Í breytingunni felst m.a. að stækka húsið til suðurs að lóðarmörkum og byggja við norðurhlið að hluta ásamt því að setja kvisti á efstu hæð.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 5. maí 2010 til og með 16. júní 2010**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. - Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 16. júní 2010. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 5. maí 2010
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071



# Þegar valdið verður til vansa

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Það verður að vera agi í hernum segir Svejk og við hlæjum, því trauðla er til betra dæmi um mann sem lýtur engum aga en fyrrnefndur Svejk. Svo virðist hins vegar sem margir aðhyllist þessa speki og telji að agi verði að ríkja hvað sem kostar. Fyrir þeim er tilhliðrun á skipulagi eitur í beinum og allt skal vera eftir reglum. Skiptir engu hve vitlausar reglurnar eru, ef það stendur skal það verða.

**DÆMI** um slíkt fólk er dómarinn í Héraðsdómi Reykjavíkur sem skipaði lögreglunni á dögunum að ryðja dómsal því fólk sat þar ekki og stóð eftir hans höfði. Lögreglan var mætt á svæðið með mikinn viðbúnað og ljóst að þar á bæ bjuggust menn við að þurfa að grípa til aðgerða. Og eins og yfirleitt þegar menn koma með slíku hugarfari þá verður þeim að ósk sinni.

**MÆTT** á svæðið var fólk sem hafði áhuga á réttarhaldi, enda áhugavert mál á ferð. Réttað var yfir níu manns sem voru handteknir á leið sinni á þingpalla og lentu þar í ryskingum við lögreglu og þingverði. Þau voru ekki ákærð fyrir átökin; nei ákæruvaldið sá í þessum aðgerðum árás á Alþingi. Því er ekki nema von að fólk hafi haft hug á að nýta sér stjórnarskrárvarinn rétt sinn til að fylgjast með opnu dómsmáli.

**SLÍKUR** réttur á að vera fulltrúum dómsvaldsins mikilvægari en svo að fjöldi sæta í einhverjum sal ráði hvort fólk er svipt honum eða ekki. Þurfi að grípa til ráðstafana til að allir geti nýtt sér þann rétt, þá gera menn það með glöðu geði. Þeirra er að tryggja réttindin.

**ÞESS** viðhorfs gætir allt of oft að skil eigi að vera á milli almennings, fólksins sem byggir landið hverju sinni, og valdsins. Það er rangt. Valdið kemur frá fólkinu. Þjónar valdsins, lögregluþjónar, dómarar, þingmenn og ráðherrar, svo dæmi séu til tínd, eru þjónar fólksins. Það gleymist því miður oft. Oft og tíðum verður það hlutverk lögreglunnar að halda fólkinu frá þjónum þess. Það mátti sjá við þingsetningu í haust, þar sem lögreglan gætti þess í hvívetna að þingmenn þyrftu ekki að fara of nálægt uppsprettu valds þeirra – fólkinu sjálfu.

**LÍF** án reglna og valds til að framfylgja þeim ætti að vera útópían sem við öll stefnum að. Á meðan reglur þarf og vald er til staðar þarf hins vegar að tryggja að hvorugt verði til vansa. Valdið kemur frá okkur og er til fyrir okkur. Ekki gegn okkur.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

GOTT VERÐ Í BÓNUS **GOTT VERÐ Í BÓNUS** GOTT VERÐ Í BÓNUS

**998** KR. KG
**BÓNUS FERSKT LASAGNE 1 KG**
FÍNN MATUR FYRIR FJÓRA
ÞARF AÐEINS AÐ HITA

**898** KR. KG
**NAUTAVEISLA: FERSKT HAKK**

**198** KR. KG
**MYLLU SAMLOKUBRAUÐ HVÍTT 770G**

TILBÚIÐ Á PÖNNUNA
**579** KR. PK
**NORÐANFISKUR: FROSNAR FISKIBOLLUR 1 KG.**

TILBÚIÐ Á PÖNNUNA
**698** KR. PK
**BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI 800G**

ÞARF AÐEINS AÐ HITA !
**998** KR. STK
**BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAMOLAR 1 KG**

**598** KR. KG
**BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR**

**BÓNUS RASPUR 300g**
*KAUPAUKI:* KÖTLU KARTÖFLUMÚS 100g
TVEIR PAKKAR: EITT VERÐ !
***279 KR. 2 PK***

**259** KR. PK
**KELLOGGS COCO ROCKS 350G**

**1598** KR. KG
**BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**

**25%** AFSLÁTTUR
**GOUDA 26% OSTUR MILDUR**
**972 kr.kg.** *MERKT VERÐ 1296 KR.KG*

GOLFKÚLAN Á AÐEINS 33 KR.
**998** KR. BOX
**GOLFKÚLUR 12 STK.**

**298** KR. STK
**DELIRIOUS SJAMPÓ 725 ml**

**259** KR. STK
**AJAX RÚÐU-ÚÐI 500 ML**

**298** KR. STK
**DELON ALOE VERA HÚÐKREM 590 ML**

**179** KR. 2 LTR
***PEPSI OG PEPSI MAX 2 LTR.***

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR VISA

> **FÓR EKKI Í VEISLU**

**Angelina Jolie** afþakkaði boð í veislu sem haldin var í Hvíta húsinu. Jolie, sem er mikil baráttukona fyrir auknum mannréttindum, sagðist ekki hafa áhuga á að sitja veislur þar sem mannréttindamál væru rædd, heldur vildi hún vera annars staðar og gera



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Baltasar forsýnir Inhale í Berkeley

Kvikmynd Baltasars Kormáks, Inhale, er önnur tveggja mynda sem sýndar verða á ráðstefnu Berkeley-háskólans um ólöglega sölu og smygl á líffærum úr fólki. Hin myndin er margverðlaunuð heimildarmynd að nafni H.O.T, Human Organ Trafficking.

Meðal gesta á ráðstefnunni verður mannréttindafrömuðurinn Harry Wu en hann hefur barist gegn ólöglegri sölu á líffærum í Kína sem er umfangsmikill iðnaður þar í landi. Hann sat sjálfur í kínversku fangelsi í nítján ár fyrir baráttu sína.



Baltasar segir að forsvarsmenn ráðstefnunnar hefðu bara heyrt af myndinni og að þetta færi ekkert í gegnum hann. „Þetta er bara svolítið skondið og skemmtilegt," segir Baltasar í samtali við Fréttablaðið.

Ekki liggur fyrir nákvæm dagsetning á því hvenær myndin fer í almenna dreifingu en leikstjórinn segir þau mál vera að skýrast. „Það eru alltaf svona forsýningar í gangi til að skapa eitthvert umtal en þessi forsýning er óneitanlega svolítið sérstök," segir Baltasar.

Með helstu hlutverkin í Inhale fara þau Diane Kruger, Dermot Mulroney, Sam Shepard og Rosanne Arquette. **- fgg**



**SÉRSTAKUR SÝNINGARSTAÐUR** Kvikmynd Baltasars Kormáks, Inhale, verður forsýnd í Berkeley-háskólanum í Bandaríkjunum á ráðstefnu um ólöglega sölu og smygl á líffærum úr fólki.


ÚTSALA

Smellurammar 10x15 kr. 100.- 20x25 kr.250.- og 40x50 kr. 800.-

Myndir frá kr. 2.500.-
Málverk frá kr. 5.000.-

Karton m. glugga kr. 200-600.-

Innrömmun 20% afsláttur
Sérskorinn karton 20% afsláttur

Tré og álrammar 50-60% Afsláttur

Álrammar 21x30 kr. 1.200.- og 59x67 kr. 1.800.-

Íslensk grafík
Tolli - Bragi - Jón Reykdal - Þórður Hall o.fl.

Opið virka daga kl. 9-18
Gildir til 20. maí

RAMMA MIÐSTÖÐIN
Síðumúla 34 - Sími 533 3331


# Fox News fer í fluggír út af íslensku fálkamyndinni

**Íslenska fálkamyndin Featherd Cocaine hefur vakið mikla athygli í Bandaríkjunum. Aðalpersóna myndarinnar segir hryðjuverkaleiðtogann Osama Bin Laden búa í Íran í góðu yfirlæti.**



**FJAÐRAFOKIÐ Á FULLU** Fox News-fréttastöðin birtir ítarlega frétt um íslensku heimildarmyndina Feathered Cocaine en í myndinni kemur fram að Osama Bin Laden búi í góðu yfirlæti í Íran og skemmti sér við fálkaáhugamálið sitt. NORDICPHOTOS/GETTY

Vefsíða bandarísku fréttastöðvarinnar Fox News fjallar ítarlega um íslensku fálkamyndina Feathered Cocaine eftir þá Þorkel Harðarson og Örn Marinó Arnarson. Fox hefur löngum verið þekkt fyrir fremur þjóðernissinnaða fréttamennsku og það er því vatn á myllu þeirra að í íslensku heimildarmyndinni er upplýst að Osama bin Laden, sem er efstur á lista yfir eftirlýsta menn í heiminum, búi í góðu yfirlæti í Íran og er verndaður af þjóðvarðliði landsins.

Bandaríkin og Íran hafa eldað grátt silfur að undanförnu vegna ágreinings um kjarnorkuvopnaáætlanir og uppljóstrun Íslendinganna verður eflaust síst til þess að draga úr spennu á milli landanna. Fox fjallar ítarlega um heimildarmyndina og rifjar upp að því hafi verið haldið fram af vestrænum yfirvöldum að Osama búi í dimmum helli í Afganistan við stöugan ótta um yfirvofandi árás frá bandamönnum. „Sú mynd er hins vegar hrakin af aðalpersónu heimildarmyndarinnar Feathered Cocaine, Alan Parrot. Hann segir Osama vera mikinn áhugamann um fálka, hann búi í góðu yfirlæti í Íran, vakni í þægilegu rúmi á hverjum morgni, sé með lífverði frá írönskum stjórnvöldum og heilbrigður á bæði líkama og sál." Frétt Fox hefur vakið nokkra athygli og aðrir stórir fjölmiðlar hafa tekið hana upp.

Fox ræðir í kjölfarið við Parrot og hann segist hafa rakið slóðir Osama með því að merkja þá fálka sem leiðtogi Al Kaída notaðist við. Parrot mun síðan hafa látið bandarískum stjórnvöldum þessar upplýsingar í té en þau hafi aldrei haft samband. „Minn heimildarmaður hefur hitt Osama nokkrum sinnum, nú síðast 2008," segir Parrot í viðtali við Fox.com. Fréttastofa Fox ræddi í kjölfarið við Robert Baer, fyrrum CIA-fulltrúa og manninn sem persóna George Clooney í kvikmyndinni Syriana er byggð á. Hann staðfestir sögu Parrots í heimildarmyndinni og bendir á máli sínu til stuðnings að fálkasalan sé ein helsta tekjulind Al Kaída. Richard Clarke í hryðjuverkadeild CIA viðurkennir að prívegis hafi þeir haft vitneskju um hvar Osama bin Laden væri, í öll skiptin var hann að kaupa eða selja fálka í Íran. Alan Parrot segir loks í viðtalinu að hann sé ekki stjórnmálamaður. „En það er sorglegt hversu lítið bandarísk stjórnvöld hafa hlustað á fólk sem veit hvar mesti hryðjuverkaleiðtogi heims er." **freyrgigja@frettabladid.is**




SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG
1930-2010
80

ÞAR SEM SÓLIN Á HEIMA
eftir Eddu Björgvinsdóttur

Hátíðarsýning
á stóra sviði Þjóðleikhússins
í kvöld miðvikudaginn 5. maí kl. 20:00

Heiðursgestur sýningarinnar er
Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú

Miðasala í síma: 551-1200
14 ára og eldri 2.000 krónur
6 til 14 ára 1.000 krónur

Einnig hægt að kaupa miða á www.midi.is

Verið hjartanlega velkomin til okkar!
Sólheimaleikhúsið


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 05. maí 2010**

### → Tónleikar

**20.00** **Caput-hópurinn** heldur tónleika í Listasafni Íslands við Freyjugötu. Á efnisskránni verða verk eftir Hauk Tómasson, Snorra Sigfús Birgisson og Önnu Þorvaldsdóttur.



**22.00** Hljómsveitin Who Knew heldur útgáfutónleika á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Einnig koma fram Sudden Weather Change og Jan Mayen. **Húsið verður opnað kl. 21.**

### → Opnanir

**20.00** ART 11 myndlistarhópurinn opnar samsýningu í Borgum, safnaðarheimili Kópavogskirkju, við Hábraut, milli kl. 20 og 22. Karlakór Kópavogs syngur við opnunina. **Allir velkomnir.**

### → Sýningar

Aðalheiður S. Eysteinsdóttir hefur opnað sýningu í Nútímalist við Skólavörðustíg 3a. **Opið daglega kl. 14-17.**

### → Leikrit

**20.00** Leikfélag **Akureyrar** verður með dagskrá í Samkomuhúsinu við Hafnarstræti, þar sem leiklesin verða Írsk verk og flutt tónlist. Nánari upplýsingar á **www.leikfelag.is.**



**20.00** Fátæka leikhúsið sýnir verkið **Tveir fátækir pólskumælandi Rúmenar** eftir Dorota Maslowska í Norðurpólnum við Sefgarða á Seltjarnarnesi.

### → Handverkskaffi

**20.00** **Handverkskaffi** verður haldið í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi (Gerðubergi 3-5). Ólafur Oddsson kynnir ferskar viðarnytjar og tálgunartækni. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Hrifin af Justin Bieber

**Ýmsar stjörnur mættu í kvöldverð sem haldinn var í Hvíta húsinu um helgina. Þeirra á meðal var raunveruleikastjarnan Kim Kardashian og hinn ungi söngvari Justin Bieber sem notuðu tækifærið og tóku mynd af sér saman. Stuttu síðar hafði hinn sextán ára gamli Bieber birt myndina á Twitter-síðu sinni þar sem hann sagði Kardashian vera kærustu sína. Kardashian svaraði í sömu mynt og sagðist veik fyrir hinum unga söngvara.**



**HRIFIN** Kim Kardashian segist vera veik fyrir Justin Bieber. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hörð samkeppni milli stúlkna

Söngkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir er annar skipuleggjenda stelpuspurningakeppni sem haldin er á Óliver fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Þriðja keppnin fer fram í kvöld og hefst klukkan 21.00.

„Ég og Hildur Sif, vinkona mín, erum að sjá um þessi kvöld. Okkur fannst oft spurningarnar í öðrum spurningakeppnum oft vera hálf leiðinlegar og of erfiðar fyrir fólk sem komið var í glas. Okkur datt því í hug að halda sérstakt stelpuquiz þar sem við spyrjum um allt sem viðkemur lágmenningu, slúðri og frægu fólkinu,“ útskýrir Þórunn Antonía og tekur fram að karlmenn séu þó einnig velkomnir.

Fjórar stúlkur þurfa að skipa hvert lið og að sögn Þórunnar Antoníu skapast oft mikill keppnisandi í liðunum. Flestar haga stúlkurnar sér þó vel og enn hefur ekki komið til illinda. „Það eru oft einhverjar tapsárar með, en þær verða bara að bíta í það súra epli. Við reynum að standa fagmannlega að þessu en keppnin verður oft mjög hörð og einu sinni vorum við beðnar um endurtalningu.“ - sm



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**STELPUKVÖLD** Söngkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir er annar skipuleggjenda sérstakrar stelpuspurningakeppni.

# Sátt við lífið

Andie MacDowell segist ekki vilja hætta að leika þrátt fyrir að vera komin á miðjan aldur. „Ég fæ kannski ekki lengur aðalhlutverkin þar sem svo margar kvikmyndir fjalla um ungt fólk, en ég neita að hætta að leika á meðan ég hef gaman af því.“ MacDowell er orðin 52 ára gömul og segist sátt í eigin skinni. „Þegar ég starfaði sem fyrirsæta í nokkur ár átti ég orðið erfitt með að halda mér mjög grannri. Þegar umboðsmaður minn skipaði mér að grenna mig sagði ég honum að fólk yrði bara að taka mér eins og ég væri. Stuttu síðar gerði ég samning við Calvin Klein og fékk hlutverk í kvikmynd.“



**SÁTT** Andie MacDowell segist ætla að leika svo lengi sem hún hafi gaman af. NORDICPHOTOS/GETTY



**VEL KVÆNTUR** Russell Crowe er hamingjusamlega kvæntur.

# Vel kvæntur Russell

**Leikarinn Russell Crowe segist hafa kvænst konu sinni vegna þess að hún drykki ótæpilega líkt og hann. Eftir að hafa fengið eigin stjörnu við Hollywood Walk of Fame bað hann framleiðslufyrirtæki sitt um að halda veislu sér til heiðurs. „Yfirleitt halda þau hádegisverð að athöfninni lokinni, en ég vildi frekar halda gott teiti. Framleiðslufyrirtækið lét það eftir mér og ég og eiginkona mín sátum til sjö um morguninn og drukkum vodka. Þess vegna giftist ég stúlkunni. Þetta var fjör.“**

# Hélt framhjá

Leikarinn David Boreanaz, sem fer með hlutverk í sjónvarpsþáttunum Bones, hefur komið fram og viðurkennt að hafa haldið framhjá eiginkonu sinni til níu ára. „Hjónaband okkar hefur litast af svikum mínum. Ég vil koma hreint fram. Ég var óábyrgur,“ sagði leikarinn, en orðrómur um meint samband hans og Rachel Utichel, fyrstu hjákonu Tigers Woods, kom fram í haust í fyrra. „Ég átti vingott við konu sem ég vil ekki nefna á nafn. Hún bað um pening og mér leið sem verið væri að kúga mig og fannst því best að koma hreint út.“ Ýmsir vilja meina að ástkonan sem um ræðir sé einmitt Utichel.



**KEMUR HREINT FRAM** David Boreanaz, sem fer með hlutverk í Bones, hélt framhjá eiginkonu sinni til níu ára. NORDICPHOTOS/GETTY




# NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
















LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | 5, 7.30, 10(POWER) | 12 |
| THE BACK-UP PLAN | 8 og 10.10 | L |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | 8 og 10.10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN | 6 - 3D | L |
| NANNY MCPHEE & BIG BANG | 5.40 | L |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN




FYRRI MYNDIN GERÐI ALLT VITLAUST OG ÞESSI ER ENN BETRI

Robert Downey Jr., Samuel L. Jackson, Gwyneth Paltrow, Scarlett Johansson, Don Cheadle og Mickey Rourke eru mætt í fyrstu STÓRMYND SUMARSINS






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 5:20D - 8D - 10:40D | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 14 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE BLIND SIDE | kl. 8 | 10 |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:40 | 12 |
| ALICE IN WONDERLAND | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| KICK ASS | kl. 8 - 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ARMIDA Óperaendurflutt | kl. 6 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 5:40D - 8:10D - 10:20D - 10:45D | 12 |
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8:10 - 10:40 | 14 |
| TITANS Sýnd á morgun | kl. 8:10(3D) - 10:30(3D) | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN ísl. Tali Sýnd á morgun | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| KICK ASS | kl. 8 - 10 | 14 |

já -er svarið

NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!



















SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| IRON MAN 2 LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| DATE NIGHT | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| CRAZY HEART | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

CRAZY HEART ER Á BÍÓDÖGUM GRÆNA LJÓSSINS

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 6 - 8 | 12 |
| THE CRAZIES | kl. 8 | 16 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 6 | L |
| LEGION | kl. 10 | 16 |
| DAYBRAKERS | kl. 10 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| FOOD INC. | kl. 6 íslenskur texti | L |
| IMAGINARIUM OF DR. P... | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| ONDINE | kl. 6 íslenskur texti | 12 |
| UN PROPHÉTE | kl. 10.15 enskur texti | 16 |
| RUDY Y CURSI | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| MOON | kl. 10.15 íslenskur texti | 10 |
| NOWHERE BOY | kl. 10 íslenskur texti | 10 |
| THE LAST STATION | kl. 10 enskt tal | L |
| THE LIVING MATRIX | kl. 6 íslenskur texti | L |
| THE MESSENGER | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| THE YOUNG VICTORIA | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| FANTASTIC MR. FOX | kl. 6 íslenskur texti | L |




**Í HLJÓÐVERINU** Hljómsveitin Ensími í Sundlauginni í Mosfellsbæ þar sem upptökurnar á plötunni standa yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ensími tekur upp nýja plötu

**Hljómsveitin Ensími er þessa dagana stödd í hljóðverinu Sundlauginni í Mosfellsbæ við upptökur á sinni fyrstu plötu í átta ár. Margir bíða hennar með mikilli eftirvæntingu.**

„Það er búið að lofa þessari plötu í eitt ár. Nú er bara að duga eða drepast og standa við stóru orðin,“ segir Franz Gunnarsson, gítarleikari Ensími. Orðrómur um að sveitin sé að undirbúa plötu hefur verið á sveimi í langan tíma en nú loksins á hann við rök að styðjast. „Þetta gengur mjög vel. Við kláruðum grunnana í fyrsta holli og erum í vikunni að fara að syngja og bæta við einhverju skrauti,“ segir Franz. Útgáfudagur hefur ekki verið ákveðinn.

„Við ætlum að klára að taka upp á okkar eigin forsendum. Svo er bara að sjá til hvort það verði í sumar eða haust.“

Í fyrra kom Ensími saman og spilaði fyrstu plötu sína, Kafbátamúsík, í heild sinni við góðar undirtektir. Upp frá því vaknaði áhugi á að drífa í gerð nýrrar plötu og fara á fulla ferð á nýjan leik. Öll platan verður tekin upp á íslensku og sem fyrr verður rafrokkið í fyrirrúmi.

„Við vorum með stóran og mikinn lagapott sem við þurftum að velja úr,“ segir Franz um plötuna, þar sem ný lög og gömul verða í bland.

freyr@frettabladid.is


græna ljósið




HVAÐA MYND ÆTLAR ÞÚ AÐ SJÁ Í DAG?

BÍÓDAGAR 2010

16. APRÍL - 6. MAÍ Í REGNBOGANUM

NÁNAR Á WWW.GRAENALJOSID.IS

# SUMAR 2010

## UPPLÝSINGAVEFUR FYRIR ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARF Í REYKJAVÍK

## SKRÁNING ER HAFIN Í SUMARSTARF Á VEGUM ÍTR

### 6-9 ÁRA SUMARFRÍSTUND

Heilsdagsdvöl í frístundaheimili við fjölbreytt og skemmtileg viðfangsefni. Skráning er viku í senn.





### 10-12 ÁRA SMIÐJUR

Stuttar smiðjur og viðburðir sem standa yfir í heilan eða hálfan dag. Skráning í hverja smiðju eða viðburð fyrir sig.

### 13-15 ÁRA FÉLAGSMIÐSTÖÐVASTARF

Opið starf í félagsmiðstöðvum í eftirmiðdaginn og á kvöldin í sumar. Engin skráning. Opnunartími auglýstur á heimasíðum félagsmiðstöðvanna.





### ANNAÐ SUMARSTARF ÍTR

- Siglinganámskeið í Siglunesi (8-16 ára)
- Dýranámskeið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (10-12 ára)
- Smíðavellir í öllum hverfum (8-12 ára)

ALLAR UPPLÝSINGAR Á WWW.ITR.IS/SUMAR

Reykjavíkurborg

ÍTR

## > FH meistari meistaranna

FH varð í gær meistari meistaranna eftir 1-0 sigur á Breiðabliki í Meistarakeppni KSÍ í gær. Viktor Örn Guðmundsson skoraði eina mark leiksins á 52. mínútu. Jökull Elísabetarson, leikmaður Breiðabliks, fékk svo að líta beint rautt spjald undir lok leiksins. Keppni í Pepsi-deild karla hefst svo á mánudaginn þegar FH hefur titilvörn sína gegn Val á Vodafone-vellinum. Breiðablik mætir svo Keflavík á þriðjudagskvöldið en þá lýkur fyrstu umferðinni með fimm leikjum.



# sport

sport@frettabladid.is

**FREYR BRYNJARSSON:** ÉG VAR EKKI MEÐ HAUSINN Í LAGI FYRSTU TVO LEIKINA

## *Sýndum af hverju við höfum unnið alla þessa titla*



Haukar komust í 2-1 í einvíginu við Val í gær. Eftir að hafa verið talsvert frá sínu besta náði Hafnarfjarðarliðið sér loks almennilega á strik í gær.

„Við vorum ákveðnir í að sýna styrk okkar. Í hinum tveimur leikjunum höfum við ekki náð að vera með í byrjun. Nú vorum við hins vegar með frá fyrstu mínútu til hinnar síðustu,“ sagði Freyr Brynjarsson, leikmaður Hauka.

„Valur er með mjög gott lið og stemningin var þeirra megin í hinum leikjunum en við náðum að seiglast inn í þá báða. Þeir eiga hrós skilið fyrir síðustu leiki en við eigum svo sannarlega hrós skilið fyrir þennan.“

Hvað breyttist frá hinum leikjunum? „Við börðumst vel í vörninni og gáfum ekkert eftir. Þeir áttu ekki eins auðvelt með að skora. Sóknarleikurinn var líka miklu, miklu betri hjá okkur,“ sagði Freyr sem náði sér vel á strik í gær eftir að hafa alls ekki fundið sig í hinum leikjunum.

„Ég var bara ekki með hausinn í lagi fyrstu tvo leikina og bara tek það á mig. En nú var ég klár,“ sagði Freyr en Haukar stefna að sjálfsögðu á að tryggja sér titilinn annað kvöld. „Við förum í alla leiki til að sigra og næsti leikur er á Hlíðarenda. Við hljótum að stefna á sigur þar.“

Ingvar Árnason, leikmaður Vals, var ekki eins hress og Freyr. „Við vorum ekki alveg eins klárir í þennan leik eins og í síðustu leikjum. Ég veit ekki alveg hvað veldur. Við þurfum bara að skoða þetta og reyna að laga hlutina fyrir næsta leik,“ sagði Ingvar.

„Þeir voru bara betri í dag. Þeir voru með undirtökin í fyrri hálfleik en við ætluðum samt að klára þá og náðum að komast inn í leikinn í seinni hálfleiknum. En svo klúðruðum við þessu og það er bara lélegt. En þetta er langt frá því að vera búið. Nú förum við heim og klárum það bara, þá fáum við hreinan úrslitaleik. Við klikkuðum á því í fyrra en klárum það núna.“



**MANCINI** Stýrir City gegn Tottenham í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

Tottenham og City mætast:

## Framtíðin ekki undir í leiknum

**FÓTBOLTI** Roberto Mancini, knattspyrnustjóri Manchester City, segir það rangt að framtíð hans hjá félaginu muni ráðast af leik liðsins gegn Tottenham í kvöld. Um afar mikilvægan leik er að ræða en liðin eiga í harðri baráttu um fjórða sæti ensku úrvalsdeildarinnar og þar með sæti í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð. Tottenham getur tryggt sér fjórða sætið með sigri í kvöld.

„Við erum alla vega öruggir með sæti í Evrópudeildinni og það er mikilvægt,“ sagði Mancini. „Við getum náð lengra. Ég hef verið hér í fimm mánuði og get átt góða framtíð hjá City. Við erum að reyna að endurskrifa sögu þessa félags.“ - esá

Þjálfaraskipti hjá Akureyri:

## Atli í viðræðum við Akureyri

**HANDBOLTI Rúnar Sigtryggsson er hættur sem þjálfari hjá handboltaliði Akureyrar og félagið á nú í viðræðum við Atla Hilmarsson um að taka við starfi hans. Þetta staðfesti Hannes Karlsson, formaður handknattleiksdeildar félagsins, við Fréttablaðið.**

**Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ganga viðræður vel við Atla og líklegt að gengið verður frá ráðningu hans í dag. Atli var áður þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar en hætti þar í gær.** - esá



**LÍFLEGUR ÞJÁLFARI** Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, lætur vel í sér heyra á hliðarlínunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sýndum hungur og vilja

**Haukar hafa tekið forystuna í einvíginu um Íslandsmeistaratitilinn. Þeir náðu sér loks almennilega á strik og sigur þeirra í leiknum var í raun aldrei í hættu.**

**HANDBOLTI** Haukar geta annað kvöld tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í handbolta þriðja árið í röð. Þetta varð ljóst eftir að liðið vann verðskuldaðan sigur á Val á heimavelli sínum í gær 30-24. Hafnarfjarðarliðið er því komið í 2-1 í einvíginu.

„Við vorum virkilega tilbúnir í slaginn í kvöld og menn sýndu hungur og vilja. Það var frábær samstaða í liðinu og það er ekki hægt annað með þennan stuðning á pöllunum,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, eftir leikinn.

Það var mjög vel mætt á Ásvelli í gær og setið í öllum sætum. „Þetta er ekki bara keppni inni á vellinum heldur líka á pöllunum og það var vel mætt frá báðum liðum.“

Þrátt fyrir að staðan í einvíginu hafi verið jöfn 1-1 fyrir leikinn höfðu Valsmenn leikið betur í báðum leikjunum sem búnir voru. Að þessu sinni voru það þó Haukar sem voru öllu sterkari. „Fundurinn okkar daginn fyrir leik var mikið um hugarfarið. Við einbeittum okkur að því að ná upp stemningu. Í hinum leikjunum var stemningin meira með Val, bæði á vellinum og í stúkunni. Menn hugsuðu málið heima og það skilaði sér,“ sagði Aron. „Nú nær maður sér bara niður og fer að einbeita sér að næsta leik. Við erum ekki búnir að taka titilinn enn.“

Haukar höfðu forystuna nær allan fyrri hálfleikinn. Valsmenn náðu að jafna í 3-3 en annars voru Haukar alltaf með nokkuð þægilegt forskot. Mestur var munurinn fjögur mörk en þegar liðin gengu til búningsherbergja í hálfleik var staðan 13-11.

Snemma í seinni hálfleiknum náðu Valsmenn að minnka muninn í eitt mark en þá sögðu heimamenn hingað og ekki lengra. Um miðjan hálfleikinn voru þeir komnir með fimm marka forystu og Valsmenn í ansi erfiðri stöðu.

Þetta var staða sem gestirnir náðu ekki að vinna sig upp úr og Haukar fögnuðu sigri. Sterkur varnarleikur skóp þennan sigur að miklu leyti og í kjölfarið komu mikilvæg mörk úr hraðaupphlaupum. Haukar sýndu sitt rétta andlit í fyrsta sinn í einvíginu. Liðin mætast í fjórða sinn í Vodafonehöllinni á fimmtudagskvöld.

**elvargeir@frettabladid.is**

## ÚRSLIT

### *N1-deild karla*

*3. leikur í úrslitaeinvígi:*

**Haukar - Valur** **30-24 (13-11)**

**Mörk Hauka (skot)**: Sigurbergur Sveinsson 9/2 (15/3), Björgvin Þór Hólmgeirsson 5 (13), Pétur Pálsson 4 (4), Elías Már Halldórsson 4 (5), Freyr Brynjarsson 4 (6), Tjörvi Þorgeirsson 1 (1), Einar Örn Jónsson 1 (2), Þórður Rafn Guðmundsson 1 (2), Gunnar Berg Viktorsson 1 (4/2).
**Varin skot**: Birkir Ívar Guðmundsson 12 (31/4, 39%), Aron Rafn Eðvarðsson 1 (6/1, 17%).
**Hraðaupphlaup**: 7 (Freyr 4, Sigurbergur, Elías, Pétur)
**Fiskuð víti**: 5 (Pétur 4, Björgvin)
**Brottvísanir**: 14 mínútur.
**Mörk Vals (skot)**: Arnór Þór Gunnarsson 9/5 (13/5), Sigurður Eggertsson 6 (13), Sigfús Páll Sigfússon 2 (2), Ingvar Árnason 2 (2), Fannar Þór Friðgeirsson 2 (9), Orri Freyr Gíslason 1 (1), Gunnar Ingi Jóhannsson 1 (2), Elvar Friðriksson 1 (4), Jón Björgvin Pétursson (1)
**Varin skot**: Hlynur Morthens 12 (34/2, 35%), Ingvar Kristinn Guðmundsson 5/2 (13/2, 38%)
**Hraðaupphlaup**: 0
**Fiskuð víti**: 5 (Fannar 2, Gunnar, Ingvar, Sigurður)
**Brottvísanir**: 10 mínútur.

### *Meistarakeppni KSÍ*

**FH - Breiðablik** **1-0**
1-0 Viktor Örn Guðmundsson (52.).

### *Þýska úrvalsdeildin*

**Melsungen - Flensburg** **27-32**
Alexander Petersson skoraði 1 mark fyrir Flensb.

### *Sænska B-deildin*

**Brage - Öster** **3-1**
Davíð Þór Viðarsson lék allan leikinn fyrir Öster og skoraði mark liðsins í leiknum.

Spænska úrvalsdeildin:

## Barcelona vann

**FÓTBOLTI** Barcelona er enn í lykilstöðu í titilbaráttunni í spænsku úrvalsdeildinni eftir 4-1 sigur á Tenerife á heimavelli í gær. Lionel Messi skoraði tvö marka liðsins og þeir Pedro og Bojan Krkic hin tvö.

Barcelona er með fjögurra stiga forystu á Real Madrid sem getur minnkað muninn aftur í eitt stig með sigri á Real Mallorca á útivelli í kvöld. - esá





Nýlegir og í toppstandi

DÆMI:
Kia Rio EX 2006, ekinn 58.000 km — Verð 1.790.000 kr.
Kia Sorento EX 2007, ekinn 63.000 km — Verð 3.690.000 kr.
Kia Sorento EX 2007, ekinn 59.000 km — Verð 3.690.000 kr.
Kia Sorento EX Classic 2007, ekinn 53.000 km — Verð 3.830.000 kr.
Kia Sorento EX Classic 2008, ekinn 30.000 km — Verð 4.530.000 kr.

Við eigum toppeintök af notuðum Kia jeppum og fólksbílum. Komdu í ÖSKJU á **Krókhálsi 11** eða farðu á **askja.is** og finndu gæðabíl að þínu skapi.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.

ASKJA

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-0865



**LYKILMAÐUR** Tryggvi Guðmundsson gæti reynst Eyjamönnum drjúgur í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fréttablaðið spáir í botnbaráttu Pepsi-deildar karla:

# Nýliðarnir fara beint niður aftur

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið mun líkt og fyrri ár spá í spilin fyrir Pepsi-deild karla sem hefst næstkomandi mánudag. Við munum birta spá okkar næstu daga og við byrjum á liðunum sem verða í botnbaráttunni.

**12. sæti – Haukar**

Haukum spáum við neðsta sætinu. Haukar hafa aðeins misst tvo leikmenn frá síðasta tímabili en liðið verður þó án Ásgeirs Þórs Ingólfssonar framan af móti. Liðið hefur fengið fjóra þrautreynda kappa – Arnar Gunnlaugsson, Daða Lárusson, Guðmund Viðar Mete og Kristján Óla Sigurðsson – til þess að styrkja liðið. Þetta er einfaldlega ekki næg styrking til þess að halda liðinu uppi.

Þessir leikmenn eru komnir fram yfir síðasta söludag en munu engu síður styrkja hið reynslulausa lið Hauka. Betur má ef duga skal samt í þessu tilviki. Það er heldur ekki að hjálpa Haukum að liðið mun spila fjölmarga heimaleiki á Valsvellinum. Lakari lið sem eru að berjast fyrir lífi sínu þurfa að eiga alvöru heimavöll.

**11. sæti – Selfoss**

Selfossi spáir Fréttablaðið 11. sæti í Pepsi-deildinni. Selfyssingar hafa staðið sig verst allra liða á leikmannamarkaðinum og Guðmundi Benediktssyni þjálfara hefur ekkert gengið að lokka menn til sín. Það styrkir heldur ekki liðið að Guðmundur ætlar ekki að spila með því í sumar. Lið Selfoss er því nánast það sama og í fyrra.

Ólíkt Haukum eiga Selfyssingar þó heimavöll þar sem búast má við mikilli stemningu í sumar. Heimavöllurinn gæti fært Selfyssingum einhver stig. Leikmenn Selfoss munu klárlega selja sig dýrt í sumar en skortur á gæðum og reynslu ásamt því að þjálfarinn er nýliði og algjört spurningarmerki mun gera það að verkum að Selfoss fer beint niður í 1. deild aftur.

**10. sæti – ÍBV**

Fréttablaðið spáir því að ÍBV muni lenda í 10. sæti rétt eins og í fyrra. Lið félagsins er mikið breytt á milli ára. Fjórir fastamenn úr liðinu eru farnir til síns heima erlendis en í þeirra stað hafa komið ágætir leikmenn. Þar fer fremstur í flokki Tryggvi Guðmundsson.

Það mun væntanlega há Eyjamönnum framan af móti að liðið æfir í tvennu lagi. Hópur í Eyjum og annar á fastalandinu. Það mun því taka einhvern tíma að slípa liðið saman sem er þess utan nokkuð mikið breytt. Heimavöllurinn hefur alltaf reynst ÍBV gulls ígildi og á því verður væntanlega engin breyting. Það hefur líka alltaf einkennt ÍBV-liðin hversu mikil stemning og samheldni er í liðinu. Eyjamenn hafa alltaf nennt að berjast fyrir stigunum og standa saman til þess. Í íslenskum fótbolta skilar slíkt alltaf einhverjum stigum.

Mikil ábyrgð verður lögð á herðar Tryggva Guðmundssonar sem er ætlað bæði að skora og leggja upp mörk liðsins í sumar. Áhugavert verður að sjá hvernig Tryggvi plumar sig með einu af slakari liðum deildarinnar eftir að hafa leikið með besta liði landsins síðustu ár. Eyjamenn munu ef að líkum lætur bæta við sig útlendingum á næstunni og ef þeir smella vel inn í liðið gæti það klifrað ofar á töfluna.

henry@frettabladid.is

ÍBV – pepsi deildin

**Lið:** ÍBV
**Spá Fréttablaðsins:** 10. sæti.
**Árangur í fyrra:** 10. sæti.
**Þjálfari:** Heimir Hallgrímsson.
**Lykilmaður**: Tryggvi Guðmundsson.
**Styrkleikar**: Góður heimavöllur og reyndir miðjumenn.
**Veikleikar**: Reynslulítil vörn, slakir á útivelli, lítil breidd.
**Helstu breytingar:** Liðið missti fjóra sterka útlendinga en hefur fengið Tryggva Guðmundsson, Ásgeir Aron Ásgeirsson, Finn Ólafsson og Denis Sytnik frá Úkraínu.

Haukar – pepsi deildin

**Lið:** Haukar
**Spá Fréttablaðsins:** 12. sæti.
**Árangur í fyrra:** 2. sæti í 1. deild.
**Þjálfari:** Andri Marteinsson.
**Lykilmaður:** Daði Lárusson.
**Styrkleikar:** Samheldinn hópur, reynslumikill markvörður.
**Veikleikar:** Án heimavallar í mörgum leikjum, reynslulítlir leikmenn, engin hefð.
**Helstu breytingar:** Misstu Goran Lukic en hafa fengið Arnar Gunnlaugsson, Daða Lárusson, Guðmund Mete og Kristján Óla Sigurðsson.

UMF Selfoss 1936 – pepsi deildin

**Lið:** Selfoss
**Spá Fréttablaðsins:** 11. sæti.
**Árangur í fyrra:** Unnu 1. deildina.
**Þjálfari:** Guðmundur Benediktsson.
**Lykilmaður:** Sævar Þór Gíslason.
**Styrkleikar:** Góður heimavöllur, samheldinn hópur.
**Veikleikar:** Reynslulitlir leikmenn, reynslulaus þjálfari, lítil gæði.
**Helstu breytingar:** Liðið missti Hjört Hjartarson og Birki Hlynsson en hefur fengið Davíð Birgisson frá KR og Inga Rafn Ingibergsson frá ÍBV.




### > André Leon Talley

„Til að geta sýnt fagmennsku verður þú að hlusta á það sem við þig er sagt og ég ætlast til þess að stelpurnar í keppninni sýni minni tilsögn bæði skilning og þakklæti.“

***Talley er tískublaðamaður og nýr dómari í keppninni America's Next Top Model sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 21.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HLUSTAR Á BUBBA

# *Gunni góður*

Á mánudagskvöldið var Gunnar Þórðarson gestur hjá Bubba Morthens í þætti hans á rás 2 Ríkisútvarpsins. Þarna tókust á dálítið ólík egó: Bubbi ekkert nema framhleypnin, Gunnar ekkert nema hlédrægnin. Framan af samtali þeirra um bernskuár Gunnars í Keflavíkinni ætlaði Bubbi ekki að ná neinum tökum á viðfangsefninu, en svo fór Gunnar í gang. Þarna gafst okkur hlustendum einstakt tækifæri til að heyra um fyrstu jobbin hans Gunna á Vellinum og Krossinum, daga hans með hljómsveit Guðmundar Ingólfssonar spilandi Presley og Jobim, rokk og bossa nova. Það dagaði skyndilega upp fyrir Bubba að nú yrði hann að halda kjafti en ekki troða sér inn í einræður Gunnars. Langur partur var um störf þeirra Rúna Júl fyrir offisera sem þeir voru prívatbílstjórar fyrir á vellinum, hvernig litið var niður á Íslendinga sem þar voru í vinnu og stutt í rasismann hjá verndaranum. Líka hvernig stéttskiptingin var á



**ÚTVARP** Gunnar Þórðarson heldur áfram í samtali við Bubba á mánudagskvöldum í næstu viku.

beisnum. Talið leiddi óhjákvæmilega að upphafi Hljóma og um leið að upphafi Gunna sem lagahöfundar. Þar gafst tækifæri til greiningar bæði á röddun Johns og Pauls, hvaða gítarsánd vakti athygli og hvernig Burt Bacarach komst í uppáhald hjá Gunnari. Hann nefndi Roy Orbinson sem lagasmið með aðra leið að tónsmíðinni en almennt tíðkaðist. Þátturinn var skemmtilegur og alveg mætti eyða mörgum mánudagskvöldum með þeim félögum, sérstaklega ef Bubbi gæfi sér meiri tíma til að grípa glefsur úr lögum og láta Gunnar greina poppið hægt og rólega. Þess vegna geta orðið úr tuttugu þættir með tóndæmum frekar en heilum lögum. Svona efni er rásinni til sóma, það þarf bara að kynna það betur og Bubbi að vanda sig vel við vinnuna – og svo að passa að þetta fari ekki út í loftið heldur verði geymt – enda þeir félager stór partur af menningu okkar á liðinni öld – svo samtal þeirra ber að varðveita.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **18.50** **Man. City – Tottenham, beint** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.10** **Project Runway** STÖÐ 2



▶ **21.05** **Morðgátur Murdochs** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** **Modern Family** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.05** **Life** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var... jörðin** (7:26)
**18.00 Disneystundin** Fínni kostur, Sígildar teiknimyndir og Finnbogi og Felix.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Bráðavaktin** (ER XV) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Þetta er lokasyrpan og við sögu koma þekktar persónur frá fyrri árum. Aðalhlutverk: Parminder Nagra, John Stamos, Linda Cardellini, Scott Grimes, David Lyons og Angela Bassett.
▶**21.05 Morðgátur Murdochs** (Murdoch Mysteries) Kanadískur sakamálaþáttur um William Murdoch og samstarfsfólk hans sem beitti nýtískuaðferðum við rannsókn glæpamála laust fyrir aldamótin 1900. Aðalhlutverk: Yannick Bisson, Helene Joy, Thomas Craig, Jonny Harris og Lachlan Murdoch.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Kosningar í Bretlandi** Bogi Ágústsson fjallar um kosningabaráttu, helstu flokka, leiðtoga og stefnumál í þingkosningum sem fara fram í Bretlandi 6. maí.
**22.45 Blindsker** Heimildarmynd um Bubba Morthens eftir Ólaf Jóhannesson. (e)
**00.25 Listahátíð 2010** (e)
**01.00 Kastljós** (e)
**01.40 Fréttir** (e)
**01.50 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Murderball**
**10.00 Planes, Traines and Automobiles**
**12.00 Hoodwinked**
**14.00 Murderball**
**16.00 Planes, Traines and Automobiles**
**18.00 Hoodwinked**
**20.00 Grilled**
**22.00 Ice Harvest**
**00.00 Girl, Interrupted**
**02.05 Children of the Corn 6**
**04.00 Ice Harvest**
**06.00 Forgetting Sarah Marshall**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Ævintýri Juniper Lee og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (11:21)
**11.45 Gilmore Girls** (17:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ally McBeal** (6:22)
**13.45 Daily Show: Global Edition**
**14.10 Oprah's Big Give** (2:8)
**15.00 E.R.** (19:22)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Njósnaskólinn, Leðurblökumaðurinn, Ævintýri Juniper Lee og Ruff's Patch.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (10:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (23:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (11:20)
▶**20.10 Project Runway** (9:14) Heidi Klum og Tim Gunn stjórna tískuhönnunarkeppni þar sem ungir og upprennandi fatahönnuðir mæta til leiks og takast á við fjölbreyttar áskoranir.
**20.55 Grey's Anatomy** (20:24) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalans í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**21.45 The Andromeda Strain** Fyrri hluti spennandi framhaldsmyndar.
**23.15 NCIS** (17:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum.
**00.00 Southland** (5:7)
**00.45 The Fixer** (3:6)
**01.35 E.R.** (19:22)
**02.30 Sjáðu**
**03.00 Edison**
**04.35 Grey's Anatomy** (20:24)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Barcelona - Tenerife** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**17.20 Barcelona - Tenerife** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**19.00 Spænsku mörkin 2009-2010** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.
**19.55 Mallorca - Real Madrid** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
**22.05 2009 PLAYERS Championship** Mynd þar sem fjallað er um The Players Championship mótið í golfi árið 2009.
**22.55 LA Lakers - Utah** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA körfuboltans.
**00.45 Mallorca - Real Madrid** Útsending frá leik í spænska boltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.45 Blackburn - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.25 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.
**17.55 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
▶**18.50 Man. City - Tottenham** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Football Rivalries**
**21.55 Fulham - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**23.35 Charlton - Leeds** Útsending frá leik í ensku 2. deildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.00 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)
**17.25 Dr. Phil .**
**18.10 Nýtt útlit** (10:11) (e)
**19.00 I'm A Celebrity... Get Me Out Of Here** (13:14) Raunveruleikasería þar sem þekktir einstaklingar segja skilið við stjörnulífið og þurfa að þrauka í miðjum frumskógi og leysa þrautir.
**19.45 King of Queens** (4:24) (e)
**20.10 Spjallið með Sölva** (12:14) Viðtalsþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr.
**21.00 America's Next Top Model** (2:13).
▶**22.05 Life** (3:21) Vísindamaður finnst frosinn í gegn á rannsóknarstofu sinni og allt bendir til þess að dýraverndunarsamtök tengist morðinu. Á sama tíma og Crews reynir að finna morðingjann reynir hann að sanna að Jack Reese átti þátt í því að koma honum í fangelsi á sínum tíma.
**22.55 Heroes** (6:19) Samuel hjálpar Sylar að muna hver hann er. Hiro hjálpar Emmu að skilja hvað hún getur gert með hæfileikum sínum.
**23.40 Jay Leno** Aðalgestur Jay Leno að þessu sinni eru Scarlett Johansson og Michael Bolton sem tekur lagið.
**00.25 Law & Order** (1:22) (e)
**01.15 Battlestar Galactica** (19:22)
**01.55 Big Game** (2:8) (e)
**03.35 King of Queens** (4:24) (e)
**03.55 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Kokkalíf** Landsliðskokkarnir leika listir sínar. Gestgjafi er Fritz Már.
**20.30 Heim og saman** Þórunn Högnadóttir kemur ótrúlegustu hlutum heim og saman
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og hópur markaðssérfræðinga brjóta kynningar- og auglýsingamál til mergjar.
**21.30 Björn Bjarna** Hildur Sverrisdóttir, lögfræðingur og framþjóðandi til borgarstjórnar, er gestur Björns Bjarnasonar.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.45

### Andromeda Strain



Hættuástand skapast í afskekktum smábæ í Bandaríkjunum þegar banvænn vírus breiðist út með miklum hraða. Tveir hugdjarfir sérfræðingar eru sendir til að kanna málið og í ljós kemur að vírusinn hefur lekið úr gervihnetti sem er í eigu hersins og hefur brotlent nálægt bænum. Óttast menn nú að það geti haft í för með sér hræðilegar afleiðingar, ekki aðeins fyrir bæinn heldur einnig fyrir gjörvallt mannkynið. Þetta er fyrri hluti framhaldsmyndar sem Stöð 2 byrjar að sýna í kvöld en seinni hlutinn verður sýndur á morgun.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Spjallið með Sölva

### Skjár einn kl. 20.10



Viðtalsþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti. Sölvi er með puttann á púlsinum í þjóðlífinu og er ekkert óviðkomandi. Alvara, grín og allt þar á milli. Gestir Sölva í þættinum í kvöld eru Steingrímur J. Sigfússon, Dagur B. Eggertsson og Lalli töframaður.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Djass í íslenskum búningi
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Norðan við stríð
**15.30** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Einhver hræðileg kvenpersóna
**21.10** Út um græna grundu
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.05** „Hér fær listin að tala beint við sálina“
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**20.10 Falcon Crest** (13:18) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis-fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.50 Modern Family** (14:24) Gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þeirra liggja saman og þær lenda í drepfyndnum aðstæðum.

**22.15 Bones** (13:22) Fimmta serían af spennuþætti þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.

**23.00 Curb Your Enthusiasm** (2:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni og nýtur nú stuðnings stjarnanna úr Seinfeld-þáttunum, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George.

**23.30 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.

**00.05 Simmi & Jói og Hamborgarafabrikkan** Stórskemmtilegur raunveruleikaþáttur með Simma og Jóa sem nú hafa söðlað um og ætla að opna veitingastaðinn Hamborgarafabrikkuna.

**00.35 The Doctors**

**01.20 Falcon Crest** (13:18)

**02.10 Fréttir Stöðvar 2**

**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Monarch of the Glen **12.55** My Hero **13.25** My Family **13.55** My Family **14.25** My Hero **14.55** My Hero **15.25** New Tricks **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** My Family **18.00** The Vicar Of Dibley **18.30** Cranford **19.25** Waking the Dead **20.15** The Vicar Of Dibley **20.45** Strictly Come Dancing **22.30** Doctor Who **23.15** The Vicar Of Dibley **23.45** Cranford

## DR 1

**12.00** Ha' det godt **12.30** Hammerslag på Mallorca **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Splint & Co **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Alba og Adam **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Et liv på kanten **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt med SAS liga **20.05** Mord på hjernen **21.40** Onsdags Lotto **21.45** OBS **21.50** Sager der nager **22.20** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Solgt! **18.15** På tur med Lars Monsen **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** House **20.25** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.20** Lydverket **21.50** Smeltedigel. Qatar **22.45** Sangskatter med Lars Klevstrand **23.15** Korte grøss. Von Stauffenbergs frimerke **23.40** Svisj gull

## SVT 1

**12.05** Du har mail **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Norsk attraktion **15.25** AnneMat **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.15** Go'kväll **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Andra Avenyn **19.50** Trapper happy tv **20.05** True Blood **20.50** X-Games **21.35** Inför Eurovision Song Contest 2010 **22.35** Landet runt **23.50** Kvartersdoktorn




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta oftast á klassík þar sem popp og söngtextar geta verið truflandi við skriftir. Síðasta hálfa árið hef ég hlustað á tónlist Karls Pestka í átta tíma á dag, en hann semur tónlistina í kvikmyndinni Boðberi.“*

Hjálmar Einarsson kvikmyndagerðarmaður.

# Svona hljómaði brandari Eiðs Smára

Eiður Smári Guðjohnsen er heldur betur í kastljósi breskra fjölmiðla eftir að götublaðið Daily Star birti flennistóra mynd af honum á forsíðu blaðsins og frétt um að þarna hafi hann heilsað að hætti nasista. Málið þykir mikið hneyksli í Bretlandi.

Eiður og fjölmiðlafulltrúi hans, Eggert Skúlason, hafa lýst því yfir að knattspyrnuhetjan hafi verið að segja brandara um Mexíkó. Fréttablaðið hefur komist á snoðir um hvernig brandarinn hljómar og er hann birtur hér á ensku með íslenskri þýðingu fyrir aftan og útskýringum á látbragðinu: „I know some words in mexican,“ eða „Ég kann nokkur orð á mexíkósku.“ (áheyrendur spyrja hvaða orð það séu og brandarakarlinn setur tvo fingur yfir efri vörina á sér til að mynda yfirvaraskegg eins og erkitýpa Mexíkóa er hvað þekktust fyrir að bera og segir: „Hey Gringo, how much for your wife and children?“ sem myndi útleggjast „Heyrðu Gringo, hversu mikið fæ ég fyrir konuna þína og börnin?“ Brandarinn gengur semsagt út á það að sá sem segir brandarann kunni ekki stakt orð í mexíkósku heldur segi eftirfarandi orð á ensku. Rétt er að halda því til haga að opinbert tungumál í Mexíkó er spænska.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var það tilviljun ein að hönd Eiðs, sem í Daily Star er sögð hafa verið nasistakveðjan, sé í þeirri stöðu sem myndin sýnir. Hún tengist allavega ekkert brandaranum. Þá herma sömu heimildir að myndin sé tekin í gegnum glugga skemmtistaðarins á miðnætti, skömmu eftir að staðnum var lokað. Með Eiði í för var meðal annars enski landsliðsmaðurinn Frank Lampard en ekki er vitað hvort honum fannst brandarinn um Gringo fyndinn. - fgg



**HEY GRINGO** Eiður Smári á forsíðu Daily Star. Hann var að segja brandara um Mexíkóa en ekki heilsa að hætti nasista. Frank Lampard hlustaði á gamanmál Eiðs en ekki er vitað hvort hann hafi hlegið.



**LÁRÉTT 2.** bréfbera, **6.** tímaeining, **8.** samstæða, **9.** meðal, **11.** ekki heldur, **12.** rithöfundur, **14.** bolur, **16.** í röð, **17.** berja, **18.** skelfing, **20.** hljóm, **21.** land í asíu.

**LÓÐRÉTT 1.** elds, **3.** org, **4.** skordýr, **5.** viður, **7.** heimilistæki, **10.** fum, **13.** umrót, **15.** jarðgöng, **16.** tæki, **19.** skst.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** póst, **6.** ár, **8.** par, **9.** lýf, **11.** né, **12.** skáld, **14.** stofn, **16.** tu, **17.** slá, **18.** ógn, **20.** óm, **21.** laos.
**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** óp, **4.** sandfló, **5.** tré, **7.** ryksuga, **10.** fát, **13.** los, **15.** náma, **16.** tól, **19.** no.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1 Ragna Lóa Stefánsdóttir.
2 Lára V. Júlíusdóttir.
3 50 ára.






## MARGRÉT ERLA MAACK: BEINT FRÁ MEXÍKÓ Í KASTLJÓSIÐ

# Ekkert grín að feta í fótspor Ragnhildar Steinunnar

„Jú, þetta er rétt. Ég get þó róað bæði aðdáendur Ragnhildar og hlustendur Rásar 2 að þetta er bara tímabundið og ég mun snúa aftur í útvarpið þegar Ragnhildur kemur úr fæðingarorlofinu,“ segir Margrét Erla Maack útvarpskona. Margréti hefur verið falið það snúna verkefni að fylla það skarð sem Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir skilur eftir sig í Kastljósi Sjónvarpsins en eins og alþjóð veit á sjónvarpskonan von á sínu fyrsta barni. Margrét mun birtast á skjánum í ágúst.

Margrét er ekki alveg blaut á bakvið eyrun þegar kemur að sjónvarpi því hún hóf feril sinn í Efstaleitinu sem skrifta hjá Evu Maríu Jónsdóttur og þætti hennar. „Þannig að ég er eiginlega að fara á gamla staðinn minn,“ segir Margrét sem kveðst reiðubúin til kvitta upp á það að Eva sé hennar fyrirmynd þegar kemur að sjónvarpi. „Hún er allavega lærimeistarinn minn.“ Útvarpskonan viðurkennir jafnframt að hún sé logandi hrædd við að feta í fótspor Ragnhildar sem á sér dyggan áhorfendahóp meðal sjónvarpsáhorfenda. „En, eins og ég sagði áðan, þetta er bara tímabundið, hún kemur aftur og ég fer aftur í útvarpið,“ segir Margrét.

Útvarpskonan verður þó önnum kafin áður en hún skellir sér fyrir framan tökuvélarnar því hún er á leiðinni til Mexíkó í júlí ásamt fjórum ellefu ára gömlum börnum. „Ég er að fara með þau í alþjóðlegar sumarbúðir á vegum Sameinuðu þjóðanna. Eða það er svona styttri útskýringin á þessu verkefni,“ segir Margrét sem hoppar því beint inn í Kastljósið þegar þeirri ævintýradvöl lýkur. Margrét er fyllilega meðvituð um að sjónvarp og útvarp séu tveir ólíkir heimar og hún segist eiga eftir að sakna þess að geta ekki bara mætt nánast ótilhöfð í vinnuna.

Margrét og samstarfskona hennar, Heiða Ólafsdóttir, hafa nánast verið eins og samlokur síðan útvarpsþátturinn H&M hóf göngu sína og Margrét þvertekur fyrir að sjónvarpsferillinn eigi eftir að setja mark sitt á vináttuna. „Nei, við erum tvær þroskaðar konur og kunnum að samgleðjast hvor annarri.“

freyrgigja@frettabladid.is



**NÝTT ANDLIT Í KASTLJÓSINU** Margrét Erla Maack fær það vandasama hlutverk að fylla skarð Ragnhildar Steinunnar þegar hún fer í fæðingarorlof. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**DROTTNINGIN** Ragnhildur Steinunn fer í fæðingarorlof.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Myndband sem gengur manna á milli á Netinu hefur vakið mikla athygli. Í fyrstu virðist myndbandið sýna hefðbundið laugardagskvöld í miðborg Reykjavíkur, en skyndilega bregður fyrir ljóshærðri stúlku að tala í símann. Hún skilur ekkert í manneskjunni á hinum enda línunnar sem virðist ekki meðtaka það sem hún er að segja. Glöggir áhorfendur þykjast sjá að stúlkan í símanum er **Tobba Marinósdóttir**, blaðamaður á Séð og heyrt. Sama fólk veltir fyrir sér hvort við fáum að lesa um atvikið í skáldsögu Tobbu sem er byggð á reynslusögum hennar og vinkvenna hennar og kemur út á næstunni.



Eurovisionbiblían ESCToday.com stendur fyrir sérstakri forkeppni á hverju ári þar sem fulltrúar þjóða sem taka þátt gefa lögunum stig líkt og í lokakeppninni. Hera Björk og félagar standa vel að vígi og eru í 8. sæti með 83 stig. Enn sem komið er hefur ein þjóð gefið íslenska laginu 12 stig: vinir okkar í Póllandi…



Þrjár þjóðir eru með nokkuð afgerandi forystu í forkeppni ESCToday.com: Ísrael og Þýskaland eru með 130 og 131 stig í harðri keppni um annað sæti, en efst trónir danska lagið með hvorki meira né minna en 150 stig. Lagið þykir afar sigurstranglegt og það má því velta fyrir sér hvort **Jóhanna Guðrún** nagi sig í handarbökin þar sem henni stóð til boða að syngja lagið ásamt dönskum söngvara. - afb








# Davíð hafnaði bón Steinda Jr.

„Davíð passaði svo vel í þetta hlutverk. Hann átti að vera einn af nokkrum vinum persónu sem kallast Faðir Thug,“ segir grínistinn Steindi Jr.

Þátturinn Steindinn okkar hóf göngu sína á Stöð 2 síðasta föstudag. Steindi er þekktur fyrir að fá alls kyns fólk til að koma fram í þáttunum og ætlaði að fá Davíð Oddsson, ritstjóra Morgunblaðsins, til að leika sjálfan sig í stuttu atriði.

„Það var rosalegt vesen að ná í hann,“ segir Steindi. „Ég hringdi í hverjum einasta degi í viku – stundum oft á dag. Hann svaraði ekki. Þegar ég náði loksins í hann skellti hann á mig og hringdi til baka úr leyninúmeri. Við ræddum saman og honum þótti rosalega vænt um að fá að sleppa við þetta – eins og hann orðaði það.“

Sannfæringarkraftur Steinda þykir ótrúlegur og frægt er þegar hann fékk veðurfréttamanninn Sigga storm og poppstjörnuna Haffa Haff til að leika par í atriði síðasta sumar. Steindi segir sárt að Davíð hafi ekki viljað taka þátt – en er engu síður ánægður með manninn sem sló til og lék einn af fjölmörgum valdamiklum félögum Föður Thug ásamt kraftakarlinum Magnúsi Ver. „Það var enginn annar en Ástþór Magnússon, maður fólksins,“ segir Steindi. „Hann gerði þetta með glöðu geði. Ég þurfti reyndar að selja honum hugmyndina, en atriðið er mjög saklaust.“

Spurður hvenær sjónvarpsáhorfendur fá að sjá atriðið segir Steindi að það verði að koma í ljós. „Fólk verður bara að fylgjast með þættinum,“ segir hann að lokum. - afb



**EKKERT GRÍN** Davíð Oddsson fór með gamanmál í útvarpi Matthildi snemma á áttunda áratugnum. Grínferill hans virðist hafa runnið sitt skeið þar sem hann vildi ekki koma fram í þætti Steinda Jr.


sumarferdir.is
Allt innifalið á
Tenerife
Takmarkaður sætafjöldi
á þessu ótrúlega tilboði!
Fanabe Costa Sur ☆☆☆☆
Herbergi í 1 viku
ALLT INNIFALIÐ
frá 119.899 kr.
m.v. brottför 20. júní
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Costa Adeje Gran Hotel ☆☆☆☆☆
Herbergi í 1 viku
ALLT INNIFALIÐ
frá 149.901 kr.
m.v. brottför 20. júní
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar
Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu
* Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting með öllu inniföldu.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega. Birt með fyrirvara um prentvillur.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vinirnir með



**Gísli Örn Garðarsson** verður viðstaddur heimsfrumsýningu Hollywood-stórmyndarinnar Prince of Persia sem fram fer í verslunarmiðstöðinni Westfield í miðborg Lundúna á laugardaginn. Mikið verður um dýrðir og verða aðalleikararnir Jake Gyllenhaal og **Gemma Arterton** að sjálfsögðu viðstaddir auk Gísla. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ætlar Gísli að taka nokkra vini sína með sér til London en umrædd frumsýning og aðdragandi hennar ku vera sú stærsta og umfangsmesta í kvikmyndasögu Bretlands. Henni verður meðal annars sjónvarpað beint í gegnum gervihnött til sex landa.



### Prison Break Sigurjóns



Fréttablaðið greindi frá því í gær að **Sigurjón Sighvatsson** væri að landa samningi við stórleikarann Nicolas Cage fyrir mynd sína Dark Highway. Sigurjón er einnig með aðra mynd í vinnslu, The Killer Elite, og samkvæmt kvikmyndabiblíunni Variety gekk Prison Break-stjarnan **Dominic Purcell** til liðs við þá mynd og hittir þar fyrir Jason Statham og Clive Owen.

- fgg



### Mest lesið VISIR.IS

1. Eiður Smári sakaður um nasisma
2. Tapaði í rússneskri rúllettu
3. Fréttin um Eið Smára fjarlægð af vef Daily Star
4. Bílstjóri seðlabankastjóra fór fýluferð norður í land
5. Selja gosösku um allan heim





